


**RAGNA SIGURÐARDÓTTIR**

*Bakar bollur eftir danskri uppskrift*

• matur • helgin

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**BALDVIN DUNGAL**

*Opnar verslun í miðborg Berlínar*

FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU





# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

4. desember 2009 — 287. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


# Vill einn skatt á laun og fjármagnstekjur

**Fjármálaráðherra vill sameina tekju- og fjármagnstekjuskatta í einn skattstofn. Formaður fjárlaganefndar vill íhuga upptöku nýs skattþreps á háar tekjur 2011.**

**SKATTAMÁL** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir mikilvægt að samræma tekju- og fjármagnstekjuskatt í einum skattstofni í þrepaskiptu skattkerfi. Þetta verði skoðað í endurskoðun skattkerfisins sem ljúka á 2011.

„Þetta er nú framtíðarmúsík, við gerum þetta svona í bili. Þetta er veruleg stefnubreyting og til bóta til tekjujöfnunar.“ Steingrímur segir þróunina vonandi verða að skattprósenta lækki í lægsta tekjuþrepinu.

Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður Fjárlaganefndar, vill skoða það að leggja á nýtt hátekjuþrep í tekjuskatti við endurskoðun skattkerfisins. Henni á að ljúka fyrir árið 2011.

Steingrímur er opinn fyrir þessum hugmyndum. Vel komi til greina að innleiða virkilegt há- eða ofurtekjuþrep.

Jón Steinsson, lektor í hagfræði við Columbia-háskóla í New York, sagði í grein í Fréttablaðinu í gær, segir óskiljanlegt að skattatillögur stjórnarinnar geri ekki ráð fyrir fjórða skattþrepinu á tekjur yfir eina milljón króna á mánuði. Íslenska skattkerfið sé lengst til hægri á meðal efnaðra ríkja innan OECD og langt til hægri við skattkerfi Bandaríkjanna.

Guðbjartur segir að tillögur ríkisstjórnarinnar um auðmannaskatt og hækkaðan fjármagnstekjuskatt séu til bóta. Nýtt þrep í hátekjuskatti gæti tekið gildi árið 2011, að mati Guðbjarts, að lokinni heildarendurskoðun kerfisins.

**- kóp, pg /** **sjá síðu 4**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**DAGUR HINS RAUÐA NEFS** Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna heldur í dag sérstakan Dag rauða nefsins á Íslandi. Safna á fé fyrir börn í fátækari löndum heimsins, gefa fólki tækifæri til að kynnast aðstæðum þeirra og rétta fram hjálparhönd með því að gerast heimsforeldrar. Í gær settu dansarar frá Danslistarskóla JSB upp rauðu nefin og glöddu gesti Kringlunnar með dansi og sprelli.

Guðmundur Steingrímsson er ósáttur við hegðun stjórnarandstöðunnar:

# Ekki fyrir svona vinnubrögð

**ALÞINGI** „Ég tek ekki þátt í þessu. Ég hyggst greiða atkvæði á móti Icesave-samningnum og hef lýst þeirri afstöðu minni og rökstutt í ræðu, en ég hef aldrei verið á leiðinni í neina stundaskrá um það að tala um þetta mál,“ segir Guðmundur Steingrímsson, þingmaður Framsóknarflokksins.

Guðmundur telur að ef stjórnin telji sig ekki geta náð betri samningum um Icesave eigi að leyfa henni að bera ábyrgð á því og taka næsta mál. Yfirbragð þeirrar pólitíkur sem einkenni Alþingi nú sé ekki fallegt. „Einhvern tíma vil ég fá að ýta á bjölluna og láta þá afstöðu mína í ljós og hinir láta sína afstöðu í ljós. Þannig virkar lýðræðið.“

Kristján Þór Júlíusson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segist skilja vel að menn þurfi að blása í málinu. Hann hefur þó ekki komið jafn oft í pontu og margir félagar hans. En hvenær verður gengið til atkvæða um málið?

„Það hlýtur að draga að því. Aumast er að vita í þessari umræðu að það er enn ákveðnum spurningum ósvarað.“ Hluti af skýringunni sé að málið hafi verið tekið órætt úr nefnd.

**- kóp, kóþ /** **sjá síðu 6**

## FÖSTUDAGUR



**Eflir hæfileika ungs fólks**

Þorbjörn Jensson, forstöðumaður Fjölsmiðjunnar, hlaut Barnamenningarverðlaun Velferðarsjóðs barna.

**TÍMAMÓT 36**



**Fjallabræður syngja fyrir heiminn**

Karlakórinn Fjallabræður tekur þátt í risavöxnu Love-verkefni.

**FÓLK 62**

**Vinnur með Katie Holmes**

Eva María Daniels er annar framleiðandi myndarinnar The Romantics með leikkonunni Katie Holmes í aðalhlutverki.

**FÓLK 62**



**Íhugar legkökunudd**

Landsliðsmaðurinn Arnór Smárason hefur verið lengi frá og íhugar núna að prófa nýjar leiðir.

**ÍÞRÓTTIR 56**

## VEÐRIÐ Í DAG




**Hvasst á annesjum** S- og V-til Í dag verður NA 10-15 m/s sunnan og vestantil en hægari vindur norðaustanlands og inn til landsins. Víða úrkoma en bjart SV-til framan af degi.

**VEÐUR 4**



**SPENNTUR** Kristján Gauti er að fá einstakt tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Kristján Gauti Emilsson:

# Sextán á leið til Liverpool

**FÓTBOLTI Hinn sextán ára gamli Kristján Gauti Emilsson mun líklega skrifa undir samning við enska stórliðið Liverpool á næstu dögum.**

**„Það kom tilboð frá Liverpool sem ég get ekki hafnað. Það er bara of ljúft,“ sagði Kristján Gauti.**

**Hann verður þriðji Íslendingurinn sem fær samning hjá þessu fornfræga félagi. Haukur Ingi Guðnason var fyrstur og fyrir hjá félaginu í dag er Guðlaugur Victor Pálsson.**

**- esá /** **sjá síðu 56**

Þorsteinn Már Baldvinsson:

# Stjórnvöld með öllu áhugalaus

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það verður að viðurkennast að miðað við það pólitíska ástand sem nú ríkir hér á landi er erfitt að tala um tækifæri í íslenskum sjávarútvegi,“ sagði Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, á fundi um framtíð greinarinnar í gær.

Samherji gerir út frá löndum innan Evrópusambandsins og sagði Þorsteinn eitt standa upp úr. Samskiptin við stjórnvöld ytra væru meiri og betri en hér heima. „Hér erum við yfirleitt hundsaðir og fáir tilbúnir að hlusta. Fólk sem getur ekki talað við landa sína, og gefur lítið fyrir flesta sem starfa í sjávarútvegi, mun engin áhrif hafa í Evrópusambandi.“

**- shá /** **sjá síðu 20**










## SPURNING DAGSINS



*Þórarinn, bauðstu upp á ömmupitsur?*

„Já, maður er alltaf til í að selja ömmu sína.“

Rithöfundurinn Þórarinn Leifsson bauð upp á gervimannakjöt á bókamessu í Kaupmannahöfn nýverið. Þar var hann að kynna bók sína sem fjallar um mannætur.

Fernt handtekið eftir að hafa hótað íbúa í Fossvogi með óhlaðinni loftbyssu:

# Handrukkun í Hörðalandi

**LÖGREGLUMÁL** Fernt var handtekið í fyrrakvöld eftir að hafa ruðst inn á ungan mann í Hörðalandi í Fossvogi og hótað honum með loftbyssu. Talið er að um handrukkun hafi verið að ræða.

Þrír karlmenn og ein kona, öll um tvítugt, voru handtekin skömmu eftir að faðir þess sem veist var að tilkynnti málið til lögreglu. Þau hafa öll komið við sögu lögreglu áður. Samkvæmt heimildum blaðsins hafði einn mannanna sig langsamlega mest í frammi.

Að sögn lögreglu bendir allt til þess að ruðst hafi verið inn á manninn til að innheimta hjá honum skuld, líkast til vegna fíkniefna.

Loftbyssan sem fólkið hafði með í för var óhlaðin og virtist eingöngu ætluð til hótana. Engu alvarlegu ofbeldi var beitt.

Í kjölfar handtakanna var gerð húsleit á heimili eins hinna handteknu og fundust þar fíkniefni í litlu magni og nokkuð magn af þýfi. Enn var verið að leggja mat á það í gær.

Fólkið var yfirheyrt fram á kvöld í gær og að því loknu sleppt úr haldi. - sh



**FOSSVOGUR** Fólkið hefur allt komið við sögu lögreglu áður. Í húsleit eftir handtökurnar fannst nokkuð magn af þýfi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Suðvesturlína:

# Ákvörðun verður kærð í dag

**UMHVERFISMÁL Ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki þurfi sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlínu og framkvæmdum henni tengdum verður kærð til umhverfisráðherra í dag. Þá rennur út frestur til kæru.**

**Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, segir samtökin vera að leggja lokahönd á kæru sem skilað verði inn í dag. Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, segir samtökin bíða greinargerðar lögmanns til að taka ákvörðun um hvort kært verður eður ei. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra úrskurðar í kærumálum.** - kóp

Í hart við saksóknara:

# Baldur krefst þess að rannsókn verði hætt

**DÓMSMÁL** Baldur Guðlaugsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, hefur krafist þess að rannsókn sérstaks saksóknara á meintum innherjasvikum hans verði hætt. Hann krefst þess einnig að kyrrsetning eigna hans verði felld úr gildi. Krafan verður tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur 8. desember.



**BALDUR GUÐLAUGSSON**

Krafa Baldurs byggist einkum á því að í maí á þessu ári hafi Fjármálaeftirlitið tilkynnt honum að ekki yrði frekar aðhafst í málinu. Það var síðan tekið upp á ný eftir að nýjar upplýsingar bárust.

Rannsóknin snýst um sölu Baldurs á hlutabréfum í Landsbankanum fyrir á annað hundrað milljóna skömmu fyrir hrun, og hvort hann bjó þá yfir innherjaupplýsingum um stöðu bankans. - sh

Árni Þór Sigurðsson:

# Íslenskar inneignir á Icesave

**ALÞINGI Árni Þór Sigurðsson, þingmaður VG, hefur beint fyrirspurn til Gylfa Magnússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra um inneignir íslenskra ríkisborgara á Icesave-reikningum Landsbankans.**

**„Hversu margir íslenskir ríkisborgarar áttu inneignir á svonefndum Icesave-reikningum í Bretlandi og Hollandi árið 2008, hvar voru þeir búsettir og hversu háar voru fjárhæðirnar?“ spyr Árni Þór og óskar eftir skriflegu svar á Alþingi.** -pg

# Ákærður fyrir 118 milljóna fjárdrátt

**Fyrrverandi framkvæmdastjóri úr Landsbankanum, Haukur Þór Haraldsson, hefur verið ákærður fyrir að draga sér 118 milljónir af fé bankans. Málið getur haft áhrif á afgreiðslu 148 milljóna króna launakröfu Hauks í þrotabú bankans.**

**DÓMSMÁL** Saksóknari efnahagsbrota hefur gefið út ákæru á hendur Hauki Þór Haraldssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra rekstrarsviðs Landsbankans, fyrir að draga sér rúmar 118 milljónir af fé bankans. Er þetta fyrsta sakamálið tengt bankahruninu sem leiðir til ákæru.

Hinn 8. október í fyrra, tveimur dögum eftir setningu neyðarlaganna, lét Haukur millifæra 118 og hálfa milljón króna inn á eigin reikning af innlendum gjaldeyrisreikningi á vegum dótturfélags Landsbankans sem skráð var í skattaskjólinu Guernsey. Daginn eftir flutti hann féð svo aftur yfir á annan reikning í sinni eigu.

Féð hafði legið óhreyft á reikningi félagsins NBI Holding í nokkur ár. Haukur var prókúruhafi félagsins og eini Íslendingurinn í stjórn þess. NBI Holding var í eigu sjóðs á Guernsey á vegum Landsbankans og var notað til að sýsla með hlutabréf sem bankinn vildi halda utan við efnahagsreikning sinn.

Málið hefur verið til rannsóknar undanfarið ár og hefur Haukur frá upphafi neitað því að hafa framið lögbrot, en brot sem þetta varðar allt að sex ára fangelsi.

Haukur hefur haldið því fram að hann hafi með millifærslunum verið að reyna að bjarga fé bankans, enda hafi ekki legið ljóst fyrir hvort íslenska ríkið myndi ábyrgjast innstæður bankans á aflandsreikningum.

Þetta telur lögregla hins vegar ekki trúverðuga skýringu og hefur því ákveðið að ákæra hann.



**LANDSBANKINN** Haukur hefur frá upphafi neitað sök. Hann hafi ekki ætlað að hagnast persónulega, heldur hafi verið að reyna að forða fjármunum bankans frá því að brenna upp í hruninu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## GERIR 148 MILLJÓNA LAUNAKRÖFU

Sakborningurinn Haukur Þór Haraldsson gerir 148 milljóna króna launakröfu í þrotabú Landsbankans, en enn á eftir að taka afstöðu til allra launakrafna í búið.

Kristinn Bjarnason, sem situr í slitastjórn bankans, vill ekki tjá sig sérstaklega um mál Hauks. Hann segir þó aðspurður að vissulega geti mál eins og það sem Haukur Þór er sakaður um haft áhrif á afstöðu slitastjórnarinnar til launakröfunnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Haukur ekki getað bent á neinn innan bankans sem vissi af millifærslunum og svo virðist sem hann hafi ekki sagt nokkrum manni frá þeim.

Hauki, sem er 49 ára, var sagt upp störfum þegar málið komst upp og voru peningarnir endurheimtir af reikningi hans.

Ákæran verður þingfest 16. desember.

Ekki náðist í Hauk við vinnslu fréttarinnar. stigur@frettabladid.is



**NAUTAKJÖT** Þrefalt minna hefur verið flutt inn af nautakjöti í ár en flutt var inn í fyrra.

Kjötinnflutningur að hrynja:

# Útlenda kjötið að tapa fótfestu

**LANDBÚNAÐUR** Dregið hefur gríðarlega úr innflutningi á kjöti á þessu ári miðað við í fyrra. Samkvæmt Bændablaðinu nam innflutningurinn rúmum 566 tonnum frá áramótum og til loka október. Á sama tíma í fyrra var innflutningurinn orðinn 1.108 tonn á því ári. Hlutfallslega minnkar innflutningur á nautakjöti mest, um nærri 68 prósent – er nú 102 tonn en var 316 tonn fyrstu tíu mánuðina í fyrra. Tölurnar fyrir alifuglakjöt eru 281 tonn í ár miðað við 480 tonn í fyrra. Þá minnkaði innflutningur á svínakjöti um nærri helming, var 154 tonn í ár en 274 tonn í fyrra. Athygli vekur að á þessu ári hefur verið flutt inn 61 tonn af kindakjöti. Ekkert var flutt inn af því kjöti árið 2008. - gar

## INNFLUTT KJÖT

| Janúar - október | 2009 | 2008 |
|---|---|---|
| | Tonn | Tonn |
| Alifuglakjöt | 281 | 480 |
| Nautakjöt | 102 | 316 |
| Kindakjöt | 61 | 0 |
| Svínakjöt | 154 | 274 |
| Aðrar kjötvörur | 29 | 20 |
| Samtals | 566 | 1.108 |

Heimild: Bændablaðið.






Rauði krossinn sendir fullan gám af hjálpargögnum til fimbulkaldra svæða:

# Ungbarnapakkar til Hvíta-Rússlands

**HJÁLPARSTARF** Starfsmenn Rauða krossins á Íslandi fylltu í gær gám af gjöfum sem ætlaðar eru hvítrússneskum ungbörnum og öðrum sem búa við þröngan kost þar í landi.

Í ungbarnapökkunum, sem sjálfboðaliðar um allt land hafa útbúið undanfarnar vikur, eru sokkar, húfur, treflar og peysur sem sjálfboðaliðar hafa prjónað og fyrirséð er að gagnist vel í þeim fimbulkulda sem er í Hvíta-Rússlandi um vetur. Þá eru einnig í pökkunum samfestingar, bleyjur, handklæði og annað sem að gagni gæti komið.

Með í gámnum verða flísteppi og skór, sem dreifa á til munaðarleysingjahæla í landinu, og til barnmargra, fátækra fjölskyldna, einkum til sveita. Hluti af flísteppunum verður settur í vöruhús til dreifingar til þolenda hamfara af ýmsu tagi.

Í tilkynningu frá Rauða krossinum segir að fjöldi fjölskyldna í Hvíta-Rússlandi búi í örbirgð, húshitunarkostnaður hafi hækkað verulega, laun lækkað og félagsleg vandamál aukist.

Gámurinn leggur af stað yfir hafið eftir helgi. - sh



**RAÐAÐ Í GÁMINN** Hópur sjálfboðaliða fyllti þennan gám af hjálpargögnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# HELGARTILBOÐ!

Ath. tilboðin gilda 04.12.09 til 06.12.09



SPARIÐ 50.000,-



EATON SÓFSETT 3 + 2 VERÐ ÁÐUR: 139.900,-

## 89.900,-

**EATON sófasett**
Einstaklega flott leðursófasett
með krómfótum. Litur: Svartur.
Stærð á 2ja sæta: B153 x H90 x D91 sm.
Stærð á 3ja sæta: B210 x H90 x D91 sm.

SPARIÐ 30.000,-





RUDI SÓFSETT 3 + 2 VERÐ ÁÐUR: 89.900,-

## 59.900,-

**RUDI sófasett 3 + 2**
Nett sófasett á frábæru verði.
Litur: Dökkbrúnn.
2ja sæta: B140 x H6 x D84 sm.
3ja sæta: B194 x H86 x D84 sm.



CAMEL TUNGUSÓFI VENJULEGT VERÐ: 99.900,-

## 59.900,-

40% AFSLÁTTUR

**CAMEL tungusófi**
Stílhreinn og fallegur tungusófi með míkrófíber áklæði sem er einstaklega þægilegt að þrífa.
Stærð: B230 sm. D80 sm. H69 sm. Tunga: 160 sm.
Frábær sófi á frábæru verði!



SPARIÐ 40.000,-

3JA SÆTA SÓFI VERÐ ÁÐUR: 109.900,-

## 69.900,-

**MARIE sófi**
Glæsilegur sófi með PU áklæði. Stærð: B217 x H85,5 x D91 sm.
Frábær sófi á frábæru verði!



OKLAHOMA BORÐ + 4 STÓLAR VERÐ ÁÐUR: 59.900,-

## 39.900,-

SPARIÐ 20.000,-

**OKLAHOMA borð + 4 stólar**
Fallegt borð og stólar í stíl.
Borð stærð 100 x 200 sm.

**GAMMA borð + 4 stólar**
Glæsilegt borð úr gegnheilli olíuborinni eik.
Stólar í stíl. Borð stærð 90 x 180 sm.



SPARIÐ 40.000,-

GAMMA BORÐ + 4 STÓLAR VERÐ ÁÐUR: 94.900,-

## 54.900,-

## GENGIÐ 03.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 120,98 | 121,56 |
| Sterlingspund | 201,58 | 202,56 |
| Evra | 183 | 184,02 |
| Dönsk króna | 24,588 | 24,732 |
| Norsk króna | 21,715 | 21,843 |
| Sænsk króna | 17,815 | 17,919 |
| Japanskt jen | 1,3764 | 1,3844 |
| SDR | 194,95 | 196,11 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,6056

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Leiðangur staðfestir að yfir fjörutíu prósent íslenska síldarstofnsins eru sýkt:

# Veiðistofn minni en talið var

**SJÁVARÚTVEGUR** Bráðabirgðaniðurstöður rannsóknarleiðangurs Hafrannsóknastofnunar staðfesta að sýkingin í íslensku sumargotssíldinni nær til yfir fjörutíu prósenta af stofninum. Jafnframt benda niðurstöður til þess að veiðistofninn sé minni en talið var eftir mælingar í október.

Í leiðangri Hafró, sem lauk á miðvikudag, var metið magn og útbreiðsla sumargotssíldar við Ísland. Verkefnið, sem stóð í sautján daga var unnið í samstarfi við útgerðir síldveiðiskipa, sem könnuðu hluta rannsóknasvæðisins.

Dröfn RE kannaði veiðisvæðið við Breiðafjörð auk þess sem gerð var athugun á útbreiðslu og mergð smásíldar allt frá Breiðafirði, vestur um að Öxarfirði. Síldveiðiskipin Börkur NK, Háberg EA, Faxi RE, Lundey RE og Álsey VE tóku þátt í mælingum á svæðinu frá miðjum Austfjörðum suður um að Breiðafirði.



**SÍLDVEIÐI** Í fyrra veiddist síldin upp í harðafjöru á Breiðafirði og við Suðurnes. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ástæður þess mismunar sem kom fram á stærð veiðistofnsins geta verið ýmsar; mæliskekkja og aðstæður til mælinga sem voru ekki taldar eins góðar nú og þær voru í október vegna dreifingu síldarinnar og slæms veðurs.

Hafrannsóknastofnunin mun áfram fylgjast með ástandi sýkingar í stofninum á komandi vikum í samstarfi við veiðiskip og með leiðangri í janúar. - shá

Hæstiréttur þyngir dóm:

# Hafði samræði við tólf ára

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt 22 ára karl í 18 mánaða fangelsi, þar af 15 á skilorði, fyrir að hafa samræði við tólf ára stúlku í júlí 2007. Honum er gert að greiða stúlkunni 400 þúsund krónur í skaðabætur.

Maðurinn og stúlkan spjölluðu nokkrum sinnum saman á netinu áður en þau hittust. Hann bauð henni heim til sín til að horfa á mynd. Það endaði með því að maðurinn hafði samræði við hana, auk fleiri kynlífsathafna.

Héraðsdómur hafði áður dæmt manninn í fimmtán mánaða fangelsi, þar af tólf á skilorði. - jss

Draumur rættist á Skjaldfönn:

# Þyngstu dilkar í sögu landsins

**LANDBÚNAÐUR** Íslandsmet hefur verið sett á Skjaldfönn í Ísafjarðardjúpi í þyngs dilkakjöts, að því er kemur fram í Bændablaðinu.



INDRIÐI AÐALSTEINSSON

Þar segir að meðalþyngd dilkanna hafi verið yfir fjörutíu kíló á hverja kind með lambi. Bændablaðið segir þennan árangur bændanna Indriða Aðalsteinssonar og Kristbjörgu Lóu Árnadóttir á Skjaldfönn vera afrek.

„Má segja að þau smeygi sér inn fyrir Gullna hliðið,“ segir blaðið og vitnar í tólf ára gamalt viðtal þar sem þau hjón einmitt lýstu því takmarki sínu að má meðalþyngdinni yfir 40 kíló. - gar

## ÖRYGGISMÁL

### Sveitir sameinast

Björgunarsveitin í Dalvík og Björgunarsveit Árskógsstrandar hafa verið sameinaðar og starfa nú undir merkjum Björgunarsveitar Dalvíkur.

## LEIÐRÉTTING



Ranghermt var í Fréttablaðinu í gær að bílarnir hér að ofan væru í eigu SP-fjármögnunar. Myndin er frá umráðasvæði fjármögnunarfyrirtækisins Lýsingar við Hafnarfjarðarhöfn.



**SKATTBYRÐI** Upplýsingar um tekjuskiptingu á Íslandi eftir hrunið liggja ekki fyrir. Þeirra verður aflað við endurskoðun skattkerfisins, sem á að ljúka á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill nýtt skattþrep á háar tekjur frá 2011

**Formaður fjárlaganefndar vill skoða nýtt skattþrep að lokinni endurskoðun skattkerfisins. Gæti tekið gildi árið 2011. Ríkisstjórnin endurvekur jaðarskattana, segir Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins.**

**EFNAHAGSMÁL** Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður fjárlaganefndar Alþingis, segir til greina koma að leggja á nýtt hátekjuþrep í tekjuskatti við endurskoðun skattkerfisins sem á að ljúka við fyrir árið 2011.

Jón Steinsson, lektor í hagfræði við Columbia-háskóla í New York, sagði í grein í Fréttablaðinu í gær að erfitt væri að skilja af hverju þær skattatillögur ríkisstjórnarinnar, sem bíða meðferðar Alþingis, geri ekki ráð fyrir „fjórða skattþrepi á tekjur yfir einni milljón króna á mánuði og ef til vill fimmta skattþrepi á tekjur yfir svo sem 2,5 milljónir króna á mánuði.“ Hann segir íslenska skattkerfið hið hægrisinnaðasta meðal efnaðra ríkja innan OECD og langt til hægri við skattkerfi Bandaríkjanna.

Guðbjartur segir rétt að skattkerfið hafi verið afar hægrisinnað undanfarin ár: „Það dró í sundur með þeim sem höfðu minni tekur og þeim sem höfðu betri tekjur í skattkerfinu eins og það var áður.“ Guðbjartur telur að tillögur ríkisstjórnarinnar um auðmannaskatt og hækkaðan fjármagnstekjuskatt séu til bóta hvað þetta varðar.

Hann segir að nýtt þrep í hátekjuskatti gæti tekið gildi 2011 að lokinni þeirri heildarendurskoðun skattkerfisins sem fram undan er. Þetta hafi ekki verið gert í þessari atrennu enda sé mikilvægt að endurskoða kerfið í heild og kanna áhrif persónuafsláttar á skattbyrðina. Hann vill ekki nefna prósentur og fjárhæðir sem miða eigi við. „Eitt af því sem mikilvægt er að skoða er hvernig tekjuskiptingin er í dag. Hún hefur breyst mikið í hruninu.“

Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er ósammála og segir að lýsing Jóns Steinssonar á íslenska skattkerfinu sé ekki rétt enda vanti inn í hana að tekið sé tillit til áhrifa persónuafsláttar. „Sambland persónuafsláttar og skattprósentu gerir að verkum að íslenska tekjuskattkerfið er stighækkandi; því hærri tekjur, því hærri prósentu greiðir fólk í skatt.“

Guðlaugur Þór vísar líka á bug flokkun Jóns Steinssonar í hægri- og vinstrisinnuð skattkerfi. Fáein ár séu síðan vinstriflokkar á Íslandi kvörtuðu undan háum jaðarsköttum í íslenska skattkerfinu. Nú séu ríkisstjórnarflokkarnir að endurvekja jaðarskattana. „Ef þessar skattkerfisbreytingar ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga munu þær þýða hækkun skatta á allar tekjur,“ segir Guðlaugur Þór.

peturg@frettabladid.is

Skuldir Róberts Wessmann:

# Skilanefnd fær hlut í Actavis

**VIÐSKIPTI Skilanefnd Glitnis gæti eignast tíu prósenta hlut Salt Investments í lyfjafyrirtækinu Actavis, að því er segir á visir.is. Róbert Wessmann á Salt Investments sem skuldar Glitni tæplega tuttugu milljarða króna. Skuldin er vegna kaupa á hlutabréfum í Glitni, meðal annars kaupa sem voru gerð örfáum dögum fyrir fall bankans og hafa verið kölluð verstu viðskipti ársins. „Þá er enn óvissa hvort hægt er að rifta seinni kaupum Róberts í Glitni en hann hefur lýst yfir að hann hyggist sækja það mál. Hins vegar má ekki lögsækja gömlu bankana á meðan þeir eru í greiðslustöðvun,“ segir á Vísi.** - gar



RÓBERT WESSMANN

Danska utanríkisráðuneytið:

# Bænaturnafrétt skapar vanda

**KAUPMANNAHÖFN** Röng frétt á netútgáfu arabíska dagblaðsins Gulf Times veldur því að danska utanríkisráðuneytið sér sig knúið til að leita leiðréttingar. Í fréttinni segir frá því að Danir ætli, líkt og Svisslendingar, að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um það hvort heimilt verði að reisa bænaturna á moskur múslima í Danmörku.

Eftir uppþotin vegna teikninga af Múhameð spámanni í Jótlandspóstinum fyrir nokkrum árum eru Danir passasamir á slíkar rangfærslur. „Við reynum að slökkva alla slíka smáelda sem kvikna,“ hefur Politiken eftir Klavs A. Holm sendiherra. - gar






## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir
Veðurfréttamaður

### VINDASÖM HELGI

Horfur eru á strekkingi víða við suður- og vesturströndina í dag en hægari vindi annars staðar. Laugardagurinn heilsar með úrkomu en síðan léttir til suðvestan- og vestanlands er líður á daginn. Á sunnudaginn verður þurrt að mestu N- og V-til.



Á MORGUN
10-15 m/s, lægir er líður á daginn.

SUNNUDAGUR
Hvasst sunnan og vestanlands.

### HEIMURINN

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 20° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 4° |
| Billund | 7° |
| Eindhoven | 8° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 3° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 8° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 12° |
| Orlando | 18° |
| Ósló | 1° |
| París | 7° |
| San Francisco | 19° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




**OPIÐ TIL 22:00 í Smáralind til jóla**

**LAMBAPRIME**
**2.099** kr/kg.
Merkt verð 2.998.-

## LAMBAPRIME MEÐ KORNA SINNEPI, HVÍTLAUK, MINTU OG SPÍNATSALATI fyrir 4

*að hætti Rikku*

800 g Íslandslamb lambaprime
3 hvítlauksrif, pressuð
3 msk korna sinnep (Edmond Fallot)
2 msk söxuð fersk minta
1 msk saxað ferskt kóríander
1 msk Ítalía ólífuolía
Salt og pipar

Hitið ofninn í 200° C. Blandið saman hvítlauknum, sinnepinu, fersku krydd-jurtunum og olíunni. Raðið lambinu á ofnplötu, kryddið það með salti og pipar og berið sinnepsblönduna á það. Bakið í ofni í u.þ.b 13-15 mínútur.

1 eggaldin
1 msk Ítalía ólífuolía
2 hvítlauksrif, pressuð
2 msk söxuð kóríanderlauf
1 tsk kardimommufræ
1 tsk kanill
200 g forsoðnar kjúklingabaunir
2 msk söxuð fersk steinselja
Salt og pipar
150 g ferskt Holt & Gott spínat

Skerið eggaldinið í bita og stráið salti yfir. Látið það standa í 15-20 mínútur. Hitið olíuna á pönnu og steikið hvít-laukinn ásamt kóríander og kryddunum í eina mínútu. Bætið eggaldininu út í og steikið í 3 mínútur. Bætið að lokum kjúklingabaununum og steinseljunni út í og steikið í aðrar 3 mínútur. Kryddið með salti og pipar og setjið ofan á spínatið. Berið fram með lambakjötinu.

Kkal: 678/ 35% RDA
Prótín: 71.4 g/ 142% RDA
Fita: 29 g/ 45% RDA
Kolvetni: 35.4 g/ 12% RDA
A-vítamín: 3593 IU/ 72% RDA
Fólín: 199 mcg/ 102% RDA
B12-vítamín: 5 mcg/ 84%RDA
Járn: 8.4 mg/ 47% RDA
* Ráðlagður dagskammtur (RDA) er miðaður við 2.000 hitaeininga orkuþörf.




**1.947** kr/kg.
Merkt verð 2.995.-

**Kalkúnabringur**




**1.817** kr/kg.
Merkt verð 2.595.-

**Kalkúnalundir**




ÓDÝRT Í HAGKAUP

**549** kr/kg.
Merkt verð 1.098.-

**Rifjasteik**



ÓDÝRT Í HAGKAUP

**1.379** kr/kg.
Merkt verð 2.298.-

**Nautagúllas**
Nautaat

## JÓLA EPLIN ERU KOMIN Í VERSLANIR HAGKAUPS!



Ambrosia | Fuji | Gul epli | Græn epli | Jonagold | Konfekt epli | Rauð epli | Royal gala | Spartan

*komdu og fáðu nýja uppskeru af jóla eplum*

JÓA FEL SÓSUR
**399** kr/stk.




16" PIZZUR FERSKAR
**998** kr/stk.




MACINTOSH 2.418 KG
**2.999** kr/stk.




HÁMARK EIN Í KÖRFU!

*jóla klementínur komnar!*




KLEMENTÍNUR ROBIN 2.3 KG
**799** kr/kassinn



GLASSÚR
**189** kr/stk.




MERRILD BLACK KAFFI
**399** kr/pk.

**OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær
24 Hagkaup

Gildir til 6. desember á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP *fyrir Íslendinga í 50 ár*

**KJÖRKASSINN**



*Ætti að kæra þá frambjóðendur til Alþingis sem ekki skila fjárhagslegu uppgjöri samkvæmt lögum?*

| | |
|---|---|
| Já | 87,6% |
| Nei | 12,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er umræða stjórnarandstöðunnar á Alþingi um Icesave-samninginn orðin of löng?*

vísir

Hæstiréttur staðfestir dóma yfir Papeyjarsmyglurum:

# Tveir fengu tíu ára fangelsisdóm

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur, í svokölluðu Papeyjarmáli, yfir þremur fíkniefnasmyglurum sem reyndu að smygla rúmum 55 kílóum af amfetamíni, tæpum 54 kílóum af kannabisefnum og 9.432 e-töflum til landsins. Fíkniefnin voru flutt áleiðis til Íslands frá Belgíu með skútunni Sirtaki, en slöngubát síðan siglt til móts við hana. Efnin voru flutt milli báta og slöngubátnum síðan siglt með efnin til Djúpavogs. Þaðan voru efnin flutt yfir í bifreið og henni ekið áleiðis til Selfoss, en lögregla stöðvaði hana við Höfn og lagði hald á þau.

Dómur Hæstaréttar fól í sér þá breytingu að gæsluvarðhald sem Peter Rabe og Árni Hrafn Ásbjörnsson sættu við rannsókn málsins skyldi dragast frá fangelsisdómi þeirra. Peter fékk tíu ára dóm en Árni Hrafn fékk níu ára dóm.

Auk þeirra hlaut Rúnar Þór Róbertsson tíu ára fangelsisdóm. Þessir þrír voru gripnir um borð í skútunni Sirtaki á leið út úr íslenskri lögsögu.

Jónas Árni Lúðvíksson fékk fimm ára dóm, Pétur Kúld Pétursson þriggja og hálfs árs dóm og Halldór Hlíðar Bergmundsson fékk þriggja ára dóm. - jss



**SMYGLSKÚTAN** Mennirnir reyndu að flýja á smyglskútunni.

Indefence-hópurinn:

# Yfir 20.000 undirskriftir

**STJÓRNMÁL** Rúmlega 20.000 manns hafa skrifað undir áskorun á heimasíðu Indefence-hópsins, að því er segir í tilkynningu frá honum. Fjöldi undirskrifta nálgist viðmið frumvarps um þjóðaratkvæðagreiðslur, sem bíður afgreiðslu Alþingis, um að tíu prósent kosningabærra manna geti knúið fram slíka kosningu.

Hópurinn segir „ólíðandi að fjármálaráðherra hafi verið beittur þvingunum til að samþykkja Icesave samninga“. Þjóðin geti sent Bretum og Hollendingum skilaboð um að hún sætti sig ekki við annað en núgildandi fyrirvara. - kóþ






**HLÝTT Á RÆÐUHÖLD** Hart var tekist á við upphaf þingfundar í gær um þá ákvörðun stjórnarmeirihlutans að efna enn á ný til kvöldfundar um Icesave. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ekki fallegt yfirbragð á Icesave-umræðum

**Þingmaður Framsóknar segist ekki taka þátt í skipulögðu málþófi stjórnarandstöðu því lýðræði felist í því að láta afstöðu sína í ljós. Hann finni sig ekki í þessu. „Ég er ekki mikið fyrir svona vinnubrögð á þingi,“ segir Guðmundur Steingrímsson.**

**STJÓRNMÁL** Telji stjórnin sig ekki geta náð betri samningi um Icesave á að leyfa henni að bera ábyrgð á því og taka fyrir næsta mál. Mörg önnur mál þarf að ræða. Yfirbragðið á þeirri pólitík sem er ástunduð á Alþingi þessa dagana, þar sem málþófið er þaulskipulagt, er ekki fallegt.



**GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON**

Þetta er skoðun Guðmundar Steingrímssonar, þingmanns Framsóknar, á stundatöflu stjórnarandstöðunnar sem sagt var frá í blaðinu í gær. „Ég tek ekki þátt í þessu. Ég hyggst greiða atkvæði á móti Icesave-samningnum og hef lýst þeirri afstöðu minni og rökstutt í ræðu, en ég hef aldrei verið á leiðinni á neina stundaskrá um það að tala um þetta mál,“ segir hann.

Guðmundur telur mikilvægara að taka önnur mál á dagskrá og hefur aldrei verið hrifinn af málþófi.

„Ég tel eðlilegast að menn eigist við með rökum og setji þau skýrt fram með innihaldi en ekki magni. Mál eiga að geta haft sinn framgang og um þau greidd atkvæði. Mér finnst yfirbragðið á þessari pólitík ekkert sérstaklega fallegt og þess vegna finn ég mig engan veginn í þessu og tek ekki þátt í þessu,“ segir hann.

Nú séu gríðarlega mörg verkefni sem þurfi að taka ákvarðanir um.

„Einhvern tíma vil ég fá að ýta á bjölluhnappinn og láta afstöðu mína í ljós. Þá láta hinir sína afstöðu í ljós líka. Þannig virkar lýðræðið,“ segir Guðmundur og telur mikilvægt að almenningur viti að ekki allir stjórnarandstöðuþingmenn taki þátt í málþófinu: „Ég er ekki mikið fyrir svona vinnubrögð á þingi,“ segir hann.

klemens@frettabladid.is

## MÁLÞÓFSLISTINN

Eftirtaldir þingmenn eru á stundaskrá stjórnarandstöðunnar fyrir Icesave-umræður. Á listanum sést hvenær þeir stíga í pontu, hve lengi þeir tala (tuttugu mínútur), og hvenær þeir stíga niður. Þá sést hvaða tveir þingmenn veita andsvör og hve miklum tíma þeir eyða í þau (fimmtán mínútum). Einnig er gert ráð fyrir athugasemdum Illuga Gunnarssonar um fundarsköp, að lokinni ræðu hans. Stjórnarandstaðan var búin að skipuleggja málþóf frá klukkan 16.00 til 01.30.

*Ásbjörn Óttarsson*
*Birgir Ármannsson*
*Birgitta Jónsdóttir*
*Birkir Jón Jónsson*
*Einar K. Guðfinnsson*
*Eygló Harðardóttir*
*Guðlaugur Þór Þórðarson*
*Gunnar Bragi Sveinsson*
*Höskuldur Þórhallsson*
*Illugi Gunnarsson*
*Jón Gunnarsson*
*Margrét Tryggvadóttir*
*Ólöf Nordal*
*Pétur Blöndal*
*Ragnheiður Elín Árnadóttir*
*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson*
*Sigurður Ingi Jóhannsson*
*Siv Friðleifsdóttir*
*Tryggvi Þór Herbertsson*
*Þór Saari*







Enn deilt um kvöldfundi á Alþingi vegna Icesave-frumvarpsins:

# Fer að valda þjóðinni skaða

**ALÞINGI** Þingmenn tókust hart á við upphaf þingfundar í gærmorgun um þá ákvörðun ríkisstjórnarmeirihlutans að efna á ný til kvöldfundar um Icesave-frumvarpið. Fundur hófst kl. 10.30 en hafði áður staðið alla nóttina og til klukkan hálfsjö í gærmorgun. Áður en umræður hófust á ný var deilt í um fjörutíu mínútur um fundarstjórn forseta.

Björgvin G. Sigurðsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, sagði að Alþingi væri haldið í gíslingu og hvatti þingforseta til þess að halda fundi áfram uns mælendaskrá væri tæmd.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sagði ekkert að því að stjórnarandstaðan skipulegði vinnu sína. Nýjar upplýsingar hefðu komið fram á næturfundum. Stjórnarandstaðan hefði margsinnis sagst tilbúin að greiða fyrir öðrum málum sem ríkisstjórnin vildi setja á dagskrá. Pétur Blöndal og fleiri vísuðu í yfirlýsingar Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur þingforseta um að hún vildi breyta Alþingi í fjölskylduvænan vinnustað.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði að öll þessi umræða væri „ábyrgðarlaus skrípaleikur sem fer að valda þjóðinni skaða en er fyrst og fremst Alþingi til skammar“. - pg

*Hafðu samband*
sími 444 7000 * arionbanki.is

# Nýtt *upphaf* með breyttu eignarhaldi

Nú hefur verið tilkynnt að kröfuhafar Kaupþings hafi eignast 87% hlut í Arion banka. 13% verða áfram í eigu ríkisins. Ákvörðun kröfuhafa sýnir að þeir meta rekstur bankans traustan og hafa trú á framtíð hans og íslensks efnahagslífs.

Samkomulag um eignarhald bankans felur í sér að kröfuhafar leggja fram 66 milljarða kr. eigið fé í stað ríkisins. Þetta skilar sér í minni lánsfjárþörf íslenska ríkisins og þar með lægri álögum á landsmenn.

Í krafti tengsla við erlenda kröfuhafa getur Arion banki aukið tiltrú erlendra aðila á íslenskan fjármálamarkað og verið í forystu við uppbyggingu efnahagslífsins.

Arion banki heyrir áfram að öllu leyti undir íslensk lög og íslenskar eftirlitsstofnanir. Þetta felur í sér að innstæður í bankanum eru jafn tryggar og áður.

Arion banki stendur á traustum grunni, hefur á að skipa hæfu starfsfólki með mikla þekkingu og er velgengni bankans samofin hagsmunum kröfuhafa.

Það er markmið okkar hjá Arion banka að byggja upp öflugan banka, vinna með og fyrir fólkið í landinu. Með nýju eignarhaldi getum við beitt okkur af fullum krafti að endurreisn og uppbyggingu íslensks efnahagslífs. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavini okkar í fyrsta sæti.

Nánari upplýsingar má finna á vef bankans: ***arionbanki.is***

*Nýtt eignarhald*



87% Kröfuhafar    13% Ríkissjóður

*Í stuttu máli:*

- Kröfuhafar eignast 87% í Arion banka
- Kröfuhafar leggja fram 66 milljarða króna
- Innstæður verða áfram tryggðar
- Breytt eignarhald styrkir bankann
- Hagsmunir bankans og kröfuhafa fara saman
- Bankinn stendur á traustum grunni

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48331

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hve margir hafa tengst Facebook í fimm ára sögu vefjarins?*
2. *Hver er fulltrúi Íslands í stjórn Norræna fjárfestingarbankans?*
3. *Hver er stigahæsti íslenski leikmaðurinn í Iceland Express-deild karla í körfubolta?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 62

Norskir málaliðar:

## Dæmdir til dauða í Kongó

**AUSTUR-KONGÓ** Dauðadómur var staðfestur yfir tveimur norskum mönnum, Joshua French og Tjostolv Moland, í Austur-Kongó í gær. Annar mannanna, Moland, var fundinn sekur um morð á bílstjóra auk smygls, njósna og samsæris en French fyrir vitorð með Moland, vopnað rán, tilraun til manndráps og njósnir.

Dómurinn fer fram á 500 milljónir dala í skaðabætur frá þeim og norska ríkinu. Dómarinn telur þá hafa stundað njósnir á vegum norska hersins í Austur-Kongó. Báðir eru fyrrverandi hermenn í úrvalssveit norska hersins og voru með skírteini frá norska hernum á sér þegar þeir voru handteknir. Samkvæmt norskum blöðum verða mennirnir ekki teknir af lífi þrátt fyrir dauðadóm.

# Milljarða hagræðing hjá Reykjavíkurborg

**Hagrætt verður í rekstri Reykjavíkur um 3,3 milljarða á næsta ári. Heildarskuldir borgarinnar hafa aukist. Borgarstjóri segir mikilvægt að álögur séu ekki hækkaðar. Markmið um grunnþjónustu í uppnámi, segir borgarfulltrúi.**



**BORGARSTJÓRI** Hanna Birna Kristjánsdóttir segir meirihlutann standa vörð um menntun og þjónustu við börn. Skattar verði ekki hækkaðir. Minnihlutinn gagnrýnir fjárhagsáætlunina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**REYKJAVÍK** Hagrætt verður í rekstri Reykjavíkurborgar um 3,3 milljarða króna á næsta ári. Þetta kemur fram í fjárhagsáætlun sem lögð var fram í gær. Meiri- og minnihluti deildu hart um áætlunina; meirihlutinn sagðist standa vörð um velferð en minnihlutinn sakaði hann um að gleyma þeim fátækustu.



**DAGUR B. EGGERTSSON**

„Samkvæmt því frumvarpi að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010, sem ég mæli fyrir hér í dag, verða framlög til velferðarþjónustu ekki lækkuð. Við stöndum vörð um menntun og þjónustu við börnin í leikskólum og grunnskólum borgarinnar og þjónusta frístundaheimila verður áfram tryggð. Gjaldskrár fyrir grunnþjónustu verða ekki hækkaðar, þar með talið leikskólagjöld, sem eru nú með þeim lægstu í landinu, og matargjöld í grunnskólum og gjaldskrár frístundaheimila verða óbreytt.“ Þannig lýsti Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri sýn meirihlutans á frumvarpið í ræðu í gær.

Hún sagði gríðarlega mikilvægt að skattar yrðu ekki hækkaðir, slíkt mundi dýpka efnahagsvandann. Gert var ráð fyrir að hagræða þyrfti um 4,2 milljarða króna, en betri tekjuhorfur þýði að minni hagræðingar sé þörf. Ekki er gerð krafa um hagræðingu á velferðarsviði, en mennta-, leikskóla- og íþrótta- og tómstundasvið þurfa öll að hagræða um fjögur prósent. Í stjórnsýslu og á öðrum sviðum sem snerta framkvæmdir, skipulag og umhverfismál, þarf að hagræða um níu prósent.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir að markmið aðgerðaáætlunar Reykjavíkurborgar um að standa vörð um störf og grunnþjónustu séu í uppnámi. Þá eigi eftir að útfæra ýmislegt, til dæmis niðurskurð í þjónustu og skólastarfi.

Þá vekur Dagur athygli á því að skuldir A-hluta Reykjavíkurborgar hafi aukist um tíu milljarða, eða fimmtíu prósent, úr tuttugu í þrjátíu milljarða milli ára og nú stefni í halla á annan milljarð króna. Heildarskuldir Reykjavíkurborgar, að meðtöldum borgarfyrirtækjum, aukist úr 310 milljörðum í 326 milljarða.

kolbeinn@frettabladid.is



**FLUGVÉL FLUGSTOÐA** Mýflug heldur gerðum samningi.

Rekstur flugvélar Flugstoða:

## Útboð stendur þótt ólöglegt sé

**STJÓRNSÝSLA Mýflug mun annast rekstur flugvélar Flugstoða ohf. þótt samningur um reksturinn byggi á gölluðu útboði. Ríkiskaup, sem sáu um útboðið, eiga þó að greiða Flugfélagi Vestmannaeyja 250 þúsund króna kostnað vegna kæru félagsins.**

**Kærunefnd útboðsmála segir grundvallaratriði við opinber innkaup að jafnræði bjóðenda sé tryggt. Mýflug hafi áður sinnt fluginu sem tilraunaverkefni fyrir Flugstoðir og eitt ákvæði útboðsins hafi verið sniðið að Mýflugi og raskað jafnræði bjóðenda. Að öðru óbreyttu væri rétt að ógilda útboðið en þar sem gerður hafi verið bindandi samningur sé kærunefnd ekki heimilt að fella útboðið úr gildi.** - gar

**EFNAHAGSMÁL**

**Breytingar hjá OECD**

Ítalinn Pier Carlo Padoan hefur verið skipaður aðalhagfræðingur Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Hann er líka aðstoðarframkvæmdastjóri OECD. Jorgen Elmeskov, starfandi aðalhagfræðingur frá því í apríl, verður aðstoðaraðalhagfræðingur.


fyrir Jólin


1


2


3


4


5

1 **Brauðrist** TT 61101
Tekur tvær venjulegar brauðsneiðar, 900 W.
**Jólaverð: 6.400 kr. stgr.**

2 **Töfrasproti** MSM 6B100
280 W. Hljóðlátur og þægilegur í notkun.
**Jólaverð: 4.100 kr. stgr.**

3 **Skaftryksuga** BBH MOVE2
Öflug, 14,4 V. Hleðslutæki, frístandandi eða fest á vegg.
**Jólaverð: 26.900 kr. stgr.**

4 **Hárblásari** PHD 1150
1200 W. Hægt að fella saman.
**Jólaverð: 4.290 kr. stgr.**

5 **Stafrænn hitamælir**
Bosotherm flex
**Jólaverð: 1.490 kr. stgr.**

ATARNA

SIEMENS


6
7

6 **Þvottavél** WM 12A162DN
Tekur 5 kg. 1200 sn./mín.
Orkuflokkur A.
**Jólaverð: 109.900 kr. stgr.**

7 **Uppþvottavél** SE44E232SK
Hvít, með fjórum kerfum.
**Jólaverð: 109.900 kr. stgr.**

Stór og lítil heimilistæki, símtæki og ljós í miklu úrvali.
Sjáið jólatilboðin á **www.sminor.is**

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is


Við bjóðum nákvæmlega jafn margar tegundir af debetkortum og fólk þarf.
Eina.
Sigríður Einarsdóttir, þjónustustjóri.
Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.
Þannig á banki að vera.
Debetkort
Launareikningur
Kreditkort
Netbanki
Netgreiðsluþjónusta
Gjaldeyrisreikningar
Sparnaðarreikningar
Yfirdráttur
Það er minna mál að skipta um banka en þú heldur.
Hafðu samband í síma 540 3200.
MP BANKI
Borgartúni 26 · www.mp.is
BANKI
VISA
ELECTRON
Fiton/SÍA F103142




# Földu 4 kíló af gervifíkniefnum í rjóðri

**Fimm karlmenn, sem töldu sig vera að smygla fjórum kílóum af amfetamíni til landsins, hafa verið ákærðir. Pakkinn með hinum meintu efnum var í tíðum flutningum eftir að hann kom til landsins og var meðal annars falinn í rjóðri.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært fimm menn á tvítugs- og þrítugsaldri fyrir að hafa reynt að smygla til landsins nær fjórum kílóum af amfetamíni. Hinir ákærðu eru Jóhann Páll Jóhannesson, Jón Sveinbjörn Jónsson, Logi Már Hermannsson, Þorgrímur Kolbeinsson og Þorsteinn Birgisson.

Fíkniefnin voru falin í málningarfötum og þeim komið fyrir í pakka sem var póstlagður í Danmörku 6. ágúst. Pakkinn var haldlagður af lögreglunni í Danmörku 11. sama mánaðar, fíkniefnin fjarlægð og gerviefnum komið fyrir í staðinn. Pakkinn var sendur til Íslands í kjölfarið. Fimmmenningarnir stóðu allir í þeirri trú að að pakkinn innihéldi fíkniefni.

Logi er ákærður fyrir að hafa skipulagt og fjármagnað innflutning fíkniefnanna og að hafa skipt verkum með hinum þremur. Hann fékk Þorgrím til að fara til Danmerkur, sækja fíkniefnin hjá óþekktum manni, pakka þeim og senda til Íslands gegn 300 þúsunda króna greiðslu fyrir verkið. Þá fékk Logi þá Jóhann Pál og Þorstein til að taka á móti fíkniefnunum, opna pakkann og geyma þau þar til þau yrðu sótt.

Þorgrímur skipulagði innflutning fíkniefnanna ásamt Loga. Hann fékk Jón Sveinbjörn til þess að sækja pakkann í vöruhús Samskipa að Kjalarvogi 7 til 15 í Reykjavík. Jón Sveinbjörn fékk pakkann tollafgreiddan og flutti í rjóður við Skarhólabraut í Mosfellsbæ, skildi hann eftir þar, en kom svo aftur 9. sama mánaðar ásamt Jóhanni Páli og Þorsteini og vísaði þeim á pakkann.

Þorsteinn sótti hann að Skarhólabraut ásamt Jóhanni Páli og Jóni Sveinbirni og flutti hann í Rauðumýri í Mosfellsbæ ásamt Jóhanni Páli. Frá Rauðumýri flutti Jóhann Páll svo pakkann heim til sín að Flatahrauni 29 í Hafnarfirði þar sem hann hugðist geyma fíkniefnin uns Logi tæki við þeim á ný. Jóhann Páll var handtekinn af lögreglu þegar hann var að fjarlægja efnin úr pakkanum.

Jón Sveinbjörn er jafnframt ákærður fyrir vörslur amfetamíns sem lögreglumenn fundu við húsleit.

Loks er Þorgrímur ákærður fyrir að hafa haft í ófullnægjandi geymslu haglabyssu af gerðinni Benelli og riffil af gerðinni Norinco 22 cal LR. Vopnin voru bæði hlaðin og fundust á bak við kommóðu við húsleit lögreglu.

jss@frettabladid.is



**SAMSKIP** Pakki sem fimmmenningarnir töldu hafa að geyma tæp fjögur kíló af amfetamíni var sóttur í vöruhús Samskipa.


## Sala reksturs og eigna þrotabús Festar ehf.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur verið falið af skiptastjóra þrotabús Festar ehf. að sjá um sölu á rekstri og eignum þess. Starfsemin felst í rekstri útgerðar og fiskvinnslu í Hafnarfirði sem samanstendur af sex bátum, fiskvinnslu og aflaheimildum.

Söluferlið hefst formlega með auglýsingu þessari og er opið áhugasömum fjárfestum. Markmið sölunnar er að hámarka virði reksturs og eigna þrotabús Festar ehf.

Áhugasamir fjárfestar geta óskað eftir sölugögnum dagana 4. – 8. desember 2009 með því að hafa samband við Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans með tölvupósti á netfangið soluferli@landsbankinn.is. Sölugögn verða afhent gegn undirritun trúnaðaryfirlýsingar.

Óskuldbindandi tilboðum skal skilað inn 10. desember 2009.

Stefnt er að því að ljúka sölu fyrir árslok 2009.

Nánari upplýsingar um söluferlið má finna á landsbankinn.is

LANDSBANKINN | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.
ENNEMM / SÍA / NM40131

# JÓLAGJAFAGLEÐI

í tilefni **80 ára** afmælis PFAFF

**laugardaginn 5. desember**



## Mesta úrval landsins af Sennheiser heyrnartólum.

**Komdu og hlustaðu á gæðin og veldu þau heyrnartól sem henta þér best.**



**Heyrnartól**
Verð 7.980 kr.
**TILBOÐ 5.980 kr.**



**KYNNINGAR-TILBOÐ!** Henta vel fyrir tölvu

**Byltingarkennd þráðlaus heyrnartól**
Verð 22.900 kr.
**TILBOÐ 17.900 kr.**



**Flautan jólaljós**
Verð 8.990 kr.
**TILBOÐ 6.990 kr.**



**Þráðlaus heyrnartól**
Verð 15.900 kr.
**TILBOÐ 9.995 kr.**



**Loftljós**
Verð 15.900 kr.
**TILBOÐ 8.990 kr.**



**Loftljós**
Verð 48.900 kr.
**TILBOÐ 29.900 kr.**



**Braun rakvél** m/hreinsisetti
Verð 34.900 kr.
**TILBOÐ 24.900 kr.**



**Husqvarna E-20**
Verð 39.995 kr.
**TILBOÐ 29.995 kr.**



Overlockvél
**Singer 14SH-754**
Verð 69.900 kr.
**TILBOÐ 59.900 kr.**

**AFMÆLIS-TILBOÐ UM ALLA BÚÐ!**

Tilboðin gilda aðeins laugardaginn 5. des.

## Opið kl. 11-16

laugardaginn 5. desember

PFAFF 80 1929-2009

Grensásvegi 13 • Sími 414 0400 • www.pfaff.is



**GÆÐIR SÉR Á HUNANGI** Sule heitir þessi simpansi og er hann átján mánaða. Sule hefur nýlega verið komið fyrir í Taronga-dýragarðinum í Sydney í Ástralíu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Stórt krapaflóð lokaði veginum milli Dalvíkur og Ólafsvíkur:

# Fjögur flóð féllu á sama stað

**SAMGÖNGUR.** Fjögur snjóflóð féllu á veginn við Sauðanes, milli Dalvíkur og Ólafsfjarðarganga, á miðvikudag og í fyrrinótt. Eitt þeirra var sýnu stærst; krapaflóð sem féll snemma í gærmorgun og tók þá þrjár klukkustundir að opna veginn að nýju, að sögn Felix Jósafatssonar, lögregluvarðstjóra á Dalvík. Engir bílar voru á ferð um veginn þegar flóðin féllu.

„Það er ekkert grín ef það fara bílar með þessu fram af veginum,“ sagði Sveinn Brynjólfsson, hjá Veðurstofu Íslands, við Fréttablaðið. Hann sagði að í fyrravetur hefðu snjóflóð tuttugu sinnum lokað veginum á þessum stutta kafla við Sauðanes, þar sem vegurinn liggur hæst milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar.

Sveinn taldi síðdegis í gær ekki teljandi hættu á að snjóflóð mundu halda áfram að falla á veginn enda var spáð hlýrra og stilltara veðri.

Snjóflóð féll einnig í Eyrarhlíð, milli Ísafjarðar og Hnífsdals, seint í fyrrakvöld og lokaði veginum þar um tíma. Eins féll spýja úr Súðavíkurhlíð. - pg



**SAUÐANES** Fjögur flóð féllu á sama vegarkafla á miðvikudag og fram á fimmtudagsmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

Þjóðveldisflokkur Færeyja:

# Vill þurrka út stuðning Dana

**FÆREYJAR** Færeyski Þjóðveldisflokkurinn hefur lagt fram frumvarp á Lögþinginu um að reglulegar greiðslur danskra stjórnvalda til Færeyinga verði lækkaðar og gerðar að engu árið 2014.

Danski styrkurinn nemur nú 615,5 milljónum danskra á ári og ríkisstjórnin vill halda honum þannig. Þó hefur hún samið um að styrkurinn minnki eitthvað eftir árið 2010, svo Færeyjar geti einhvern tímann orðið sjálfbærar.

Þjóðveldisflokkurinn gengur mun lengra og vill að styrkurinn lækki strax á næsta ári í 492,4 milljónir og svo stig af stigi. - kóþ

Sameinuðu þjóðirnar:

# Stevie Wonder erindreki friðar

**BANDARÍKIN Bandaríski tónlistarmaðurinn Stevie Wonder hefur bæst í hóp friðarerindreka Sameinuðu þjóðanna. Stevie hefur verið blindur frá fæðingu og ætlar að beita sér sérstaklega í málefnum fatlaðra.**



**STEVIE WONDER**

**„Nýjasti friðarboði okkar er dáður af milljónum manna og hefur gefið fólki mikið,“ er haft eftir Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra SÞ.**

**Stevie bætist í hóp tíu annarra friðarboða, sem hver um sig er þekktur á sínu sviði, hvort sem það eru listir, fræðimennska, íþróttir eða skemmtanaiðnaðurinn.** - óká

Margvíslegar athugasemdir hafa borist við drögum að siðareglum fyrir ráðherra og starfsfólk stjórnarráðsins:

# Lagt verði blátt bann við ósannindum

**STJÓRNSÝSLA** Banna á ráðherrum og embættismönnum að segja ósatt, hagræða sannleikanum og hygla vinum, ættingjum og kunningjum.

Þetta er meðal ábendinga sem bárust frá almenningi við tillögur að siðareglum fyrir ráðherra og starfsfólk stjórnarráðsins.

Fjórtán sendu inn athugasemdir en frestur til þess rann út í nóvember.

Samkvæmt upplýsingum úr forsætisráðuneytinu fögnuðu ýmsir því að siðareglur skyldu settar en einnig kom fram það sjónarmið að reglusetningin væri sýndarmennska og tímasóun. Ábendingar komu fram um að drög að reglunum væru í sumum tilfellum of almenn og var í þeim efnum til dæmis bent á orðanotkunina „persónuleg tengsl“ og „hagsmunaárekstrar.“

Ein tillagan var á þá leið að fært yrði í siðareglurnar að ráðherrar mættu ekki halda dýrar veislur fyrir ríkisfé nema bjóða öllum almenningi til veislunnar. Önnur kvað á um að skera bæri niður öll fríðindi ráðamanna og taka ætti fyrir að ráðherrar og starfsfólk stjórnarráðsins þæðu styrki sem ætlaðir væru námsmönnum, lista- eða fræðimönnum. Þá var gerð athugasemd við að kaup á kynlífsþjónustu væru sögð brot á siðareglum því slík kaup væru væntanlega lögbrot. Loks var kallað eftir því að skýr viðurlög væru við brotum á siðareglunum.

Í starfshópi um siðareglur fyrir ráðherra og stjórnarráðsstarfsfólk sitja Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, Halldóra Friðjónsdóttir, starfsmaður fjármálaráðuneytisins, og Jón Ólafsson, prófessor við Háskólann á Bifröst.

Samkvæmt upplýsingum úr forsætisráðuneytinu áformar forsætisráðherra að leggja fram á þingi á næstunni frumvarp til laga þar sem siðareglunum verður veitt lagastoð og kveðið á um eftirfylgni með þeim. - bþs



**RÁÐHERRABEKKURINN** Siðareglna fyrir ráðherra og starfsfólk stjórnarráðsins er að vænta. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




ENNEMM / SÍA / NM39949

Reisa fiskimjölsverksmiðju á Vopnafirði:

# Vinnslan hefst í janúar



FRÁ VOPNAFIRÐI Vinnsla í nýrri verksmiðju hefst eftir áramótin. MYND/HG GRANDI

**SJÁVARÚTVEGUR** Framkvæmdum við hina nýju fiskmjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði miðar vel og eru þær á áætlun að sögn Sveinbjörns Sigmundssonar verksmiðjustjóra. Þá er í ráði að í vikunni verði lokið við steypuvinnu á gólfi mjölgeymslu sem verið er að byggja á grunni hinnar gömlu mjölskemmu fyrirtækisins.

Rúmlega fjörutíu manns, að meðtöldum starfsmönnum fiskmjölsverksmiðjunnar, hafa unnið við framkvæmdirnar á Vopnafirði en auk byggingar nýju verksmiðjunnar og nýs mjölhúss hefur verið unnið við að ganga frá í gamla verksmiðjuhúsinu. Samkvæmt áætlun á að vera hægt að gangsetja fiskmjölsverksmiðju HB Granda í lok janúar. **- shá**

Hæstiréttur þyngdi dóm yfir kynferðisbrotamanni:

# Braut gegn þroskaheftu stúlkubarni




HÆSTIRÉTTUR Þyngdi fangelsisdóminn um fimm mánuði.

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur Íslands hefur þyngt dóm yfir kynferðisbrotamanni, Þorsteini H. Jónssyni. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði áður dæmt manninn í fimmtán mánaða fangelsi en Hæstiréttur dæmdi hann í tuttugu mánaða fangelsi.

Maðurinn var sakfelldur fyrir brot gegn fjórtán ára stúlku. Hann lét hana hafa við sig munnmök.

Í málinu kom fram að hann hefði kynnst stúlkunni á netinu er hún var fjórtán ára. Í spjalli við hana þar hefði hann sagst vera rúmlega tvítugur, en hann var þá 61 árs.

Var einnig litið til þess að maðurinn hefði farið með stúlkuna heim til sín þar sem hann framdi brotið gegn henni þó að honum hlyti að hafa verið fulljóst að auk ungs aldurs væri hún einnig greindarskert.

Maðurinn hafði borið því fyrir sig fyrir dómi að sér hafi ekki verið aldur stúlkunnar ljós þegar athafnirnar áttu sér stað. Tveir barna- og unglingageðlæknar lýstu því báðir fyrir dómi að ekki hefði átt að dyljast neinum sem við hana ræddi að hún væri skert í þroska. Jafnframt að sama gilti um aldur hennar. Hæstiréttur dæmdi manninn, auk fangelsisrefsingar, til að greiða henni 700 þúsund krónur í skaðabætur. **- jss**


ÍSLENSKA SIA.IS ARI 47244

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

444 7000
Þjónustuver
Arion banka

Þjónustuverið er opið kl. 09:00 - 18:00 alla virka daga
og á laugardögum kl. 11:00 - 16:00.

Arion banki




# Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Allt fyrir



FRÁ 199

**JÓLAPAPPÍR**

- Margar gerðir



400 gr

299

**PIPARKÖKUR**

- 400 gr



pr. pk

499

**KONFEKT - NOBILÉE**

- 200 gr



FRÁ 2499

**NÁTTBUXUR**

- Herra
- Dömu, st S-XL



990

**SOKKAR - 5 PÖR Í PK**

- Svartir, st 36-45



FRÁ 229

**JÓLAKÖKUR Í MIKLU ÚRVALI**



990

**GLUGGASTJARNA**

- Fleiri gerðir af gluggaskrauti



FRÁ 3990

**JÓLATRÉ**

- Jólatré, 180 cm, kr 3990
- Jólatré, 210 cm, kr 9990



VERÐ ÁÐUR: KR 17.990

NÚ: 9990

**HREINDÝR**

- Með ljósum



3990

**TOPIARY**

- 35 cm, 40 ljósa

Opið frá kl. 10 til 19 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar

# jólin




**4590**
HEIMILISTÆKI
- Kaffivél, 1,4 ltr, 1000 W
- Brauðrist, 750 W
- Hraðsuðuketill, 1,7 ltr, 2200 W



**1990**
KRULLUJÁRN
- Sléttujárn, kr 1990



**4490**
BÍLABRAUT ÚR TRÉ
- 35 hlutir

Fisher-Price



**1990**
SÍMI Á HJÓLUM
- Fisher Price



**2399**
HVOLPUR
- Fisher Price

Fisher-Price



**FRÁ 1399**
LEIKFÖNG
- Prinssusett frá Disney
- Hannah Montana




DVD-JÓLAMYNDIR Í ÚRVALI



**4590**
KRÍTARTAFLA
- Með fylgihlutum



**2390**
FJÖLNOTA FJARSTÝRING
- Grundig




**5499**
HANDLÓÐ
- 10 kg




VERÐ ÁÐUR: KR 69.990
**NÚ: 49.990**
LCD SJÓNVARP M/DVD SPILARA
- JWS 19"

**www.europris.is**

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri




Þarf að greiða eftirstöðvar bifreiðar sem tekin var á kaupleigu 2007:

# Dæmdur til greiðslu myntláns

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur til þess að greiða eftirstöðvar bifreiðarláns. Bifreiðina var hann með á kaupleigu og fjármagnaði með myntkörfuláni hjá SP-fjármögnun árið 2007. Hann þarf að greiða myntkörfulán sitt upp á 4,3 milljónir króna, en lánið var upphaflega 3,6 milljónir. Um prófmál er að ræða.

Í dómnum segir að lántakandinn hafi vitað að um erlent lán hafi verið að ræða. Er vitnað í samning þess efnis að myntkörfulán væru áhættusamari en önnur lán og að lántakandi gerði sér fulla grein fyrir því.

Í dómnum segir: „Gengisþróun hefur orðið flestum Íslendingum undanfarið ákaflega óhagfelld.

Á þeirri þróun getur SP-fjármögnun hf. hins vegar ekki borið ábyrgð. Þá er ósannað að SP-fjármögnun hf. hafi með einhverjum hætti nýtt sér hugsanlega fákunnáttu lántakanda um gjaldeyrismál eða stuðlað að því að honum hafi hugsanlega verið gefnar rangar eða villandi upplýsingar um þau efni eða gengistryggingu leigugreiðslu. Ekki eru því efni til að víkja frá þeirri meginreglu íslensks samningsréttar að samningar séu skuldbindandi fyrir aðila þeirra.“ -jss



**MYNTKARFAN** Lánið sem um ræðir var blandað, bæði í japönskum jenum og svissneskum frönkum.

# Einstök íbúakosning sem fáir vita af

**Borgarbúar hafa frá því á miðvikudag getað kosið á netinu um forgangsröðun smærri framkvæmda á vegum borgarinnar innan hverfa sinna á næsta fjárhagsári. Kosningin á engan sinn líka hér, segir prófessor í stjórnmálafræðum.**

**REYKJAVÍK** Borgarbúum hefur frá því í fyrradag gefist kostur á að kjósa á netinu um forgangsröðun fjármuna til smærri nýframkvæmda og viðhaldsverkefna í hverfum borgarinnar. Kosningin er í tengslum við fjárhagsætlun næsta árs og geta íbúar einungis kosið um þróun mála í sínum eigin hverfum.

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri greiddi fyrsta atkvæðið á miðvikudag. Hún segir það hafa verið sameiginlega ákvörðun borgaryfirvalda allt kjörtímabilið að leggja aukna áherslu á aukið íbúalýðræði og sé netkosningin mikilvægur liður í því. Unnið hefur verið með íbúasamtökum í borginni ásamt Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands að verkefninu frá í haust. „Með þessu viljum við auka áhrif íbúa á nærumhverfi þeirra,“ segir hún.

Kosningin stendur yfir á sama tíma og umræða um fjárhagsáætlun borgarinnar stendur yfir. Netkosningin er bindandi og verður borgarstjórn að lúta niðurstöðum hennar.

Lítið hefur farið fyrir kosningunni og vissu fáir af henni sem Fréttablaðið ræddi við í gær. Borgarstjóri segir ekki hafa verið blásið til auglýsingaherferðar til að kynna kosninguna. Íbúasamtök séu upplýst. Hún segir ekki útilokað að kosning sem þessi verði endurtekin í framtíðinni. „Ég vona að þetta verði fyrsta skrefið,“ segir hún.

jonab@frettabladid.is



**BORGARSTJÓRI SKILAÐI ATKVÆÐINU** Hanna Birna segir ekki útilokað að íbúakosning sem nú stendur yfir verði endurtekin í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## EINSTÖK AÐFERÐ

„Íbúakosningin er ein aðferð til að virkja íbúalýðræðið. Þarna getum við dregið ýmsar ályktanir. En þetta er náttúrlega tilraun, bæði praktísk og áhugaverð,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Háskóla Íslands.

Gunnar Helgi bendir á að ýmsar útgáfur af íbúakosningum hafi verið prófaðar í heiminum, svo sem þar sem íbúar hafi verið virkjaðir á fundum um borgarmálin. Hann kannast hins vegar ekki við neitt í líkingu við þá sem Reykjavíkurborg hafi ýtt úr vör. „Þarna er kosið um raunverulega peninga. Ég þekki ekki nein dæmi um slíkt,“ segir hann.

## ÝMISLEGT UM KOSNINGUNA

- Þeir einir geta tekið þátt sem eru 16 ára og eldri.
- Borgarbúar geta aðeins kosið um forgangsröðun framkvæmda í þeim hverfum sem þeir búa í.
- Kosið er á milli þriggja verkefnaflokka. Sá flokkur sem hlýtur flest atkvæði í hverjum flokki verður settur á fjárhagsáætlun næsta árs.
- Þetta á einungis við um minni framkvæmdir, viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir.
- Kjósa má á slóðinni www.reykjavik.is/kjostu.

Arkitektar að Menntaskóla Borgarfjarðar ná langt í alþjóðlegri samkeppni:

# Íslensk byggingarlist í úrslitum

**HÖNNUN** „Það er frábær viðurkenning fyrir okkur að komast í þennan lokahóp,“ segir Steinþór Kári Kárason, arkitekt hjá stofunni Kurt & pí sem varð meðal 25 arkitektafyrirtækja sem náðu í úrslit alþjóðlegrar samkeppni tímaritsins Architecture Review.

Að sögn Steinþórs bárust um 500 framlög í samkeppnina að þessu sinni. Keppnin miðast við arkitekta sem eru að koma fram á sjónarsviðið. Þátttakendur mega ekki vera eldri en 45 ára.

Kurt & pí sendi hönnun sína á byggingu Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi sem lokið var við að reisa í fyrrahaust. Fyrir þessa byggingu hlutu þeir Steinþór og Ásmundur Hrafn Sturluson Menningarverðlaun DV fyrr á þessu ári.

Steinþór og Ásmundur voru í gær á heimleið til Íslands. Meðferðis höfðu þeir viðurkenningu fyrir að hafa komist í lokaúrslitin. Steinþór segir að þótt þeir hafi ekki náð fyrstu verðlaunum sé árangurinn mikilvægur. „Eftir því sem fleiri vita af okkur er líklegra að við fáum fleiri verkefni,“ bendir hann á, spurður um áhrif viðurkenningarinnar.

Þeir sem hlutu fyrstu verðlaun að þessu sinni eru frá Kína, Sviss og Mexíkó. Í fyrra voru fyrstu verðlaun veitt til Spánar, Chile og Bangladess. -gar



**Í MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR** Þessi glæsilega bygging í Borgarnesi fleytti höfundunum í úrslit alþjóðlegrar samkeppni virts arkitektatímarits. MYND/KURT&PÍ

Nikon

*At the heart of the image*

# HANDHÆGT TÆKNIUNDUR

**TILBOÐ!**
MEÐ ÖLLUM
NIKON D3000 FYLGIR
**VÖNDUÐ TASKA OG**
**2x2GB MINNISKORT**
(VERÐMÆTI: 14.995 kr.)










## **NIKON** D3000

Nikon D3000 er fullkomin stafræn myndavél fyrir metnaðarfulla áhugaljósmyndarann. Einfaldar leiðbeiningar í stýrikerfi vélarinnar auðvelda þér að taka frábærar myndir strax frá byrjun!

**Verð: 114.995 kr.**
Einnig fáanleg með AFS18-55VR linsu: 122.995 kr.

Nikon SCHOOL INTRO

**Nýjung á Íslandi!**
**Nikon skólinn**
Innifalið í kaupum er 2,5 klst. byrjendanámskeið á D-SLR (verðmæti: 12.000 kr.)

**www.nikon.is**

**Með öllum Nikon vélum fylgir íslenskur leiðarvísir.**

**SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**

**Heimilistæki** – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 – www.ht.is
**Sjónvarpsmiðstöðin** – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
**Beco** – Langholtsvegi 84, 104 Reykjavík – 533 3411 – www.beco.is
**Fotoval** – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
**MAX** – Kauptún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
**Hagkaup** – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000

**SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINNI**

**Samkaup** – Borgarnesi, Blönduósi, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Fáskrúðsfirði, Grundarfirði, Ísafirði; **Hljómsýn** – Akranesi; **Blómsturvellir** – Hellissandi; **Skipavík** – Stykkishólmi; **Kaupfélag V-Húnvetninga** – Hvammstanga; **Smárabær** – Blönduósi; **Skagfirðingabúð** – Sauðárkróki; **Verslunin Pan** – Neskaupstað; **Geisli** – Vestmannaeyjum; **Foto** – Vestmannaeyjum; **Tækniráð** – Grindavík; **Mosfell** – Hellu; **Heimilistæki** – Reykjanesbæ, Selfossi, Akureyri og Húsavík; **Omnis** – Borgarnesi, Akranesi og Reykjanesbæ.

Tilboð gildir 26. nóvember til 31. desember eða meðan birgðir endast.

Mynd: Morten Rygaard

## „ORÐRÉTT“

### Föðurbetrungar?

**„Það má kannski hrósa þeim fyrir þetta, hvað þau eru skipulögð.“**

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON FJÁRMÁLARÁÐHERRA DÁIST AÐ KYNSLÓÐINNI SEM HEFUR TEKIÐ VIÐ AF HONUM Í MÁLÞÓFI Á ALÞINGI. ÞESSI KYNSLÓÐ KANN Á EXCEL OG HEFUR GERT STUNDASKRÁ UM RÆÐURNAR.

**Fréttablaðið 3. desember**

### Öldungadeildin bíður

**„Þú verður að tala við einhverja þingreyndari menn um það en mig.“**

BJARNI BENEDIKTSSON, FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS OG FYRRVERANDI FORMAÐUR ALLSHERJARNEFNDAR, HEFUR EKKI KYNNT SÉR ÞINGSKAPALÖG NÆGILEGA VEL TIL AÐ TALA UM ÞAU. HANN KOMST Á ÞING 2003.

**Fréttablaðið 3. desember**

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ELÍSABET SVEINSDÓTTIR MARKAÐSSTJÓRI

## *Keypti jólagjafirnar í júlí*

„Það er hrikalega gott að frétta, brjálað að gera og gaman,“ segir Elísabet Sveinsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri.

„Nú er ég að skipuleggja og halda utan um tónleika sem við erum að halda í Salnum á aðventunni,“ segir Elísabet sem er mjög ánægð með hvernig tókst til við að búa til desemberdagskrá í Salnum.

„Við vildum hafa tónleikana við allra hæfi og ég held að það hafi tekist. Um næstu helgi eru til dæmis Ljótu hálfvitarnir með fjölskyldutónleika, ótrúlega flotta. Svo kemur Sniglabandið sem er að gefa út jólaplötu, þeim fylgir mikil gleði eins og allir vita. Systurnar Ingibjörg, Þórunn og Dísella verða hér með tónleika og Kópavogsbúarnir Sverrir Árnason og Jón Gunnar Biering Margeirsson bjóða í kakó og kósíheit. Svo verða tónleikar með Stebba Hilmars á laugardag og Megas og Senuþjófarnir verða með útgáfutónleika 16. desember. Skemmtilegt frá því að segja að miðaverðinu er stillt mjög í hóf, við viljum helst að sem flestir komist á tónleika,“ segir Elísabet sem lifir og hrærist í tónlistinni þennan desember.



Hún segist líka komin í fínasta jólaskap og ætli að njóta aðventunnar. „Ég er búin með jólagjafakaupin, ég lauk þeim í sumar þegar ég var í Bandaríkjunum. Þar var ég að hjálpa mömmu að flytja heim og notaði tækifærið og stakk gjöfunum í gáminn. Ég get þar með upplýst að pakkarnir verða ekki litlir í ár.“

## BRAGÐ AF GOSI

### HUGURINN RÆÐUR FÖR

Bragðlaukarnir einir ráða ekki í muninum sem fólk finnur á gosdrykkjunum kóki og pepsíi, heldur spilar hugurinn inn í líka. Löngum hefur verið vinsælt að leggja fyrir fólk próf þar sem það á blindandi að gera upp á milli tegundanna. Fyrir allnokkru skáru þó vísindin úr um að vitneskjan um hvað fólk innbyrðir ræður að hluta upplifun þess af drykknum. Í Baylor College of Medicine í Texas sást á heilalínuriti að hugur sjálfboðaliða brást öðruvísi við þegar þeir vissu að þeir voru að drekka kók. Öflug markaðssetning virðist því hafa víðtækari áhrif en margan hefði grunað.



**TUNGUTAK**

## *Á móts við*

Algengt er að fólk ruglist á hugtökunum „á móts við“ og „til móts við“.

Á móts við er notað um staðsetningu og merkir andspænis eða gegnt, jafnvel samhliða eða í línu við. Dæmi um slíkt er í sögunni Flagðkonur við Þjórsá úr Þjóðsagnasafni Jóns Árnasonar:

„Systir hennar bjó fyrir austan Þjórsá, ekki er getið hvar helst, en þó nálægt á móts við Búrfell, því sagt er að menn hafi stundum heyrt þær systur kallast á.“

Til móts við er aftur á móti notað um hreyfingu eða tilfærslu sem merkir breytingu á afstöðu. Sem dæmi má taka eftirfarandi brot úr Njálu:

„„Þú skalt fara,“ segir Njáll, „til Hlíðarenda og segja Gunnari að hann fari til Grjótár og sendi þaðan eftir mönnum en eg mun fara til móts við þá er í skóginum eru og fæla þá í braut.“

Þá er þekkt úr samningaviðræðum að koma þurfi til móts við viðmælandann en ólíkt Njáludæminu er þá átt við huglæga afstöðu en ekki landfræðilega. - mt

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Vill reisa miðaldasetur á Gásum

**Gásir við Eyjafjörð voru helsti verslunarstaður á Norðurlandi á miðöldum og er staðarins víða getið í fornritum, til dæmis Sturlungu. Haraldur Ingi Haraldsson er með stórhuga hugmyndir um að hefja Gásir til fyrri vegs og virðingar og koma þar upp miðaldasetri, sem enginn ferðamaður gæti látið fram hjá sér fara.**

„Gásir voru líkast til alþjóðlegasti staður á Íslandi í 300 ár,“ segir Haraldur Ingi Haraldsson, framkvæmdastjóri Gásakaupstaðar. „Þennan stað viljum við endurvekja með því að setja upp miðaldasetur í svipuðum dúr og má finna víða í Evrópu og hafa gengið mjög vel. Við sjáum fram á að ferðamannastraumur í Eyjafirði á eftir að stóraukast í náinni framtíð og ljóst að þeir ágætu viðkomustaðir sem þegar standa til boða ráða ekki við þá fjölgun, það þarf fleiri kosti og í því sambandi er menningartengd ferðaþjónusta afar góður kostur.“

Eitt helsta aðdráttarafl miðaldasetursins verður íslenskt miðaldaskip, sem verður smíðað frá grunni á Gásum með upprunalegum verkfærum. „Við erum að leita að týnda hlekknum, ef svo má segja,“ segir Haraldur Ingi og hlær. „Við engum engin skip frá miðöldum og vitum því ekki hvernig þau litu nákvæmlega út. Við eigum hins vegar 19. aldar bátinn og getum lagt út af honum, sem og litið til erlendra fyrirmynda, til dæmis til miðaldaskipa frá Fjóni. Við á Íslandi búum sem betur fer yfir margs konar þekkingu í sambandi við sjósókn og nóg af verkviti, þannig að útkoman ætti að verða nokkuð nærri lagi.“

Haraldur Ingi segir það í sjálfu sér ekki kosta miklu að koma fyrirtæki sem þessu á koppinn. Fyrst og fremst þurfi frjóar hugmyndir. „Af þeim höfum við sem betur fer nóg,“ segir hann. Því er hins vegar ekki að neita að það kostar líka fé, en það er af skornum skammti á Íslandi. „Það er hængurinn.

Það er klárt mál að ef ég fæ tíma og tækifæri til að gera þetta þá á dæmið eftir að ganga upp – ég gæti breytt einni krónu í fjórar. En til þess vantar mig hins vegar þessa einu krónu. Við erum um þessar mundir að leita að erlendu uppbyggingarfé, en það er ljóst að við verðum líka að fá stjórnmálamenn og fólk í kringum okkur með í þetta verkefni. Ef það gerist gætu Gásir orðið gríðarleg lyftistöng og ef allt gengur eftir gætum við opnað strax næsta sumar.“

Haraldur Ingi leggur áherslu á að miðaldasetrið á Gásum sé opið verkefni. „Við erum að koma okkur upp póstlista, sem fólk getur skráð sig á og lagt fram hugmyndir. Það er líka von mín að á póstlistanum myndist hópur sem taki sig saman og læri að sigla svona miðaldabát, eins og við ætlum að smíða.“



**ÁHUGAMENN UM MIÐALDIR** Haraldur Ingi fyrir miðju, ásamt starfsbræðrum sínum Peter Vemming Hansen og Knud Erik Sölvad. Þeir hafa flakkað um landið og kynnt sér íslenska súgbyrðinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Næst á dagskrá hjá Haraldi er að leita að heppilegum efnivið í skipið og þar sem hann leitast við að hafa allt eins upprunalegt og hugsast getur vill hann nota rekavið. „Við höfum verið í sambandi við mann fyrir austan sem safnar lerki. Eftir áramót lítum við til hans og gáum hvort það sé nothæft í skipið. Ef svo reynist verður vonandi ekkert til fyrirstöðu að hefja smíðina.“

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á gasir.is.

**bergsteinn@frettabladid.is**



**MIÐALDABÁTUR FRÁ FJÓNI** Þessi bátur er frá Miðaldasafninu á Fjóni í Danmörku og gefur að sögn Haraldar Inga ágæta hugmynd um hvernig íslenski miðaldabáturinn hefur litið út.

TIL LEIGU

Studio og tveggja herbergja íbúðir í **101 Reykjavík.**
Bæði skammtíma- og langtímaleiga.

Full búnar húsgögnum og húsbúnaði, vikuleg þrif.

**Upplýsingar í síma 821-1400**

101 residences

www.residence.is

# nettó

*Ódýrt fyrir heimilið!*




2.094 kr
áður 3.490 kr

EF VÆRI ÉG SÖNGVARI
GEISLADISKUR FYLGIR
40%
AFSLÁTTUR




2.994 kr
áður 4.990 kr

STÓRSKEMMTILEGA STELPUBÓKIN
40%
AFSLÁTTUR




4.194 kr
áður 6.990 kr

VIGDÍS, KONA VERÐUR FORSETI
40%
AFSLÁTTUR




3.774 kr
áður 5.990 kr

KONA ÞRIGGJA EYJA
ÆVISAGA ÁSU GUÐMUNDSDÓTTUR WRIGHT
37%
AFSLÁTTUR




3.699 kr
áður 5.690 kr

SVÖRTULOFT
35%
AFSLÁTTUR




3.569 kr
áður 5.490 kr

SEX GRUNAÐIR
35%
AFSLÁTTUR




4.544 kr
áður 6.990 kr

SNORRI
ÆVISAGA SNORRA STURLUSONAR 1179-1241
35%
AFSLÁTTUR




3.144 kr
áður 4.990 kr

SKULDADAGAR
37%
AFSLÁTTUR




3.569 kr
áður 5.490 kr

KARLSVAGNINN
35%
AFSLÁTTUR




3.714 kr
áður 5.990 kr

HEIMSMETABÓK
GUINNES 2010
38%
AFSLÁTTUR




3.699 kr
áður 5.690 kr

HYLDÝPI
35%
AFSLÁTTUR




2.594 kr
áður 3.990 kr

GULLGERÐARMAÐURINN
35%
AFSLÁTTUR

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 4. - 6. desember eða meðan birgðir endast

**FRÉTTASKÝRING:** Framtíð sjávarútvegs

# Takmarkalaus tækifæri í sjávarútvegi?

**Íslenskur sjávarútvegur er sú atvinnugrein sem er í forgrunni umræðunnar um endurreisn. Byggt verður á þeim grunni sem fyrir er en getur verið að við séum að missa af gullnum tækifærum? Standa boðaðar breytingar á starfsumhverfi sjávarútvegsins í vegi fyrir þróun innan greinarinnar?**



Í HÖFN Lengi hefur verið tekist á um hvaða veiðiaðferð, og þá um leið hvaða útgerðarform, skilar besta hráefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þetta var meðal þess sem þeir Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, og Sveinn Margeirsson, sviðsstjóri hjá Matís, ræddu á morgunfundi um tækifæri í íslenskum sjávarútvegi í gær. Að fundinum stóðu Matís, AVS-sjóður sjávarútvegsráðuneytisins og Samtök fiskvinnslustöðva (SF).

### Smáir í samanburði

Þorsteinn hóf sitt erindi á því að staðsetja íslenskan sjávarútveg með samanburði á veiðum og vinnslu stærstu sjávarútvegsþjóða heims. Ísland er ekki stórþjóð í því samhengi hvað magn varðar en það segir kannski lítið um mikilvægi greinarinnar samanborið við önnur lönd. Þegar litið er til nágrannaþjóða eru Norðmenn sú þjóð sem við berum okkur helst saman við og þangað lítum við þegar kemur að samkeppnismálum. Heildarafli þeirra á næsta ári er helmingi meiri í þorski og ýsu og fimmfaldur í ufsa. Þegar kemur að uppsjávartegundum, síld, makríl og kolmunna, er hlutdeild Íslands innan við fimmtán prósent. Þorsteinn sagði að þegar tillit sé tekið til nýtingar sjávarfangs séu Norðmenn um fimm sinnum stærri en Ísland hvort sem litið er til botnfisks og laxeldis eða uppsjávarfisks.

Fiskeldið er kapítuli út af fyrir sig þar sem Norðmenn hyggjast framleiða um milljón tonn af laxi á næsta ári. Bleikjan er eldisfiskur Íslands; þar eigum við markaðinn sem er reyndar dvergvaxinn. Fyrirtæki í eigu Samherja framleiðir megnið af 3.000 tonna ársframleiðslu.

### Hvað er verið að selja?

Það sem íslensk útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki eru að selja á erlendum mörkuðum er ekki bara fiskur. Sala sjávarafurða snýst um gæði, sérþekkingu og afhendingar- og matvælaöryggi. Þróunarstarf innan fyrirtækis eins og Samherja snýst um þessa þætti að sögn Þorsteins.

Samherji hefur unnið að þróunarverkefnum í þessu samhengi með einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum eins og Matís. Dæmi um slíkt verkefni er skráning og söfnun gagna varðandi þorskveiðar og -vinnslu við Ísland. Markmiðið var að setja upp bestunarlíkön hvað varðar nýtingu, blóðmar, holdroða, los og hringorm í þorski. Niðurstaðan var sú að hægt var að greina mun á gæðum fisks þegar hann er veiddur eftir svæðum og árstíma. Skipstjórar Samherjaskipa fá skýrslu um síðustu veiðiferð en öll fiskkör eru merkt og skráð um borð. Þegar skip landar þá koma fram á hverju kari upplýsingar um veiðisvæði, togtíma, aflasamsetningu, hitastig sjávar og veiðidýpi. Landvinnsla Samherja nýtir sér síðan þessi gögn daglega og kaupendur vörunnar hafa lýst sérstakri ánægju með að hafa aðgang að upplýsingunum, að sögn Þorsteins. Enda er rekjanleiki veidds fisks eitt af því mikilvægasta í vinnslu sjávarfangs í dag. Upplýsingarnar eru sem sagt nýttar til að hámarka verðmæti leyfilegs afla með veiðistýringu á Íslandsmiðum.

### Samkeppnin

Stærsta fyrirtæki Noregs í veiðum og vinnslu er Aker Seafoods. Þorsteinn sagði frá því hvernig Samherji opnaði fyrir þessum stærsta samkeppnisaðila sínum leið að upplýsingum um vinnslu og markaðsstarf fyrirtækisins. „Svo kom að þeir tóku upp okkar vinnsluaðferðir og keyptu tæki af íslenskum fyrirtækjum sem voru sett upp af Íslendingum,“ sagði Þorsteinn. Ástæða þess að upplýsingarnar voru gerðar aðgengilegar var samvinna við íslensk iðnfyrirtæki, eins og Marel, og sú stefna fyrirtækisins að styðja við þau eins og mögulegt er.

### Möguleikar

Þorsteinn sagði að allt starf Samherja snerist um eitt hugtak: Stöðugleika. Hann byrjaði hins vegar erindið á því að segja að það yrði að viðurkennast „að miðað við það pólitíska ástand sem nú ríkir hér á landi er erfitt að tala um tækifærin í íslenskum sjávarútvegi“. Hann vék að því að samstarf þeirra sem starfa í norskum sjávarútvegi við stjórnmála- og embættismenn væru með öðrum hætti en hér. Það sæist best á því að framkvæmdastjóri stórs fiskvinnslufyrirtækis, Lisbeth Berg Hansen, hefði nýlega tekið við embætti sjávarútvegsráðherra. „Þannig að Norðmenn leggja mikla rækt við það að halda tengslum inn í greinina. Ég tel það ólíklegt að Jóhanna bæði mig um að taka við stjórn sjávarútvegsmála.“

Með þessari vísan í hugmyndir um fyrningarleið stjórnvalda á aflaheimildum og takmörkunum á útflutningi sjávarafurða vék Þorsteinn stuttlega að hugsanlegri Evrópusambandsaðild. Af reynslu, en Samherji starfar víða innan ESB, sagði hann eitt standa upp úr. Samskiptin við stjórnvöld væru meiri og betri en hér heima. „Hér erum við yfirleitt hundsaðir og fáir tilbúnir til að hlusta. Fólk sem getur ekki talað við landa sína, og gefur lítið fyrir flesta sem starfa í sjávarútvegi, mun engin áhrif hafa í Evrópusambandi. Það er ótrúlegt ofmat að það sé hægt.“

### Tvöföldum verðmætin

Sveinn kallaði erindi sitt „Tvöföldum verðmætin“. Þungamiðjan í máli hans var verðmætaaukning með fullvinnslu hér á landi sem hann rökstuddi með dæmum. Hráefnið sem hér fellur til er takmörkuð auðlind og því nauðsynlegt að nýta það sem best og skapa úr því sem mest verðmæti.

Eitt dæmi sagði flest sem segja þarf, þó að skýrt hafi komið fram í máli Sveins að málið sé fjarri því einfalt. Hann sagði, gróft reiknað, að með því að flytja út óunna ýsu með sama hætti og er gert í dag lækju út úr landinu rúmlega tveir milljarðar króna á ári. Þar miðaði hann við landfryst flök. Reikna mætti áfram með tilliti til annarra tegunda og þá hækkaði þessi tala hratt.

Auðvitað verður að slá þann varnagla að útfluttur ferskur fiskur selst á ævintýralegu verði á erlendum fiskmörkuðum um þessar mundir.

Verðmætaaukning flakaframleiðslu, samanborið við útflutning á slægðum fiski, þarf líka að skoða í tilliti til þess að fjölmörg störf skapast við fullvinnslu, í þjónustugreinum, hjá flutningafyrirtækjum auk iðnaðarfyrirtækja.

Lega landsins hefur oft verið talin í vegi fyrir fullvinnslu. Margt bendir til þess að það eigi ekki við. Fyrst hægt er að flytja út ferskan fisk ætti engin fyrirstaða að vera til útflutnings á fullunninni vöru. Tollar standa heldur ekki í veginum. Þeir eru til dæmis engir á fiski í raspi eða deigi sem er vara sem er keypt í þúsunda tonna vís á Evrópumarkaði.

### Við höfum þetta allt

Sveinn sagði að tugir hugtaka væru notaðir í markaðssetningu á fiskmeti. Öll næðu hugtökin yfir kröfur neytenda sem íslensk vara stæðist nú þegar eða Íslendingar gætu nýtt sér án fyrirhafnar. Ísland gæti einnig náð miklum árangri með að nýta ímynd landsins. Við bjóðum mikinn fisk og erum heilbrigðari en flestir Evrópubúar.

Endahnútinn hnýtti Sveinn með því að spyrja hvort matvælaframleiðsla væri ekki raunverulega stóriðja Íslands. „Við nýtum okkar hráefni, þekkingu, ímynd og orku til að búa til hágæða vöru.“ Af hverju vinnum við ekki meira úr hráefninu hér í stað þess að senda stóran hluta þess til vinnslu í matvælaverksmiðjum erlendis?



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

## DÆMI UM ÞAÐ BESTA Í HEIMI

Landvinnsla Samherja á Dalvík er ein sú fullkomnasta í heimi. Þar starfa um hundrað starfsmenn að staðaldri en alls 150 manns vinna þar núna. Í gegnum húsið fara tíu til ellefu þúsund tonn af þorski og ýsu á hverju ári. Það þekkist ekki að húsið stoppi vegna hráefnisskorts enda er verið að framleiða hágæðavöru til stærstu smásölufyrirtækja með fiskmeti í Evrópu.

Veiðum og vinnslu er stýrt með það að markmiði að gæðin séu ávallt framúrskarandi. Í október og fram í miðjan nóvember heimsóttu sjö af viðskiptavinum vinnslu Samherja og þeirra á meðal fulltrúar frá Marks & Spencer, Tesco, ASDA, Correfour, Picard, Auchan og Demalt. Fyrir þá sem ekki þekkja til ráða þessi fyrirtæki stórum hluta smásölumarkaðar í Evrópu.

Þessar keðjur eru mjög kröfuharðir kaupendur og því fer mikill tími hjá starfsmönnum Samherja í að sinna þeim. Erindi þeirra er að taka út vinnsluna í ljósi gæða. Fulltrúar Marks & Spencer gáfu húsinu þá einkunn í heimsókn þeirra á þessu ári að það væri það besta sinnar tegundar sem þeir hefðu heimsótt.



MYND/SAMHERJI

LANDVINNSLA Um 150 manns á Dalvík vinna í landvinnslu Samherja á Dalvík.



**MÖGNUÐ SPENNA. SANNUR ATBURÐUR – EINSTAKT AFREK**

Fimmtán breskir sjómenn berjast fyrir lífi sínu undir klakabrynjuðu Látrabjargi. Þeir eiga aðeins eina von – að íslenskir bændur á nálægum bæjum bjargi þeim … með því að síga með frumstæðum búnaði niður flughált og himinhátt bjargstálið.

# BARÁTTA UPPÁ LÍF OG DAUÐA Í ÞRJÁ SÓLARHRINGA

**„Óttari Sveinssyni tekst að segja (söguna) á listilegan hátt“ … „hröð og spennandi, afar vel skrifuð“**

**„Allar hafa (Útkallsbækurnar) vakið mikla athygli og notið mikilla og verðskuldaðra vinsælda … að mínu mati er þessi hin besta þeirra allra“**

*Jón Þ. Þór, rithöfundur og sagnfræðingur, DV, 2.12*



★★★★½

Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa verið í efstu sætum metsölulistanna í hálfan annan áratug og hafa verið gefnar út víða um heim. Lesendur gleyma sér í spennandi frásögn - þar sem höfundurinn og söguhetjurnar lýsa sönnum atburðum.

1. sæti
Bónus verslanir
ALMENNT EFNI

ÚTKALL
Sími 562 2600






# Millý og Mollý



Vinkonurnar sem börnin þekkja úr sjónvarpinu




Vinsælu sögurnar um **Millý og Mollý** hafa allar boðskap:

- Hamingja
- Stundvísi
- Ólíkar fjölskyldur
- Náttúran

og nú

- Kærleikurinn

ÚTKALL
Sími 562 2600



# hér kemur DODDI

Doddi er líka til á DVD og pússlbók




Tvær nýjar bækur eru komnar í Doddabóka-seríunni vinsælu

Einstaklega litríkar bækur

www.DODDI.is

ÚTKALL
Sími 562 2600

Skilamiði
Þessi vara er keypt í Hagkaup og fæst skilað eða skipt.
Skilafrestur bóka 11. jan. 2010
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Allar nýjar bækur fást í Hagkaup, yfir 600 titlar

Allir titlar fást í Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum

## Einfalt að skila og skipta!

2. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.830
Leiðb. verð 5.480,-

3. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.830
Leiðb. verð 5.490,-

2. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.880
Leiðb. verð 6.990,-

30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Leiðb. verð 5.490,-

40%* afsláttur
TILBOÐ 4.190
Leiðb. verð 6.990,-

3. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.880
Leiðb. verð 6.990,-

30%* afsláttur
TILBOÐ 3.820
Leiðb. verð 5.463,-
Áritun laugardag 5. des. Smáralind kl. 16:00

30%* afsláttur
TILBOÐ 4.100
Leiðb. verð 5.860,-
Áritun laugardag 5. des. Smáralind kl. 15:00

30%* afsláttur
TILBOÐ 3.830
Leiðb. verð 5.480,-

3. sæti** Barnabækur
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.720
Leiðb. verð 3.890,-

30%* afsláttur
TILBOÐ 1.730
Leiðb. verð 2.480,-

30%* afsláttur
TILBOÐ 2.300
Leiðb. verð 3.290,-

2. sæti** Barnabækur
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.240
Leiðb. verð 4.990,-

* Afsláttur reiknast af almennu verði eða leiðbeinandi verði.
** Samkvæmt metsölulista mbl. 29. nóvember

Gildir 4.-6. desember



30-70% afsláttur
af vinsælum bókum
OPIÐ TIL 22:00
í Smáralind til jóla
PÉTUR GUNNARS
Í FORHEIMSKUNARLA
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.180
Leiðb. verð 5.990,-
ARNALDUR INDRIÐASON
SVÖRTU loft
1. sæti** Skáldverk
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.970
Leiðb. verð 5.690,-
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
Horfðu á mig
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.690
Leiðb. verð 5.690,-
35%* afsláttur
TILBOÐ 3.880
Leiðb. verð 5.980,-
Elín Albertsdóttir
Íslenska UNDRABARNIÐ
Saga Þórunnar Ashkenazy
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.190
Leiðb. verð 5.990,-
HJARTSLÁTTUR
8. sæti** Ævisögur
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.530
Leiðb. verð 6.490,-
MAGNÚS EIRÍKS
REYNDU AFTUR
ÆVISAGA
30%* afsláttur
TILBOÐ 4.190
Leiðb. verð 5.990,-
STEINAR BRAGI
HIMINNINN
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Leiðb. verð 5.490,-
ÚTKALL VIÐ LÁTRABJARG
5. sæti** Almennt
37%* afsláttur
TILBOÐ 3.580
Leiðb. verð 5.690,-
70%* afsláttur
TILBOÐ 600
Alm. verð 1.999,-
HALLDÓR
SKULDADAGAR
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.480
Leiðb. verð 4.990,-
ÍSLANDSVE
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.790
Leiðb. verð 3.990,-
REIMLEIKAR
Íslenskar draugasögur
35%* afsláttur
TILBOÐ 2.390
Leiðb. verð 3.680,-
Samtöl
Matthíasar Johannessen
30%* afsláttur
TILBOÐ 2.440
Leiðb. verð 3.490,-
rósa guðbjarts
30%* afsláttur
TILBOÐ 3.830
Leiðb. verð 5.490,-
50 ára HAGKAUP
fyrir Íslendinga í 50 ár

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 10 **Velta:** 27 milljónir

**OMX ÍSLAND 6**
6.789 **-0,26%**

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **ICELANDAIR G.** | -2,56% |
| **ÖSSUR** | -0,37% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atlantic Petroleum 166,00 +0,00% ... Bakkavör 1,70 +0,00% ... Føroya Banki 132,00 +0,00% ... Icelandair Group 3,80 -2,56% ... Marel 63,40 +0,00% ... Össur 134,50 -0,37%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Mjög hefur þrengt að konungsríki eftir lækkun lánshæfismats fyrirtækja þar:

# Dubai komið í ruslflokk

Lánshæfismat sex fyrirtækja og fjögurra banka í Dubai var fært niður í ruslbréfaflokk í nýju mati alþjóðlega matsfyrirtækisins Standard & Poor's, sem birt var í gær.

Fyrirtækin eru öll í eigu konungdæmisins með einum eða öðrum hætti og tengjast því óbeint fyrirtækjasamstæðunni Dubai World og dótturfyrirtækjum þess, sem leitaði eftir greiðslufresti á lánum sínum í síðustu viku.

Á meðal fyrirtækjanna eru DP World, sem rekur hafnir víða, fjárfestingarfélagið DIFC Investments, frísvæðið Jebel Ali Free Zone auk tveggja eigna sem heyra undir fasteignafélagið Emaar Properties. Lánshæfismat Emaars var sömuleiðis fært niður í ruslbréfaflokkinn. Bankarnir fjórir eru helstu kröfuhafar fyrirtækjasamstæðunnar Dubai World og tengdra fyrirtækja og var lánshæfismat þeirra því lækkað. Mat Dubai World var hins vegar látið óhreyft að sinni.



**HÖFNIN Í DUBAI** Fyrirtæki í eigu konugsdæmisins í Dubai hafa síðustu ár staðið fyrir ævintýralegri uppbyggingu í eyðimörkinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Nokkurs titrings hefur gætt á hlutabréfamörkuðum vegna slæmrar skuldastöðu Dubai World en erlendar skuldir félagsins nema í kringum sextíu milljörðum dala, jafnvirði sjö þúsund milljarða króna. Þótt fyrirtækin séu öll í eigu konungsdæmisins með einum eða öðrum hætti hefur ríkið ekki viljað gangast í ábyrgðir fyrir skuldum þeirra og því hætt við að lánardrottnar fái lítið sem ekkert upp í kröfur fari fyrirtækin á hliðina.

Til stóð að seðlabankinn í Sameinuðu arabísku furstadæmunum gerði Dubai greiða um síðustu helgi og gengist í ábyrgðir fyrir skuldunum. Af því varð hins vegar ekki, að sögn BBC. **- jab**

## Dregur úr stuðningi við bankana

Evrópski seðlabankinn steig í gær fyrstu skrefin í þá átt að draga úr kaupum á skuldabréfum banka og fjármálafyrirtækja og lánum til þeirra til að létta þeim fyrirtækjum róðurinn sem lent hafa í fjárhagskröggum í kreppunni. Byrjað verður að draga úr aðgerðunum eftir slétta viku. Evrópski seðlabankinn hélt stýrivöxtum óbreyttum í einu prósenti á vaxtaákvörðunarfundi sínum í gær.

Útlit er fyrir að heildarlánveitingar bankans nemi 150 milljörðum evra, jafnvirði rúmra átján þúsund milljarða króna, í þessum mánuði.

Bloomberg-fréttastofan hefur eftir fjármálasérfræðingum að þeir óttist að seðlabankinn snúi baki við viðkvæmum fjármálafyrirtækjum á ögurstund. Bankinn megi því ekki kippa að sér höndum of hratt.

Efnahagsbati og aukinn kaupmáttur innan aðildarríkja Evrópusambandsins á þriðja ársfjórðungi skýrir aðgerðir seðlabankans. Megi vænta þess að aðildarríki ESB haldi áfram að stíga upp úr kreppunni á þessum fjórðungi, að sögn Jean-Claude Trichet seðlabankastjóra.

# Titringur á markaði

Heildarvelta á skuldabréfamarkaði nam 19,8 milljörðum króna í gær og lækkaði ávöxtunarkrafa allra flokka. Hagfræðideild Nýja Landsbankans (NBI) segir í Hagsjá sinni í gær ástæðuna mega rekja til titrings á markaðnum vegna stjórnarfrumvarpsins um innstæðutryggingar.

Mestur hluti af veltunni, eða 19,4 milljarðar króna, var með ríkis- og íbúðabréf en ávöxtunarkrafa þeirra lækkaði um allt að 48 punkta.

Í Hagsjánni segir að fjárfestar hafi skotið yfir markið og megi því búast við einhverri leiðréttingu í dag. Deildin áletur hins vegar ríkisstjórnina fyrir að leggja fram frumvarp um svo mikilvægt mál án þess að ítreka yfirlýsingu sína.



**LANDSBANKINN** Ávöxtunarkrafa allra skuldabréfaflokka lækkaði í dag vegna titrings á markaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Þá kemur fram að frumvarpið kunni að hafa áhrif á val fjárfesta og innstæðueigenda á fjárfestingarkostum, og jafnvel haft neikvæð áhrif á fjármögnun fjármálastofnana þar sem þær eru við núverandi aðstæður að mestu fjármagnaðar af innlánum. **- jab**

# Þak sett á innlendar innstæður í bönkunum

**Til stendur að leggja fram stjórnarfrumvarp á Alþingi sem felur í sér að innlendar innstæður verði tryggðar upp að vissu marki. Neyðarlögin tryggja allar innstæður að fullu. Frumvarpið getur hvatt til áhættudreifingar.**

Full ábyrgð á innlendum innstæðum í bönkum hér mun falla niður í framtíðinni og mun Tryggingasjóður innstæðueigenda tryggja innlendar bankainnstæður upp að fimmtíu þúsund evrum að hámarki, nái stjórnarfrumvarp Gylfa Magnússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, fram að ganga. Þetta jafngildir 9,2 milljónum króna á núvirði.

Breytingin er í samræmi við nýlega tilskipun Evrópusambandsins (ESB) um þak á tryggingum innstæðna sem verið er að innleiða.

Með neyðarlögunum sem sett voru í fyrra ábyrgðist ríkið allar innstæður að fullu. Ábyrgð ríkisins sem neyðarlögin kveða á um fellur þó ekki sjálfkrafa niður þótt frumvarpið verði að lögum. Frekar er horft til þess að frumvarpið búi til ramma utan um Tryggingasjóðinn og geri hann starfhæfan á ný. Þegar lög um innstæðutryggingar samkvæmt neyðarlögunum falla niður í ófyrirséðri framtíð taka nýju lögin gildi, að sögn Benedikts Stefánssonar, aðstoðarmanns efnahags- og viðskiptaráðherra.

Þingmenn hafa þegar fengið frumvarpið í hendur og er stefnt að það fari í gegnum þingið fyrir jólafrí þeirra 17. desember næstkomandi.

Viðmælendur Fréttablaðsins segja þakið geta haft jákvæð áhrif á efnahagslífið. Í stað þess að innstæður í bankakerfinu bólgni út muni fjárfestar sjá hag í að dreifa áhættunni á fleiri fjárfestingarkosti. Sem dæmi kunni í kringum sjötíu prósent innstæðna leita í aðrar fjárfestingar, svo sem ríkis- og hlutabréf. Þegar vaxtastig hér lækki megi gera ráð fyrir að fjármagnið leiti í auknum mæli út í atvinnulífið, sem muni taka við sér á ný. **jonab@frettabladid.is**



**GYLFI MAGNÚSSON** Tryggingasjóður innstæðueigenda mun ábyrgjast fimmtíu þúsund evra inneign að hámarki hér, nái stjórnarfrumvarp efnahags- og viðskiptaráðherra fram að ganga. Ábyrgð ríkisins á innstæðum fellur hins vegar ekki niður í allra nánustu framtíð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### MISMUNANDI TRYGGINGAR

Þrátt fyrir nýlega tilskipun ESB um þak á tryggingar á innstæðum í bönkum eru þær misjafnar. Þakið hljóðaði áður upp á 20.300 evrur á hvern reikning. Írar tryggja innstæður að fullu líkt og hér. Innstæðutrygging Hollendinga hljóðar hins vegar upp á hundrað þúsund evrur. Þá tryggja Bretar innstæður upp að fimmtíu þúsund pund að hámarki.




# Gullverð í átta þúsund dali eftir sex ár

Ekki er útilokað að verð á gulli fari í átta þúsund dali á næstu sex árum. Þetta fullyrðir bandaríski fjárfestirinn og fjármálasérfræðingurinn James Turk. Hann vísar til þess að í skugga himinhárrar verðbólgu og lágs gengis Bandaríkjadals verði gull eina örugga fjárfestingin.

Bandaríski netmiðillinn The Street hefur eftir Turk að bandaríska Dow Jones-hlutabréfavísitalan og verð á hverja únsu af gulli hafi haldist í hendur allt frá því á þriðja áratug síðustu aldar.

Turk bætir því við að þótt samband sé á milli gullverðs og verðbólgu skýri aðrir þættir sveifluna, svo sem skortur á málminum gyllta á mörkuðum upp á síðkastið. Þá hafi fjármálakreppan sett strik í reikninginn og slitið sambandið á milli vísitölunnar og verðsins.

Gullverð hefur hækkað um tæp fjörutíu prósent á árinu og slegið nýtt met svo að segja á hverjum degi. Um miðjan dag í gær snerti það methæðir á ný þegar verðið fór í 1.227 dali á únsu. Dow Jones-vísitalan stendur hins vegar í rúmum tíu þúsund stigum. **- jab**



*ÆVISAGA SNORRA STURLUSONAR*

# Stórkostlegar viðtökur

★★★★½

„Höfundurinn [hefur] einsett sér að skrifa sögu sem er **læsileg**, forvitnileg, og ennfremur **spennandi**, og það tekst honum vel ... svo sannarlega **hrífandi** frásögn, enda Snorri Sturluson einn helsti leikarinn í þeim dramatísku og blóðugu átökum sem leiddu til þess að Íslendingar töpuðu sjálfstæði sínu."

Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið

★★★★

„Óskar getur fagnað frábærlega könnuðu verki."

Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

„... **sannkallað meistaraverk** ... textinn er þéttur og knappur, **afar læsilegur** og skrifaður af þroskaðri snilld."

Össur Skarphéðinsson / DV

„... hin mætasta bók, og alveg **ljómandi skemmtilega** skrifuð ... heildaráhrifin af bókinni eru fjarska góð."

Illugi Jökulsson / Trésmiðjan

„... **stórvirki** ... **verð að fá að taka ofan** ... Ég efa ekki að ævisögu Snorra verður tekið fagnandi."

Einar Kárason / Morgunblaðið

„**Mjög góð** ævisaga ... **Mjög áhugaverð** sálfræðistúdía."

Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan

„... í fyrsta skipti núna sem við fáum nákvæmt yfirlit yfir feril Snorra. **Mjög gott** yfirlit yfir öldina ..."

Páll Baldvin Baldvinsson / Kiljan

„... saga Snorra sögð á mannamáli."

DV

„Loksins hefur mesti rithöfundur Íslands fengið verðuga ævisögu – sem hann átti vissulega skilið."

Sigurður G. Tómasson / Útvarp Saga




**3.** Sæti

**METSÖLULISTI EYMUNDSSON**

Ævisögur, handbækur 29.11.09

**2. PRENTUN KOMIN**



ÓSKAR GUÐMUNDSSON rithöfundur hefur dregið saman fróðleik og bundið í frásögn örlagasögu sem margir kannast við en fáir þekkja til hlítar – sögu Snorra Sturlusonar.

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Efasemdir um rannsóknarnefndina um hrunið:

## Engu leynt

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR

Síðustu daga hefur gætt efasemda um að allar upplýsingar sem varða hrunið síðastliðið haust verði gerðar opinberar. Virðist sem fólk haldi að mikilvægum upplýsingum verði leynt, eytt eða aðgangur að þeim torveldaður með öllum mögulegum hætti. Rangtúlkanir á frumvarpi forsætisnefndar Alþingis til breytinga á lögum um rannsókn á hruninu er kveikjan að þeim efasemdum. Ekki er gott að segja hvort þær rangtúlkanir hafa hlotist af misskilningi eða ásetningi. Hvort sem er, eru rangtúlkanirnar kjánalegar vegna þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að lög um aðgang að upplýsingum verði rýmkuð frá því sem nú er.

Rétt er að rifja upp hlutverk rannsóknarnefndar Alþingis um hrunið. Hún á að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls bankanna og tengdra atburða. Þá á hún að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því. Til að nefndin gæti rækt skyldur sínar var nánast öllum lögum sem annars gilda um trúnað, þagnarskyldu, persónuvernd og gagnaförgun vikið til hliðar. Hún hefur ótvíræðan rétt til að krefjast allra gagna og kalla alla til yfirheyrslna. Hún getur hlíft fólki við ákærum ef það hefur frumkvæði að því að upplýsa nefndina um mikilvæg mál. Þetta sýnir að Alþingi var og er alvara. Nefndinni voru fengnar allar þessar heimildir svo hún gæti leitað sannleikans um hrunið og upplýst þjóðina um hvað raunverulega varð til þess að hér fór allt á hliðina. Skýrslan verður opinberuð öllum – þingi og þjóð – samtímis.

Við störf sín hefur rannsóknarnefndin aflað ógrynni gagna úr föllnu bönkunum. Innan um mikilvægar upplýsingar sem með öðru varpa ljósi á aðdraganda hrunsins og skipta því máli eru upplýsingar sem engu máli skipta. Upplýsingar um bankaviðskipti venjulegs fólks. Ætlar einhver að halda því fram að slíkar upplýsingar eigi að vera aðgengilegar öllum? Til þess eru engin rök.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem staðreyndir um rannsóknarnefndina eru rangtúlkaðar. Þegar hún óskaði eftir fresti til að skila skýrslu sinni sáu einhverjir sér hag í að koma á kreik kenningu um að frestinn ætti að nota til að fela upplýsingar. Pappírstætararnir hefðu ekki undan. Tíminn sem nefndinni var fenginn í upphafi reyndist einfaldlega of knappur miðað við umfang verksins. Þó að vissulega sé slæmt að það tefjist hljótum við á móti að fá betri skýrslu.

Í frumvarpi forsætisnefndar er líka fjallað um meðferð Alþingis á skýrslunni. Níu manna þingnefnd á að fjalla um hana og móta tillögur að viðbrögðum þingsins við niðurstöðunum. Þetta hefur líka verið gagnrýnt. Að baki búa málefnaleg rök öfugt við leynimakkskenningar. Það má draga í efa að rétt sé að það fólk sem að líkindum er fjallað um í skýrslunni ákveði hvað Alþingi eigi að gera við hana. Á hinn bóginn var það jú Alþingi sem ákvað að málið skyldi rannsakað og setti alveg hreint ágæt lög þar um.

Í öllu þessu er mikilvægt að halda því til haga að sérstakur saksóknari um efnahagshrunið er að störfum. Hans verkefni er að leita uppi glæpi sem kunna að hafa verið framdir og sækja grunaða til saka. Alþingi hefur ekkert um störf hans að segja.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ljótur leki

Birgittu Jónsdóttur, þingmanni Hreyfingarinnar, var ekki skemmt í gær. Þá kom í ljós að stundataflan hennar var horfin. Þeir sem til þekkja vita að vont er að vera í óvissu um hvar á að mæta í næsta tíma, en á þessari stundatöflu var að finna plan um hvenær hún, og aðrir stjórnarandstæðingar, ættu að standa í pontu og tala gegn Icesave, hvenær þau ættu að andmæla og þá hverjum. Birgittu þótti ósvífið að stundataflan væri horfin; hún ætti að geta treyst því að jafn viðkvæmar upplýsingar og málþófstaflan fengju að vera í friði á borðinu hennar.



Hún ætlar þó ekki að setja af stað rannsókn á málinu, sá sem tók blaðið viti upp á sig sökina.

### Góður leki

Að allt öðru. Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, er ein þeirra sem hafa fagnað komu aðstandenda síðunnar WikiLeaks. Á fundi með þeim í Friðarhúsi tjáði Birgitta aðdáun sína á framtaki þeirra. Á síðunni eru birtar upplýsingar sem ekki er annars staðar að finna, gögn sem aðrir vilja halda leyndum og minnisblöð sem sumir vilja ekki að aðrir sjái.

### Fitulagið

Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi er ánægður með fjárhagsáætlun Reykjavíkur fyrir næsta ár. Skyldi engan undra, Gísli er jú í meirihlutanum sem stendur að áætluninni. Í nýlegum pistli á heimasíðu sinni ber hann saman stjórnvöld í Ráðhúsinu annars vegar og Alþingishúsinu hins vegar. Skemmst er frá því að segja að þau síðarnefndu fá falleinkunn, einkum fyrir meinta tregðu til að skera niður ríkisútgjöld. Það finnst Gísla ótækt því: „Þar hefur safnast saman fita sem hægt er að skera burt.“



Þetta er óvenjulega hreinskilin gagnrýni sjálfstæðismanns á eigin flokk. Varla heldur Gísli Marteinn að fitulagið hafi safnast saman eftir hrun og því er hressilegt að heyra hann gagnrýna átján ára valdatíð Sjálfstæðisflokkinn og þenslu á ríkisgeiranum.

kolbeinn@frettabladid.is

# Talþingi



PAWEL BARTOSZEK

Í DAG | Málþóf

Í öldungadeild Bandaríkjaþings þarf þrjá fimmtu atkvæða til að koma í veg fyrir málþóf. Á seinustu árum er raunin reyndar orðin sú að eiginlegu málþófi er sjaldan beitt, hótunin ein dugar. Mál eru einfaldlega ekki tekin fyrir ef þau njóta ekki þessa aukna meirihluta atkvæða. Þannig er málþóf eiginlega orðið lagatæknilegt þingskaparatriði. Menn þurfa ekki í alvörunni að fara upp í pontu og tala klukkustundum saman. Það að menn segist ætla að tefja er látið duga. Kannski væri það fyrirkomulag að einhverju leyti þægilegra.

Þingmennirnir gætu þá sleppt því að halda ræður um miðja nótt fyrir syfjulegan þingforsetann, enginn starfsmaður þingsins þyrfti að slá þær inn og þingmenn gætu fengið kvöldmatinn sinn á réttum tíma.

Það er raunar fremur erfitt að vorkenna þeim Steingrími og Jóhönnu, sem seint geta talist meistarar hins skarpa ræðuforms, fyrir að hafa nú fengið að kenna á eigin meðölum. Steingrímur hefur á undanförnum árum verið sá þingmaður sem lengst hefur dvalið uppi í pontu. Jóhanna setti sjálf glæsilegt Íslandsmet í ræðulengd á Alþingi þegar hún talaði í yfir 10 klukkutíma gegn hinu löngu gleymda húsnæðisfrumvarpi hins löngu gleymda félagsmálaráðherra, Páls Péturssonar. Nú er búið að takmarka ræðutíma þingmanna svo metið verður vart slegið úr þessu, enda ólíklegt að nokkur ríkisstjórn geri það sjálfri sér að snúa þeirri ákvörðun við.

Umrædd breyting hafði raunar alls ekki þau tilætluðu áhrif að gera málþófsvopnið veikara, enda var samhliða ákveðið að takmarka ekki lengur þann fjölda ræða sem þingmaður getur haldið um hvert mál.

Fræðileg efri mörk málþófs voru því eitt sinn tengd þeirri líffræðilegu staðreynd að allir þurfa einhvern tímann að sofa, en eru nú einungis háð staðfestu minnihlutans. Með síendurteknum ræðum og andsvörum er í raun hægt að halda umræðum áfram endalaust.

Í flestum öðrum löndum erum þingfundir bæði færri, styttri og hnitmiðaðri en hér á landi. Undan málgleði íslenskra þingmanna er ekki hægt að kvarta en vitanlega kemur þetta niður á störfum þingsins enda gefst þá minni tími til að taka fyrir mál í nefndum auk þess sem fjölmörg athyglisverð frumvörp komast aldrei á dagskrá þingsins. Út frá lýðræðissjónarmiðum væri mun heppilegra ef sem flest mál væru tekin fyrir og afgreidd af Alþingi, þeim yrði þá annaðhvort vísað frá strax eða þau felld eftir lok seinustu umræðu, væri andstaða við þau á þinginu. Fyrir nokkrum árum munaði til dæmis minnstu að ágætt frumvarp um sölu á bjór og léttvínum í matvöruverslunum næði fram að ganga en það var ekki tekið til umræðu eftir málþófshótun vinstri grænna. Hefði ekki verið eðlilegra, og lýðræðislegra, að láta reyna á hvort meirihluti væri fyrir því meðal þingmanna eður ei?

Manni segir raunar svo hugur að í hvert skipti sem málþófsvopni sé beitt aukist líkur á því að þingsköpum verði breytt á ný og ræðutími takmarkaður enn frekar. Sé litið til nágrannaríkja okkar í Evrópu eru í flestum tilfellum settar mun þrengri skorður á það hve oft og hve lengi þingmaður megi tala. Á þýska sambandsþinginu má hver þingmaður til að mynda tala í korter en fulltrúar þingflokka og flutningsmenn tillagna geta talað þrefalt lengur. Þar, sem á mörgum öðrum þingum, eru ræður í þingsal hugsaðar sem tækifæri fyrir þingmenn og þingflokka til að lýsa skoðun sinni á þingmálum en ekki sem hálfgildingsneitunarvald á tillögur sem þeim eru á móti skapi.

Á þessum mörg hundruð manna þingum er að sjálfsögðu nauðsynlegt að setja allt þinghald í fastar skorður svo minni hópar þingmanna geti ekki tekið þingstörfin í gíslingu. Þar er því gengið út frá þeirri eðlilegu grunnhugsun að þingsköpin eigi að tryggja rétt minnihluta til að koma skoðunum sínum á framfæri, en ekki að tryggja að þær skoðanir verði ofan á. Hvað sem mönnum fannst um fjölmiðlafrumvarpið, frumvarp um rekstrarfyrirkomulag RÚV, eða önnur umdeild frumvörp, þá er það nefnilega einfaldlega óeðlilegt að Alþingi geti ekki afgreitt umdeilt þingmál með eðlilegum hætti, bara út af því að hluti þingmanna sé alveg rosalega, rosalega mikið á móti því.

# Réttmæt gagnrýni í Magmatilboð

UMRÆÐAN

Sigrún Elsa Smáradóttir skrifar um orkumál



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

Fólk sem situr í stjórnum fyrirtækja þarf að geta treyst því að það fái nauðsynlegar og réttar upplýsingar við ákvarðanatöku. Í REI-málinu fengu þeir sem ákvarðanir áttu að taka villandi upplýsingar. Ég tók þátt í því að fletta ofan af þeim ósköpum m.a. í stýrihópi Svandísar Svavarsdóttur og mun seint gleyma þeirri reynslu. En meirihlutinn í Reykjavík virðist ekkert hafa lært og heldur áfram að fegra upplýsingar og hafa rangt við í OR.

Í Magma-málinu snerust deilurnar m.a. um virði tilboðs Magma.

Meirihlutinn hélt því fram fullum fetum að virði tilboðs Magma væri 6,31 á hlut, þetta gagnrýndum við í minnihlutanum harðlega og töldum einsýnt að virðið væri mun lægra enda 70% greiðslunnar kúlulán til sjö ára á 1% vöxtum í formi skuldabréfs sem Magma gefur út með veði í hinum seldu bréfum.

Níu mánaða árshlutareikningur sem lagður var fram í stjórn OR sl. föstudag, staðfestir að þessi gagnrýni var rétt. Enda bókfært virði þessa eignarhluta félagsins fært niður þannig að það samsvari genginu 5,4. Þannig er ljóst að stjórnarmenn í OR og almenningur fengu rangar upplýsingar við ákvarðanatöku í Magmamálinu.

Í skýringum með árshlutareikningnum kemur einnig fram að gangi samningurinn við Magma eftir komi einnig til afskriftir upp á 2.272 milljónir vegna taps Orkuveitunnar á viðskiptum með bréf Hafnarfjarðarbæjar í HS Orku. Þessu til viðbótar var hlutur Orkuveitunnar í HS orku færður niður um u.þ.b. 700 milljónir í sex mánaða uppgjöri OR. Samkvæmt þessu er bókfært tap á viðskiptum með bréf í HS Orku, gangi samningurinn eftir, um 4 milljarðar.

Þrátt fyrir þessa verulegu niðurfærslu sem er þvert á fullyrðingar meirihlutans um virði tilboðs Magma er ástæða til að ætla að niðurfærslan sé of lág og virði Magmabréfsins sé enn lægra en gengið er út frá. Hitt er ljóst að stjórnarmenn, borgarfulltrúar minnihlutans og almenningur fengu rangar upplýsing um virði tilboðsins og það er óþolandi.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

LAMBAKJOT.IS

# Lambafille

## – Í KARTÖFLUHJÚPI MEÐ RÓTARGRÆNMETI



Íslenska lambakjötið er einstakt. Það býr yfir öllum kostum gæðamatvöru, svo náttúrulega villt, hollt og ljúffengt. Láttu hugarflugið og lambakjötið dansa saman og sigurstundirnar í eldhúsinu verða margar, þegar hefðir og nýjustu straumar töfra fram nákvæmlega þá stemmningu sem þú vilt.

Lambahryggur eða fille • 1 tómatur • 8 stórar kartöflur • 1 búnt garðablóðberg (timían) • 3 gulrætur • 1 laukur 1 hvítlaukur • 1½ blaðlaukur • 1 tsk tómatauk (puré) • 1 kínahreðka • 2 búnt steinselja söxuð • 4 msk brauðraspur 1 msk smjör • og eftir hendinni - smjör, sykur, salt og pipar

Setjið vel af olíu á heita pönnu, saltið dálítið. Rífið skrældar kartöflurnar í strimla og kreistið vel út safann og sterkjuna. Steikið þær á pönnu þangað til verða dökkar að neðan og haldast þétt saman. Leggið hjúpinn á hreint stykki til þerris. Sáldið brauðraspi út á, saltð og piprið.
Skerið hvert fillet í tvo hluta, saxið steinseljuna smátt niður og veltið kjötinu upp úr henni. Leggið á kartöfluhjúpinn og notið stykkið til að vefja hjúpinn um kjötið. Steikið í ofni við u.þ.b. 200°C í 2 - 3 mínútur í hvert skipti. Takið kjötið svo út og hvílið á milli í 5 mínútur. Endurtakið tvisvar til þrisvar sinnum.

**Lambasoð**: Verkið kjötið af hryggnum og hreinsið burt fitu. Höggvið beinin og brúnið þau í ofni. Brytjið eina gulrót, lauk og blaðlauk jafnt og steikið í potti með olíu og smjöri. Setjið beinin útí og sjóðið hægt í 3 - 4 klst. og kryddið með tímían, tómatmauki, salti og pipar. Sigtið og sjóðið niður um $^{2}/_{3}$. Þeytið smjör út í og kryddið eftir smekk.

Sneiðið afganginn af gulrótum og kínahreðku eftir smekk. Setjið í pott ásamt smjöri, sykri, salti og vatni. Sjóðið þar til allur vökvi er farinn. Berið lambafille fram skorið í hæfilega bita með rótargrænmeti og lambasoði.

Lambakjöt
NÁTTÚRULEGA ... SAFARÍKT

H:N markaðssamskipti / SÍA


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Holta VÆNGIR
259 KR.KG
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGAVÆNGIR
598 KR.KG
HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
2998 KR.KG
FROSNAR ÞÝSKAR UNGNAUTALUNDIR
Holta Bringur
1698 KR.KG
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
539 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
Gríms Plokkfiskur
398 KR.PK
GRÍMS POKKFISKUR 400G
FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT.
BÓNUS Kjúklingur Bringur
1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
GEVALIA
brygg
MELLANROST
NY!
Tilboð 3 x 500gr.
995 KR.PK
GEVALIA KAFFI 3 PK.
39% LÆGRA VERÐ
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI
129 KR.DS
BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI 185 ML 10 & 18 %
Holta Leggir
498 KR.KG
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
BÓNUS
50% KJARNABRAUÐ
159 KR.STK
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500G 159 KR
DIRA
198 KR.PK
DIRAFROST HINDBER 450G
BÓNUS Rjómi
BÓNUS MATAR Rjómi
20% AFSLÁTTUR
BÓNUS RJÓMI 400ML ML 215 kr. VERÐ ÁÐUR 269 KR.
BÓNUS MATARRJÓMI 400ML ML 143 kr. VERÐ ÁÐUR 179 KR.
FLATKÖKUR
5 stk.
98 KR.PK
BÓNUS FLATKÖKUR 5 STK
198 KR.PK
BÓNUS NÝBAKAÐ KJALLARABOLLUR
m/osti 4 stk
trefjaríkt
BÓNUS SÓLKJARNABRAUÐ
BÓNUS KJARNABRAUÐ
129 KR.PK
BÓNUS SÓL OG RÚGKJARNABRAUÐ 7 sneiðar
298 KR.PK
BÓNUS PIPARKÖKUR
500G
Cocoa Puffs
295 KR.PK
COCOA PUFF 335G
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN
KOFAREYKT FRÁ KJARNAFÆÐI
ER VINSÆLASTA REYKTA KJÖTIÐ
Í VERSLUNUM BÓNUS
NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
1598 KR.KG
K.F KOFAREYKT HANGILÆRI M.BEINI
1498 KR.KG
K.F LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI
40% AFSLÁTTUR
K.F SALTAÐ FOLALD
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 776 KR.KG.
466 kr.kg.
KOFAREYKT
40% AFSLÁTTUR
K.F KOFAREYKT FOLALD M,BEINI
MERKT VERÐ 776 KR.KG. 40% AFSLÁTTUR
466 kr.kg.
Icelandpet
10% AFSLÁTTUR
ICELAND PET
GÆLUDÝRAFÓÐUR
10% AFSLÁTTUR
FIMMTUD-SUNNUD. AF ÖLLUM TEGUNDUM
CONSUL
FIRST QUALITY BANANAS
198 KR.KG
CONSÚL BANANAR
Clean & fresh
198 KR.FL
CLEAN AND FRESH MÝKIR 2 LTR.
BÓNUS
GJAFAKORT
RAFRÆNA BÓNUS GJAFAKORTIÐ ER GÓÐ JÓLAGJÖF
Þú kaupir inneign að eigin vali
Fæst í skrifstofu Bónus í Skútuvogi 12 sími: 588 8699
VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS
Egils
MALTEXTRAKT
98 KR.DS
EGILS MALT Í DÓS 33 CL
Appelsín
159 KR. 2 LTR
BÓNUS APPELSÍN 2 LTR.
Clean & Fresh
159 KR.FL
CLEAN AND FRESH UPPÞVOTTALÖGUR 625ml
SÉRVALDAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
139 KR.KG
Coca-Cola
Coke kippur 6 fl. x 2 ltr.
Venjulegt-Light-Zero og
4dósir Víking jólaöl í kaupbæti.
Verðmæti kaupauka ca 460 kr.
SAMTALS: 14 LTR.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 - 19:30

# Aðildarsamningur Norðmanna og Maltverja

**UMRÆÐAN**

Úlfar Hauksson skrifar um örlög íslensks sjávarútvegs í ESB



ÚLFAR HAUKSSON

Í síðustu grein var farið yfir helstu atriði í sjávarútvegsstefnu ESB. Hér verður farið yfir helstu atriði í aðildarsamningi Norðmanna frá árinu 1994 og Maltverja 2004. Þrátt fyrir að efnahagslegar- og landfræðilegar forsendur í Noregi og á Möltu séu ólíkar því sem gerist á Íslandi getur reynsla þeirra varpað vissu ljósi á samningsstöðu Íslendinga í sjávarútvegsmálum.

### Veiðiréttindi í fiskveiðilögsögu Noregs

Norska fiskveiðilögsagan liggur að hluta til að lögsögu ESB og þurfa Norðmenn og sambandið að semja um fyrirkomulag veiða á deilistofnum á þessum svæðum. Í tengslum við EES-samninginn á sínum tíma var gerður sérstakur fiskveiðisamningur milli Noregs og ESB sem kvað á um að veiðiheimildir ESB í norskri lögsögu færu úr 2,14% í 2,9%. Auk þess hefur ESB hlutdeild í þorski norðan 62. breiddargráðu upp á 1,28% og á sá veiðiréttur rætur sínar að rekja til samnings sem Norðmenn gerðu á sínum tíma við Spánverja og Portúgali áður en þjóðirnar gengu í ESB. Í aðildarsamningi Norðmanna varð niðurstaðan sú að frá og með 1998 yrði hlutdeild ESB norðan 62. breiddargráðu 1,57% í stað 1,28%. Miðað við leyfilegan þorskafla í Barentshafi árið 1994, sem var 700 þúsund tonn, var þarna um að ræða aukningu til ESB upp á rúmlega 2.000 tonn. Í aðildarsamningnum var einnig gert ráð fyrir að fiskiskip sambandsins fengju greiðari aðgang til veiða innan norskrar lögsögu úr sameiginlegum makrílstofni.

Í aðildarsamningnum er meginreglan sú að aflahlutdeild ESB innan norskrar lögsögu og öfugt er byggð á sögulegri veiðireynslu áranna 1989 til 1993. Eins og kom fram í síðustu grein hefur reglan um jafnan aðgang verið skilyrt með hlutfallslega stöðugleikanum og 12 mílna reglunni. Norðmönnum tókst enn fremur að fá inn ákvæði í aðildarsamning sem lokaði fyrir sókn í vannýtta stofna og stofna sem ekki sæta ákvörðun um hámarksafla. Norðmönnum tókst því í aðildarviðræðum að tryggja svo til óbreytta stöðu mála gagnvart ESB frá því sem var í fiskveiðisamningnum í tengslum við EES-samkomulagið.

### Áhrif og afleiðingar samningsins

Samningur Norðmanna felur í sér að þeir gangast undir sjávarútvegsstefnu ESB að loknum aðlögunartíma sem er frá einu og upp í þrjú ár. Að þeim tíma loknum verða þær reglur sem Norðmenn hafa viðhaft við fiskveiðistjórnun hluti af heildarfiskveiðistefnu ESB. Stjórnun fiskveiða í lögsögu Noregs myndi því formlega falla undir stofnanir sambandsins en lúta sömu reglum og til þessa. Með aðild kæmu Norðmenn beint að mótun sjávarútvegsstefnunnar í framtíðinni. Sem mikil fiskveiðiþjóð með mikla reynslu á sviði sjávarútvegs gætu þeir því haft mikil áhrif á þróun hennar.

Mat norskra stjórnvalda var að öll helstu markmið þeirra varðandi sjávarútvegsmál hafi náð fram að ganga og væru staðfest í aðildarsamningi. Í honum hafi núverandi fiskveiðiréttindi Norðmanna verið fest í sessi og áframhaldandi yfirráð þeirra yfir fiskimiðunum tryggð með fullnægjandi hætti.

*Eins og fram hefur komið falla fiskimið utan 12 sjómílna alla jafna undir sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB. Í samningaviðræðunum fóru Maltverjar hins vegar fram á að halda 25 mílna lögsögu.*



Aðildarsamningur er ígildi Rómarsamningsins og honum verður ekki breytt nema með samþykki norskra stjórnvalda. Því var talið að sjávarútvegshagsmunum Norðmanna innan ESB væri borgið til framtíðar. Emma Bonino, þáverandi framkvæmdastjóri sjávarútvegsmála ESB, kom inn á aðildarsamning Norðmanna í framsögu sinni á sjávarútvegsráðstefnu ESB og Íslands á Hótel Sögu hinn 27. september 1996. Í máli hennar kom fram að Norðmenn hafi haft aðrar hugmyndir hvað varðar sjávarútvegsmál en kveðið er á um í grundvallarlöggjöf sambandsins. Í aðildarviðræðunum hafi verið tekist á um þessi mál og fundin lausn sem báðir aðilar gátu fallist á. Norðmenn fengu ákveðinn aðlögunartíma á svæðinu norðan 62. breiddargráðu og að honum loknum „... yrði stjórnkerfið fellt inn í sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna, í samræmi við stjórnunarmarkmið og tillögur sem tilgreindar eru í sameiginlegri yfirlýsingu“. Annað atriði sem Bonino gerði að umtalsefni var að Norðmenn þurftu ekki að greiða aðgangseyri að sambandinu með því að láta af hendi aflaheimildir. Sú aflareynsla sem fyrir var áður en aðildarviðræður hófust lá til grundvallar þeim hlutfallslega stöðugleika sem samið var um.

### Aðildarsamningur Möltu

Þrátt fyrir að hagmunir Maltverja í sjávarútvegi séu afar ólíkir hagsmunum Íslendinga getur verið gagnlegt að skoða upplifun Maltverja við samningaborðið andspænis fulltrúum ESB. Íslendingar og Maltverjar eiga fljótt á litið fátt sameiginlegt annað en að vera afar fámennar eyþjóðir á jaðri Evrópu. Malta er útvörður Evrópu í heitu og sólríku Miðjarðarhafinu og Ísland er útvörður álfunnar í vindasömu Norðaustur-Atlantshafi.

### Undanþágur og fyrirvarar

Óhætt er að fullyrða að þrátt fyrir smæð sína gekk Maltverjum afar vel að ná fram sjónarmiðum sínum í glímunni við viðsemjendur sína. Josef Bonnici, viðskiptaráðherra Möltu, lét hafa eftir sér í viðtali í Morgunblaðinu 2. ágúst 2002 að sjónarmiðum Maltverja hefði verið sýndur mikill skilningur í aðildarviðræðunum. Engin dæmi hefðu verið um að erindrekar ESB hefðu stillt samningamönnum Möltu upp við vegg og sett þeim afarkosti um að samþykkja eða hafna skilmálum sambandsins. Þvert á móti hefði ESB sýnt sérstökum hagsmunum Möltu fullan skilning. Í máli dr. Roderick Pace, forstöðumanns Evrópufræðaseturs Háskólans á Möltu, á hádegisfundi Evrópusamtakanna og Evrópufræðaseturs Viðskiptaháskólans á Bifröst 3. ágúst 2005, kom fram að Malta



náði fram alls 72 undanþágum og fyrirvörum í aðildarsamning. Þar á meðal fengu Maltverjar undanþágu í einu af grundvallaratriðum Evrópusamvinnunnar – frelsi til fjárfestinga. Í aðildarsamningi Möltu er ákvæði sem telst varanleg undanþága og felur í sér að aðrir ESB-borgarar verða að hafa verið búsettir á Möltu í a.m.k. fimm ár til að öðlast rétt til að eignast fleiri en eina fasteign. Þessi undanþága sækir fyrirmynd sína í undanþágu sem Danir hafa gagnvart fjárfestingum annarra ESB-borgara í dönskum sumarbústaðalöndum en ríkisborgarar annarra ESB-þjóða verða að sýna fram á fasta búsetu í Danmörku í a.m.k. fimm ár áður en þeir öðlast rétt til kaupa á sumarbústaðalandi.

**Sjávarútvegur**

Annað dæmi um sérákvæði sem Maltverjar náðu fram í aðildarsamning snýr að sjávarútvegsmálum. Malta hefur haft nokkra sérstöðu í sjávarútvegi sem helgast af því að snemma á áttunda áratugnum lýsti Malta yfir 25 mílna efnahagslögsögu en erfiðlega hefur gengið að fá lögsöguna viðurkennda á alþjóðavettvangi. Þrátt fyrir það hefur Maltverjum að mestu tekist að stjórna fiskveiðum innan lögsögunnar en þeim hefur þó ekki tekist með öllu að útiloka sókn erlendra fiskiskipa í stofna innan hennar. Helgast það aðallega af því að flestir stofnar sem fyrirfinnast í lögsögu Maltverja eru deilistofnar sem þeir deila með Miðjarðarhafsríkjum ESB og Norður-Afríku.

Eins og fram hefur komið falla fiskimið utan 12 sjómílna alla jafna undir sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB. Í samningaviðræðunum fóru Maltverjar hins vegar fram á að halda 25 mílna lögsögu. Til að samræma sjónarmið Maltverja að sjávarútvegsstefnu ESB var farin sú leið að veiðar á hafsvæðinu umhverfis Möltu innan 25 mílna takmarkast við skip undir 12 metrum að lengd, en uppistaðan af fiskveiðiflota Maltverja er undir þeim lengdarmörkum. Ljóst er að þetta fyrirkomulag tryggir maltneskum sjómönnum einum aðgang að hefðbundnum heimamiðum þeirra einfaldlega vegna þess að það er alsendis óraunhæft að sækja á miðin úti fyrir ströndum Möltu frá höfnum nágrannaríkjanna á 12 metra bátsskeljum. Sjávarútvegshagsmunir Maltverja voru með þessu varðir með 25 mílna verndarsvæði þar sem einungis eru leyfðar strandveiðar á fleytum undir 12 metrum. Hér er því um skýra undanþágu að ræða og sérákvæði innan sjávarútvegsstefnu ESB.

**Samantekt**

Aðildarsamningur Maltverja og Norðmanna getur einungis gefið okkur óljósa mynd af því sem Íslendingar gætu hugsanlega upplifað í aðildarviðræðum. Sjávarútvegur Maltverja er í mýflugumynd í samanburði við íslenskan sjávarútveg og efnahagslegt mikilvægi sjávarútvegs og landfræðilegar aðstæður Norðmanna eru ólíkar því sem hér gerist. Þjóð með ríkjandi hagsmuni í sjávarútvegi hefur aldrei sótt um aðild að ESB og því má segja að það hafi aldrei reynt á þennan málaflokk fyrir alvöru í aðildarviðræðum. Reynsla Maltverja og Norðmanna af aðildarviðræðum getur þó varpað ákveðnu ljósi á hugsanlega stöðu okkar og hún segir okkur að ávallt er reynt að finna lausnir og leiðir til koma til móts við sérþarfir umsóknarríkis. Í næstu grein verður lagt mat á stöðu Íslands á sviði sjávarútvegs í aðildarviðræðum.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur og vélstjóri á Sólbaki EA-1. Greinin byggir á rannsókn höfundar sem birtist í bókinni Gert út frá Brussel? árið 2002. Jafnframt er stuðst við grein höfundar „Hvalreki eða skipbrot" sem birtist í bókinni Ný staða Íslands í utanríkismálum frá 2007.*







HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

*Alltaf jafn góð tilfinning að vera kominn í loftið*

**HVERS VEGNA VELUR ÞÚ ICELANDAIR?**

- Icelandair er í fyrsta sæti meðal evrópskra flugfélaga það sem af er árinu 2009 fyrir stundvísi á flugleiðinni milli Evrópu og Bandaríkjanna.
- Í september var Icelandair í fyrsta sæti þegar skoðuð var stundvísi flugfélaga sem fljúga á stuttum og meðallöngum flugleiðum innan Evrópu.
- Icelandair hefur á þessu ári verið í fyrsta sæti þegar litið er til áreiðanleika flugfélaga í Evrópusambandi flugfélaga, þ.e. Icelandair hefur aflýst flugi sjaldnar en allir aðrir.

*Icelandair skarar fram úr í stundvísi og áreiðanleika*



BERÐU SAMAN VERÐ OG ÞJÓNUSTU NÆST ÞEGAR ÞÚ FLÝGUR

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

# Mánuður í lífi barns

**UMRÆÐAN**

Sæunn Kjartansdóttir skrifar um fæðingarorlof


SÆUNN KJARTANSDÓTTIR

Áform um skerðingu fæðingarorlofs minna á hugsunarhátt „góðærisins“ þegar það þótti við hæfi að lifa lífinu eins og enginn væri morgundagurinn. Nú á að spara við umönnun ungra barna og vona það besta. Eða bara taka afleiðingunum seinna.

Það kann að virðast smáatriði hvort ungbörn dvelji mánuði lengur eða skemur í umönnun foreldra sinna, sérstaklega ef gengið er út frá þeirri grillu að nóg sé að sinna líkamlegum þörfum barna og passa að þau fari sér ekki að voða. En slíkur hugsunarháttur er ekki eingöngu forneskjulegur heldur beinlínis skaðlegur börnum. Ung börn eru jafn háð tilfinningalegri tengingu við sína nánustu og líkamlegri næringu. Hvers vegna?

Þegar barn fæðist er heili þess afar vanþroskaður og taugabrautir ómótaðar. Það er samt ekki nóg að bíða eftir að heilinn þroskist því það gerist ekki af sjálfu sér. Hvernig hann þroskast er háð aðstæðum og reynslu hvers og eins og hann er aldrei jafn auðmótanlegur og fyrstu mánuði og ár ævinnar. Jákvæð samskipti og vellíðan stuðla að tengingum á milli taugafrumna í þeim hluta heilans sem sér um getu barnsins til sjálfstjórnar og flókinna félagslegra samskipta þegar fram líða stundir. Aftur á móti getur skaðleg streita, t.d. vegna ónærgætinnar umönnunar eða aðskilnaðar frá þeirra nánustu, veikt tengingar á milli taugabrauta, dregið úr vexti heilans og veikt ónæmiskerfið.

Vegna þess að ungt barn getur ekki sjálft stjórnað líðan sinni verða foreldrar eða aðrir sem þekkja það vel að grípa inn í til að hamla streitu þess. Við það eitt að barn sé huggað eða dregið sé úr kvíða þess er streitu þess haldið innan viðráðanlegra marka og stutt er við viðkvæmt ónæmiskerfið. Á sama tíma er vöxtur örvaður í þeim hluta heilans sem hugsar um tilfinningar, hefur taumhald á hvötum og ræður færni í félagslegum samskiptum. Ef þörfum barns er ekki sinnt getur orðið röskun á líffræðilegum og sálrænum viðbrögðum sem geta haft áhrif til lengri jafnt sem skemmri tíma. Fái ung börn ekki áreiðanlega svörun er hætt við að sjálfsmynd þeirra verði neikvæð, þau læri ekki að þekkja tilfinningar sínar, þrói ekki með sér hæfileika til að setja sig í spor annarra og virði þar af leiðandi hvorki reglur né mörk samfélagsins.

En geta ekki aðrir en foreldrar brugðist nægilega vel við barni? Jú, að sjálfsögðu. En ástæða þess að foreldrarnir eru að öllu jöfnu best til þess fallnir fyrstu mánuði og ár er að þeir þekkja barnið sitt betur en nokkur annar. Þess vegna eru þeir best til þess fallnir að draga úr streitu barnsins og veita því mesta öryggiskennd.

Auk þess er væntumþykja sterkasta aflið sem fær eina manneskju til að bregðast við annarri. Eðli málsins samkvæmt geta t.d. starfsmenn á leikskólum ekki bundist öllum börnunum sem þeir sinna viðlíka tilfinningaböndum og foreldrarnir.

Þeir þurfa að sinna mörgum börnum, yfirleitt allt of mörgum, starfsmenn koma og fara og þess vegna gefst oft lítið færi á nánum kynnum. Auðvitað þurfa fleiri að koma að umönnun barna en þeir sem beinlínis elska þau en þarna skiptir tíminn máli. Því yngra sem barnið er, þeim mun meiri þörf hefur það fyrir manneskju sem er tengd því, sem bókstaflega finnur til með því og leggur sig fram um að tempra líðan þess jafnt og þétt. Þess vegna skiptir máli hvort barn er skilið frá foreldrum sínum nokkurra mánaða eða nokkurra ára gamalt, í fjórar klukkustundir á dag eða níu, þrjá daga vikunnar eða fimm.

Við höfum allt of lengi ætlað ungum börnum meira sjálfstæði og þroska en forsendur eru til. Þetta kemur ekki eingöngu niður á börnum og foreldrum þeirra heldur einnig samfélaginu, sem ber þungan kostnað vegna heilsu- og hegðunarvanda barna og ungmenna.

Ráðamönnum er sannarlega vandi á höndum við niðurskurð í viðkvæmum málaflokkum en það er alvarleg skammsýni að skera umönnun ungra barna við nögl, að ekki sé minnst á þá firru að ætla börnum einstæðra mæðra minni tíma með foreldri sínu. Nær væri að leita allra leiða til að efla tengsl foreldra og ungra barna og hlúa alveg sérstaklega að einstæðum foreldrum. Þannig gætum við, til lengri tíma litið, sparað margar krónur.

*Höfundur er sálgreinir.*

# Fækka þarf innlögnum á Vog um 500 á ári

**UMRÆÐAN**

Ásgerður Th. Björnsdóttir skrifar um áfengis- og vímuvarnarmál


ÁSGERÐUR TH. BJÖRNSDÓTTIR

Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) sjá fram á mikinn niðurskurð í starfsemi sinni á nýju ári. Ríkisstjórnin hefur lagt til í frumvarpi til fjárlaga að árleg útgjöld til samtakanna verði lækkuð umtalsvert þrátt fyrir að í janúar á síðasta ári hafi verið gerður fjögurra ára samningur milli ríkisvaldsins og SÁÁ.

SÁÁ hefur þegar skorið mikið niður og hagrætt í rekstri sínum á undanförnum misserum meðal annars með sameiningu sviða og lækkun launa- og almenns kostnaðar. Sjúkrastofnanir SÁÁ eru nú reknar með lágmarksmannafla án þess þó að þjónustan hafi verið skert. Þær niðurskurðartillögur sem nú liggja fyrir koma til með að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir þá sjúklinga sem hafa mikla þörf fyrir þjónustu SÁÁ. Þannig er fyrirsjáanlegt að loka þurfi deildum, annaðhvort að Staðarfelli á Vesturlandi og göngudeildinni á Akureyri eða með því að fækka innlögnum á Vog um 500 á ári og leggja jafnframt niður unglingadeildina á Vogi. Þetta eru afar slæmir kostir en óhjákvæmilegir verði af boðuðum niðurskurði.

**Aukið álag á sjúkrahúsum**

Fækkun innlagna á Vog mun óhjákvæmilega auka álag á bráðaþjónustu stóru sjúkrahúsanna og einnig munu sjúkradeildir þeirra þurfa að taka á móti fleiri sjúklingum til innlagna. Eins ber að hafa í huga að fólk undir áhrifum áfengis eða fíkniefna lendir oft í slysum sem meðhöndla þarf á bráðamóttökum. Þessir sjúklingar eru því mjög dýrir fyrir heilbrigðiskerfið fái þeir ekki viðeigandi úrræði. SÁÁ veitir meðferðir fyrir alkóhólista á mjög ódýran hátt og með því að halda þeim frá neyslu er hægt að lágmarka kostnaðarsamar afleiðingar neyslunnar. Kostnaður við niðurskurð í rekstri SÁÁ gæti þannig kostað tífalt meira á öðrum stöðum í kerfinu auk þess sem sjúklingarnir taka þjónustu frá öðrum sjúklingum sem sinna þarf á sjúkrahúsunum.

**Skorum á alþingismenn**

Oft er sagt að hver veikur alkóhólisti hafi neikvæð áhrif á andlega heilsu tuttugu annarra einstaklinga. Öflugasta forvörnin er hins vegar að ná ungmennum út úr fíkn sinni svo þau verði edrú því heilbrigt líferni hefur jákvæð áhrif á aðra. Það er því gríðarlega mikilvægt að veikir alkóhólistar fái meðferð og geti tekið þátt í samfélaginu á heilbrigðan hátt. Á vefsíðu SÁÁ, saa.is, fer nú fram undirskriftasöfnun, þar sem skorað er á alþingismenn að standa vörð um veika alkóhólista og endurskoða niðurskurð á útgjöldum til SÁÁ. Öll getum við haft áhrif og því er mikilvægt að sem flestir skrái nafn sitt á undirskriftalistann og leggi þannig sitt af mörkum í mikilvægri baráttu við vímuefnavandann, sem snertir nánast hverja einustu fjölskyldu í landinu.

*Höfundur er framkvæmdastjóri fjármálasviðs SÁÁ.*



**STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR** býður gestum að ganga með sér um sýninguna Steinunn á Kjarvalsstöðum á morgun klukkan 14. Hún ræðir feril sinn, efnistök og ráðandi áhrifavalda í hönnun sinni. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn. www.listasafnreykjavikur.is





FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473




Aðeins 790 kr.

Snitzel samloka

*Kaffitería Perlunnar á 4. hæð*

Snitzel samloka með súrsuðum rauðlauk, fersku káli og piparrótarsósu

Villibráðarhlaðborðinu lýkur 18. nóvember
*Tilboð mán.-þri. 7.290 kr. — Verð: 8.290 kr.*

Jólahlaðborð Perlunnar hefst 19. nóvember
*Tilboð mán.-þri. 6.890 kr. — Verð: 7.890 kr.*

Hringbrot

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is




Ragna segir bollurnar bakaðar við öll möguleg tækifæri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bollur sem drýpur af

**Ragna Sigurðardóttir átti góð ár í Danmörku undir lok síðustu aldar og þaðan á hún ýmsa muni sem eru henni kærir. Þar á meðal er uppskriftabók sem hefur að geyma sívinsæla bolluuppskrift.**

Rithöfundurinn, myndlistarmaðurinn og listgagnrýnandinn Ragna Sigurðardóttir komst yfir dönsku uppskriftabókina „Et ordentligt bröd“ á flóamarkaði í Danmörku þar sem hún bjó um nokkurra ára skeið. „Hún er full af gömlum og góðum brauðuppskriftum og þar á meðal er bolluuppskrift sem hefur notið sérstakra vinsælda á mínu heimili. Hún er dregin fram við öll möguleg tækifæri og passar vel hvort sem er með súpunni eða á kaffihlaðborðið.“

Í bollunum, sem Ragna segir sérlega mjúkar, er meðal annars mjólk, smjör og ostur og segir hún hreinlega drjúpa af þeim.

Ragna á fleiri gersemar sem hafa verið keyptar á dönskum flóamörkuðum en þaðan er meðal annars skenkurinn sem hún situr við. „Í Glostrup, þar sem við fjölskyldan bjuggum, var alltaf haldinn flóamarkaður fyrsta sunnudag í mánuði og einn daginn fór eiginmaður minn, Hilmar Örn Hilmarsson, tónskáld og allsherjargoði, út í bakarí en kom heim með skenk. Á þessum sama markaði keyptum við síðan sparistellið og kaffibollana og varðveitum við minninguna um þau góðu ár sem við áttum í Danmörku í þessum gömlu munum matarhefðum.“

Ragna gaf út bókina Hið fullkomna landslag fyrir skemmstu. Bókin er hennar fjórða skáldsaga en áður hafa bækurnar Borg, Skot og Strengir komið út. „Hið fullkomna landslag fjallar ekki um listaverk heldur um persónurnar á bak við þau. Persónur sem skapa list, sýna list, kaupa list – og falsa list. Hún fjallar um mannlega þáttinn og það sem gerist á bak við tjöldin.“ *vera@frettabladid.is*

## DÁSAMLEGAR DANSKAR BOLLUR

um það bil **20 stk.**

1 pakki þurrger
3 dl mjólk
100 g smjör
2 tsk. salt
1 msk. óreganó
75 g rifinn ostur (sterkur er betri)
5-600 g hveiti og heilhveiti, eða spelt, eftir smekk
1 egg til að pensla með

*Hellið mjólkinni yfir bráðið smjör í potti og hitið vel volgt. Hellið í skál og blandið gerinu vel saman við. Hrærið salti, óreganó og rifnum osti út í. Setjið hveitið saman við, fyrst með sleif og síðan smátt og smátt þar til hægt er að hnoða deigið og það sleppir skálinni. Setjið viskustykki eða álpappír yfir skálina sem á að vera vel rúm. Látið hefast á hlýjum stað í um klukkutíma. Búið til um 20 bollur og setjið á plötur. Hefið aftur svolitla stund. Penslið með eggi og bakið við 220 gráður í 12-15 mínútur. Bollurnar passa vel með öllum súpum og salötum og eru upplagðar í nestisbox.*


Þú getur hringt og pantað matinn heim, komið og borðað á staðnum eða tekið með heim

www.nings.is **Frábær tilboð fyrir 2 eða fleiri**

**Tilboð 1**
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu.
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu.
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
**1450** krónur á mann
**2900** krónur fyrir tvo

**Tilboð 2**
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu. Svínakjöt og grænmeti með plómusósu. Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti.
Kjúklingastrimlar og grænmeti í drekasósu.
TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU FYRIR 2 EÐA FLEIRI
**1550** krónur á mann
**3100** krónur fyrir tvo

**NINGS**
Suðurlandsbraut 6
Hlíðasmára 12
Stórhöfða 17
S. 588 9899

**OPIN LISTASMIÐJA** fyrir börn og fullorðna verður í Viðeyjarstofu sunnudaginn 6. desember frá 14.30 til 16.30. Í smiðjunni er unnið út frá friðarsúlu Yoko Ono. Gott tækifæri fyrir fjölskylduna að sameinast yfir gefandi og skapandi verkefni. Ferja fer frá Skarfabakka kl. 13.15, 14.15 og 15.15.



# Tekist á við rauða litinn

**KorpArt-hópurinn er með opið hús fyrsta laugardag hvers mánaðar á vinnustofum sínum á Korpúlfsstöðum. Á morgun takast listamennirnir á við rauða litinn í verkum sínum og sýna gestum.**

Rauður er litur sem er vandmeðfarinn. KorpArt-hópurinn lætur það þó ekki stöðva sig en listamennirnir í hópnum, sem telur um 40 myndlistarmenn og hönnuði ákváðu engu síður að takast á við þennan lit jólanna. „Við höfum að undanförnu verið að festa okkur í sessi með því að vera með opið hús fyrsta laugardag hvers mánaðar og það hefur ávallt sótt okkur heim mikill fjöldi fólks. Sumir koma aftur og aftur og tala um að alltaf sé eitthvað nýtt og spennandi að sjá,“ segir Laufey Jensdóttir myndlistarmaður og heldur áfram: „Með opnu húsi viljum við gefa almenningi tækifæri á að kynnast starfi okkar og verkum. Við í KorpArt-hópnum erum öll með vinnustofur á Korpúlfsstöðum en þar er einnig glæsilegur og sérstakur 700 fermetra sýningarsalur. Þar má finna afar fjölbreytt úrval sérstakra muna og verka sem væru til dæmis vel til fallnir í jólapökkum landsmanna.“

Laufey segir að á morgun verði samsýningin Rauður opnuð. „Það verður spennandi að sjá hvernig listamönnum tekst að vinna með og útfæra rauða litinn,“ segir Laufey og bendir á að góður endir á góðri menningarreisu væri að fá sér rjómavöfflur og heitt súkkulaði á Rósukaffi sem starfrækt er samhliða sýningunni. Sýningin Rauður er aðeins opin þennan eina dag og frá 13-17.

*unnur@frettabladid.is*



Laufey er félagi í KorpArt-hópnum sem heldur opið hús á Korpúlfsstöðum á morgun.



Sandgerði mun iða af lífi á morgun.

## Jólastuð í strandbæ

JÓLAGLEÐI VERÐUR Í SANDGERÐISBÆ Á MORGUN, HANDVERKSSALA OG SÝNING.

Í galleríi Listatorgi í Sandgerði fást ullarvörur, málverk, glermunir, skartgripir, kerti, kort, barnabækur og fleira sem sómir sér vel í jólapakkanum. Afsláttur verður veittur af öllu handverki. Ljósmyndasýning verður líka opnuð í sal Listatorgs á vegum áhugaljósmyndara í Sandgerði og nágrenni. Í veitingahúsi Vitans gegnt Listatorgi verður hægt að ylja sér á heitu súkkulaði og kaffi, borða vöfflur með rjóma og piparkökur.

*- gun*


















# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐ[SINS] 4. desember 2009

# HALDA SÍNU LITRÍKA STRIKI

Hugrún og Magni í kronkron slá í gegn með skólínu sinni

+ ÍSLENDINGUR OPNAR GLÆSILEGA VERSLUN Í BERLÍN + SVART LEÐUR HJÁ YVES SAINT LAURENT + SÉRSTAKUR BLAÐAUKI UM SNYRTIVÖRUR


TOSHIBA FRÁBÆRT FARTÖLVUTILBOÐ




Toshiba Sat L500-142

- 2.1GHz Intel Pentium Dual-Core T4300 - Centrino Duo
- 3GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB harðdiskur
- 15,6" WXGA breiðskjár
- 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort
- Þráðlaust 802.11agn netkort
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
- VGA vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

Kr. 129.950

Fullt verð kr. 147.950

UPPFÆRSLA Í WINDOWS 7 - Kr. 9.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is Allt tölvutengt á betra verði

# núna

nýtt og spennandi



**ELÍSABET ALMA SVENDSEN STÍLISTI** Á föstudaginn ætla ég að kíkja á opnun í Crymo gallerii og fara á tónleika á Kaffibarnum þar sem vinir mínir verða að spila. Á laugardaginn er ég að vinna í Rokki og rósum. Um kvöldið ætlum við í vinnunni að hittast og drekka jólaglögg og borða sushi saman.



### Allt blóðugt í Crymo

Myndlistarkonan Sólveig Pálsdóttir heldur sína fyrstu einkasýningu í Gallerí Crymogeu í kvöld. Sólveig vakti mikla athygli fyrir altaristöflur sínar á útskriftarsýningu LHÍ síðastliðið vor og hún opnaði svo Gallerí Crymogeu á Laugavegi í sumar ásamt nokkrum samnemendum sínum. Sýning Sólveigar nefnist Þetta er blóðugt og stendur yfir til 11. desember. Á efri hæð gallerísins verður svo myndlistarmaðurinn Sigurður Atli með sýningu sem kallast Vær og veggjakrot. Á opnuninni spila Johnny Stronghands og Elín Ey og hefst hún klukkan 20.

### Berjast fyrir Ben

Hópur listamanna hyggst skipuleggja tónleika til að mótmæla synjun á ótímabundnu dvalarleyfi tónlistarmannsins Bens Frost. Synjunin hefur farið fyrir brjóstið á vinum hans og velgjörðarmönnum, enda á hann hér konu og barn og á sér fastan sess í íslensku tónlistarlífi. Eins og gildir um flest önnur hitamál í dag fer baráttan fram á Facebook. Á meðal þeirra sem hafa rætt um mótmælatónleikana eru Árni Einarsson hjá Herra Örlygi, söngkonan Vera Sölvadóttir, myndlistarmaðurinn Davíð Örn Halldórsson, Gylfi Blöndal, gítarleikari í Kimono, og Eldar Ástþórsson, kynningarfulltrúi Gogoyoko.



Þetta HELST

Vöruhönnuður kemur með jólaandann í GK:

## BARNSLEGUR JÓLAANDI

Stefán Svan Aðalheiðarson, starfsmaður í GK Reykjavík, spurði hvort ég vildi vera með í að skreyta verslunina fyrir jólin. Þetta er í fyrsta sinn sem ég tek svona verkefni að mér en mér fannst það mjög gaman og er ánægð með útkomuna," segir Oddný Magnea Arnbjörnsdóttir vöruhönnuður en handsaumaðir bangsar og dúkkur úr hennar smiðju prýða nú glugga verslunarinnar GK Reykjavík.

Oddný Magnea segir jólaskreytinguna ekki hefðbundna í þeim skilningi en þó sé yfir henni einhver krúttlegur jólaandi. „Þegar ég horfi á skreytinguna þá finnst mér hún svolítið barnslega jólaleg." Oddný Magnea segir bangsana hafa orðið til eftir pöntun frá yngri dóttur sinni, en áður hafði hún verið að hanna svokallaðar mömmudúkkur. „Yngri dóttir mín bað mig um að gera handa sér bangsa og ekki gat maður sagt nei við því," segir hún og hlær.

*Yngri dóttir mín bað mig um að gera handa sér bangsa og ekki gat maður sagt nei við því.*

Þessa dagana vinnur Oddný Magnea hörðum höndum að því að sauma nýja bangsa og dúkkur fyrir væntanlegan Pop Up jólamarkað sem haldinn verður 12. desember. „Flestir bangsarnir sem ég átti til fóru í gluggann á GK Reykjavík þannig að núna er ég að sauma nýjan lager fyrir jólamarkað sem ég tek þátt í. Mig grunaði aldrei að ég ætti eftir að enda á þessari braut þegar ég útskrifaðist, en þetta er skemmtileg þróun," segir Oddný Magnea en hún hefur einnig vakið mikla athygli fyrir nýstárlegt konfekt. Þar eru á ferðinni litlar barnatær úr súkkulaði. *- sm*



**Barnslega jólalegt** Oddný Magnea Arnbjörnsdóttir skreytti glugga GK Reykjavík með fallegum böngsum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## Kampakát með viðbrögðin

**Menningar- og afþreyingarmiðillinn Miðjan virðist fara vel í fólk ef marka má fyrstu vikuna í lífi hans. „Við erum kampakát með viðbrögðin. Þetta hefur verið nett brjálæði en bara gaman," segir Bryndís. Áhugablaðamenn geta sent Miðjunni greinar til birtingar. „Við birtum ekki hvað sem er, en ef efnið er vandað og fellur að umfjöllunarefni Miðjunnar, þá birtum við það." Fjöldi landskunnra einstaklinga heldur úti bloggi á vefnum. Þar á meðal drottning matargerðarlistarinnar, Nanna Rögnvaldardóttir, og Árni í FM Belfast, sem jafnframt er einn eigenda Miðjunnar. Í dag bætist svo í hóp Miðjubloggara einn vinsælasti matarbloggari landsins, Ragnar Freyr Ingvarsson.** *- hhs*

augnablikið



**GUINNESS** erfinginn og tískudrottningin Daphne Guinness mætir til teitis í New York klædd í nýjustu hönnun Alexanders McQueen.

Einvera, Birna Design og Nakti apinn:

## Pop-Up verslun á Akureyri

Undanfarna mánuði hafa svokallaðar Pop-Up verslanir notið mikilla vinsælda. Margir íslenskir hönnuðir hafa selt hönnun sína í þessum verslunum en þær eru starfræktar í aðeins stuttan tíma í senn. Nú geta íbúar höfuðborgar norðursins tekið gleði sína því í dag verður opnuð Pop-Up verslun á Akureyri með virkilega flottum vetrarfötum. Um er að ræða hönnun frá Einveru, Nakta apanum og Birnu en þar verður að finna flotta boli, kjóla, hlýja angórukjóla, glæsileg partídress og svalt skótau. Opnunarteiti verður í dag milli klukkan 16 og 19 en búðin verður starfrækt þar til 9. janúar. Það er því engin hætta á því að einhver fari í jólakötttinn fyrir norðan. *- amb*



**Flott hönnun** Þessi fjaðurkragi er frá Einveru.

föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir Ritstjórn Anna M.Björnsson **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

2010 LÍNAN ER KOMIN
LÍTTU VIÐ OG MÁTAÐU
AUGAÐ KRINGLUNNI

Reykjavik Eyes umgjarðir eru formaðar úr heilli títaníumplötu og eru því með öllu lausar við skrúfur og hjarir. Þessi aðferð tryggir áður óþekktan styrk og sveigjanleika. Nánari upplýsingar á reykjavikeyes.com



REYKJAVIK EYES


Farmers Market
iceland
handwash gently
Opið virka daga kl.10-18 og laugard.kl.11-14
www.farmersmarket.is
FARMERS MARKET | Eyjarslóð 9 (bakinngangur) | 101 Reykjavík | sími 552 1960

# núna

✱ nýtt og spennandi



**GÓÐIR Í SNJÓINN** Í vetur er töff að ganga í grófum skóm í anda doc martens hvort sem það er fyrir stráka eða stelpur, við gallabuxur, leggings eða kjóla. Svo grípa þeir vel í slyddu og snjó.

Vörumerkið Heima ýtir undir heimilisiðnað landans:

## Laufabrauðskeppni

Margar fjölskyldur hafa þann sið í heiðri að hittast og skera út laufabrauð fyrir jólin. Nú er um að gera að taka myndavélina með í boðið og mynda flinka útskurðarmenn og -konur. Hönnunarvörumerkið Heima stendur fyrir samkeppni um fallegasta útskorna laufabrauðið á heimasíðu sinni. „Hugmyndin er að safna laufabrauðsmynstrum hvaðanæva af á landinu,“ segir Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, einn af hönnuðum Heima. „Við viljum bæði gera þetta til að minna okkur á hefðina og ýta undir þá samverustund sem fylgir laufabrauðsgerðinni.“

Unnt er skila inn myndum af laufabrauðunum á heimasíðu Heima, www.heima.eu, fram til 15. desember. Úrslitin verða svo kynnt á heimasíðunni 20. desember. Verðlaunatillagan í ár verður framleidd fyrir næstu jól. Sigurvegarinn fær tíu kökur af laufabrauði ársins í ár, prótótýpuna sjálfa þegar hún verður tilbúin og þrjátíu afsteypur, til að dreifa í jólapakkanna til vina og vandamanna um næstu jól.

Nokkrir hönnuðir koma að vörumerkinu Heima og fer þeim fjölgandi. Allar vörur innan merkisins fela í sér einhvers konar vísun í gildi byggð á náttúru, hefð eða framleiðsluaðferð. Í vor er að vænta tíu nýrra vara frá hönnuðum Heima. *- hhs*



**Laufabrauð ársins** Kemur úr Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu. MYND/HEIMA






**Eitt skref í einu** Baldvin Dungal hefur opnað verslun í miðborg Berlínar. Hann segir marga hafa komið inn í verslunina til að forvitnast um lundann og rjúpuna sem sjá má á myndinni. MYND/MÁNI THOMASSON

# KASSINN KLIKKAÐI Á FYRSTA DEGI

Baldvin Dungal opnaði verslunina Glad I Never í Berlín um helgina, en verslunin selur notaðan fatnað og tónlist auk íslenskrar hönnunar. Búðin stendur við Rosenthaler Platz í Mitte, miðborg Berlínar.„Við héldum opnunarteiti á laugardaginn en búðin var formlega opnuð á þriðjudaginn var. Viðtökurnar hafa verið góðar og margir hafa komið inn, sérstaklega til að spyrja um uppstoppaðan lunda og rjúpu sem ég er með hér inni,“ útskýrir Baldvin, sem hefur verið búsettur í Berlín síðastliðin fjögur ár þar sem hann ætlaði fyrst að læra tungumálið og ílengdist.

Baldvin opnaði verslunina í samstarfi við móður sína Elínu Kjartansdóttur og Elsu Maríu Blöndal, söngkonu Go Go Darkness og nema í tískuhönnun, sem hann segir vera sérlegan ráðgjafa sinn þegar komi að tísku. „Hún er mín hægri hönd og veit mun meira um tísku en ég. Það mætti segja að hún komi með hugmyndirnar en ég sjái um að framkvæma þær. Sjálfur hef ég ekki einu sinni unnið í tískuverslun áður og er núna í því að læra að brjóta saman skyrtur.“

Baldvin hefur verið í viðræðum um samstarf við ýmsa íslenska hönnuði og selur meðal annars hönnun eftir Jón Sæmund í versluninni. „Búðin á eftir að breytast svolítið næstu mánuði, en draumurinn er að geta selt íslenska hönnun til jafns við notaðar flíkur. Við höfum verið að reyna að fá íslenska hönnuði til að selja vörur sínar í versluninni, en margir af þeim sem ég hef rætt við vildu koma og skoða búðina áður en þeir gæfu endanlegt svar.“

Aðspurður segist Baldvin trúa því að íslensk hönnun eigi eftir að fara vel ofan í þýska neytendur. „Íslensk hönnun og Berlínarstíllinn passa í það minnsta saman eins og flís og rass. Flestir hafa sýnt þessu mikinn áhuga og ég vona að þetta eigi allt eftir að ganga upp, en það á allt eftir að koma í ljós. Við byrjum bara á að taka eitt skref í einu,“ segir Baldvin að lokum. *- sm*



sex stykki 1.590,-
2.990,-
2.990,-
2.990,-
990,-
2.490,-
590,-
2.590,-
verð frá
3.490,-
Kerti
20%
afsláttur
4.990,-
5.990,-
UNICEF
10 kort í pakka á 2.490,-
Jólakort Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF.
Ágóði af sölu kortanna rennur til verkefna Barnahjálparinnar.
3 fyrir 2
af snyrtivörum
BAÐHÚSIÐ
Ef keyptar eru vörur fyrir 20.000,- eða meira fæst gjafabréf upp á
5.000,- kr
í Baðhúsi Lindu P
JOY
NOEL
7.990,-
7.990,-
2.990,-
1.990,-
2.990,-
7.990,-
4.990,-
3.990,-
3.990,-
790,-
the PIER
kemur stöðugt á óvart
Glæsilegar jólagjafir, notaleg tónlist, góð þjónusta og fullt af bílastæðum.
FOR YOUR HOME
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# núna
✻ heimili og hönnun



**FRUMLEGT JÓLAKERTI** Þessi fallegi og stæðilegi geirfugl er næstum því of mikið listaverk til þess að kveikja nokkurn tímann í honum. Æðisleg jólagjöf fyrir fagurkera. Fæst á Landnámssýningunni, Aðalstræti.

Þórunn Högna með nýjan sjónvarpsþátt á ÍNN:

# ÚTSJÓNARSEMI KEMUR HEIM OG SAMAN

Þórunn Högnadóttur, förðunarmeistari og útlitshönnuður, er á heimavelli í nýjum sjónvarpsþætti sem hún stjórnar og heitir Heim og saman. Hann er sýndur á miðvikudögum kl. 20.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. „Ég ætla að leggja áherslu á hversu mikið er hægt að gera fyrir lítið fé. Flest fólk hefur minna milli handanna nú í kreppunni en áður en langar engu að síður að lífga upp á heimili sitt. Þá þarf oft að beita útsjónarsemi.

Í þáttunum mun ég sýna hvernig breyta megi heildarmynd heimilis og einstakra rýma ásamt húsgögnum með litlum tilkostnaði. Ég fæ fagfólk til mín sem gefur góð ráð sem og stílista.“

Þórunn segir að þátturinn verði því mjög fjölbreyttur. „Ég held að það sé þörf á þætti sem þessum, þar sem lögð er áhersla á útsjónarsemi og að gefa hlutunum nýtt líf í stað þess að kaupa allt nýtt. Það eru vissulega enn Íslendingar sem hafa efni á því síðarnefnda og það er smekksatriði hvað fólk vill gera. En verðmætamat fólks hefur breyst í kreppunni,“ segir útlitshönnuðurinn sem hefur langa reynslu í þessum geira enda var hún í fimm ár einn af stjórnendum lífsstílsþáttarins Innlit/Útlit á Skjá einum. „Í þættinum legg ég þó frekar upp úr því að nýta það sem til er og gera það fallegra. Það vill svo oft til að eigendunum þykir oft vænna um þá hluti sem þeir hafa lagt hönd á plóg við að gera upp eða breyta og líta þá öðrum augum en hina nýju. Það er eins og það myndist einhver tilfinningatengsl,“ segir Þórunn og er þotin í ný útlitshönnunarverkefni.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**Útsjónarsöm** Þórunn Högna er byrjuð með nýjan sjónvarpsþátt á ÍNN þar sem áherslan er lögð á nýtni og útsjónarsemi.

Arnar, Aníka og Matti
bjóða ykkur velkomin
Opið virka daga
9⁰⁰ - 18⁰⁰
Laugardag
9⁰⁰-13⁰⁰



SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grandagarði 5

Uppboð á munum Yves Saint Laurent rakar inn milljónum

# INNBÚ MEISTARANS

Skömmu eftir að franski fatahönnuðurinn Yves Saint Laurent lést ákvað sambýlismaður hans til fimmtíu ára, Pierre Bergé, að selja hið stórfenglega listasafn og innbú sem þeir áttu saman. Uppboðshaldarinn Christie‘s í London hefur nú haldið þrjú uppboð á hlutum úr innbúinu og það síðasta var haldið nú í nóvember. „Ég vildi setja lokapunkt á þetta,“ sagði Bergé sem hélt einungis eftir tveimur hlutum: Málverki af Saint-Laurent eftir Andy Warhol og styttu af fugli frá Afríku sem var það fyrsta sem þeir keyptu saman. Innbúið er eins konar minnisvarði um franskan smekk og inniheldur meðal annars fræg art déco-húsgögn, frönsk 18. aldar húsgögn og verk eftir Picasso og Miró. Ágóðanum af allri sölu af safninu er skipt til helminga, annars vegar til The Pierre Bergé-Yves Saint-Laurent Foundation sem er helguð því að vernda sköpunarverk hönnuðarins og hins vegar til góðgerðasamtaka sem Bergé hefur stofnað til þess að styðja við rannsóknir á eyðni. *- amb*



**Íbúð Saint Laurents** Hér sést inn í stofuna en þar hangir meðal annars verk eftir Miró.

NORDICPHOTOS/AFP

# Nærandi krem fyrir andlit og hendur

**Frá Clinique eru komnar spennandi nýjungar sem vert er að prófa. Annars vegar er Even better-andlitskremið, en það er gætt þeim eiginleikum að jafna húðlitinn. Kremið er létt, rakagefandi og inniheldur sólvörn SPF 20. Kremið dregur úr dökkum blettum og örum og kemur í veg fyrir myndun nýrra bletta og litamisfella. Hins vegar er handáburðurinn Deep comfort hand & cuticle cream. Handkremið veitir langvarandi raka og hjálpar til við að bæta ástand húðar og nagla. Til að ná sem bestum árangri er gott að bera kremið á fyrir nóttina, en kremið er tilvalið í ferðalagið eða til að hafa í veskinu til daglegrar notkunar.**



# HEITAR LAUGAR

Glæsileg bók um eitt helsta undrið í náttúru Íslands.

Fjallað er um á annað hundrað laugar um allt land, náttúrulaugar og manngerðar laugar.

Nauðsynleg handbók fyrir alla sem ferðast um Ísland.












Víst er að mikill fengur er að þessari bók og mun hún örugglega njóta mikilla vinsælda meðal baðþyrstra Íslendinga um ókomin ár ... Hér er nú fyrst kominn lykillinn að íslenskum náttúrulaugum sem einhverjir hafa án efa beðið eftir líkt og ég.

*– Ingi F. Vilhjálmsson DV*

★★★★

**SKRUDDA**
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is

# MEÐ ÁSTRÍÐUNA Í SKÓNUM

**Skólínan kron by kronkron hefur slegið í gegn um allan heim og er nú fáanleg í meira en þrjátíu löndum. Hönnuðir línunnar eru kærustuparið *Hugrún Dögg Árnadóttir* og *Magni Þorsteinsson* sem bera þónokkra ábyrgð á tískumótun landsins undanfarinn áratug.**

*Viðtal:* **Hólmfríður H. Sigurðardóttir**
*Ljósmyndir:* **Valgarður Gíslason**



**Litrík fjölskylda** Hugrún og Magni hafa alltaf hrifist af klassískri og vandaðri hönnun. Það einkennir líka þeirra eigin skóhönnun, sem rennur ljúflega ofan í skódýrkendur um allan heim. Velgengni foreldranna hefur gert heimsborgara úr syninum Míó, sem hefur ferðast meira en flestir aðrir á sama aldri en hann á þrjátíu flugferðir að baki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hugrún og Magni eru nýbúin að skila af sér fimmtu skólínunni, fyrir veturinn 2010. Um 45 pör eru í hverri línu, sem þýðir að þau hafa hannað í kringum tvö hundruð gullfalleg litrík skópör sem fá ótrúlegustu konur til að velta því fyrir sér hvenær næsta Visa-tímabil hefjist. Eru miklar breytingar á milli lína eða halda þau sömu stefnu?

„Við höldum okkar karakter en verðum kannski svolítið fjölbreyttari," segir Magni. „Eftir mikinn umhugsunartíma ákváðum við að halda bara okkar striki, enda hefur þetta gengið svo vel hjá okkur. Við látum það bara koma næst sem okkur finnst vera rétt. Ein helsta breytingin er að við verðum með meira af lægri hælum en hingað til og það kemur strax í sumarlínunni 2010."

## TÍSKUBLOGGIÐ VIRKAR

Vinsældum kron by kronkron er ekki síst að þakka tískubloggurum um allar trissur, sem margir hverjir hafa farið fögrum orðum um hönnun þeirra Hugrúnar og Magna. Ein þeirra er Susanna Lau, sem heldur úti tískublogginu Style Bubble og er eitt mest lesna blogg af því tagi í heimi. „Netmiðillinn er rosalega sterkur og er að gera góða hluti fyrir okkur. Hlutirnir gerast hraðast þar," segir Magni og Hugrún tekur undir það. „Við höfum verið í ótrúlega mörgum viðtölum úti," segir hún. „Bæði í tískublöðum en líka á mörgum netsíðum tengdum tískum. Í nokkrar vikur var það bara eitt viðtal á dag. Þetta er búið að vera mjög sérstakt."

## SNIÐ Í HAUS

Skór voru svo sem ekki ókunnugir þeim Hugrúnu og Magna áður en þau fóru út í að hanna þá sjálf. Þau hafa rekið skóverslunina Kron í níu ár og reka jafnframt tískuverslunina Kronkron. Hugrún segir það hafa verið eðlilegt framhald fyrir þau að fara út í að hanna skó sjálf. „Ég hef alltaf verið mikil skómanneskja, alveg frá því ég var lítil. Við byrjuðum í skóm og mitt passjón er í skóm. Þannig að þetta var bara tímaspursmál fyrir okkur," segir hún.

Hugrún lærði fatahönnun í París en Magni er hins vegar hárgreiðslumaður og vinnur sem slíkur tvo daga vikunnar hjá Rauðhettu og úlfinum. Hallar ekkert á hann í hönnunarsamkeppninni þeirra á milli?

„Nei, nei, það er nefnilega svipuð hugsun á bak við þetta. Við erum að búa til snið í haus alla daga. Þannig að það var ekkert mjög flókið fyrir mig að fara út í þetta," segir Magni. Hugrún segir að sér finnist það vanmetið starf að vera hárgreiðslumaður. „Þú færð bara einn haus og á tuttugu mínútum áttu að vera búinn að lesa hausinn. Svo þarftu að gera margskipt snið í þennan eina haus og manneskjan á að bera það næstu þrjá mánuðina. Og þetta áttu að gera á tveimur tímum! Þannig að það er mikil þjálfun í huga Magna sem kemur að góðum notun í hönnuninni."

Gott dæmi um hversu liðtækur Magni er með sníðaskærin er jólagjöf hans til Hugrúnar á þeirra öðrum jólum saman. „Hann gaf mér fullkomlega gerð nærföt, brjóstahaldara með spöngum og allan pakkann. Maðurinn hafði aldrei snert saumavél áður en bjó þetta til handa mér fyrir jólin!" segir Hugrún og dáist að sínum manni.

## ENGIN SAMKEPPNI

Af því að dæma hvernig þau Hugrún og Magni tala saman virðist satt best að segja ekki um mikla samkeppni þeirra á milli að ræða, heldur samvinnu í mesta bróðerni. Sem er kannski eins gott, þar sem þau vinna saman flesta daga og á kvöldin líka. „Við sitjum yfirleitt hérna hvort sínu megin við eldhúsborðið og teiknum," lýsir Magni. „Við byrjum yfirleitt í hvort í sínu lagi en förum svo að krassa ofan í hjá hvort öðru þegar á líður. Hausarnir á okkur fúnkera vel saman." Hugrún kinkar kolli og heldur áfram. „Við erum ótrúlega samtaka í öllu. Kannski af því að við erum búin að vera með Kron í níu ár, við erum orðin vön því að vera samstillt og vita hvað við viljum. Stundum höfum við til dæmis kannski val um þúsund liti. Ef okkur yrði stillt upp bak í bak og látin velja hvort fyrir sig myndum við líklega velja sama litinn. Við erum mjög samstiga og það er alveg frábært."

## BLINT STEFNUMÓT

„Við byrjuðum eiginlega að vinna saman um leið og við byrjuðum saman," svarar Magni þegar þau eru spurð hversu lengi þau hafa verið að vinna saman. Hugrún heldur söguninni áfram: „Við fórum á blint stefnumót á laugardagskvöldi. Það var mjög skemmtilegt en mér fannst hann samt svolítið fullorðinn fyrir mig. En svo rakst ég á hann á Vegamótum í hádeginu á mánudeginum, gekk upp að honum á kyssti hann ..."

„... og svo flutti hún inn um kvöldið," segir Magni. „Og þremur mánuðum síðar byrjuðum við með Kron."

Þau segja það ákveðna kúnst að vinna svona mikið saman. Álagið sé alltaf mikið og alltaf hundrað verkefni fram undan sem þau þyrftu að hella sér í frekar en að slaka á. Þau nái hins vegar vel að njóta lífsins á milli stríða og skemmti sér alltaf vel saman í vinnunni. Nema þegar kemur að einhvers konar iðnaðarmannavinnu, sem búðareigendur þurfa oft að taka að sér. „Það er einhvern veginn ekki okkar stund," segir Hugrún. „En við björgum því þannig að við ákveðum allt saman. En svo skiljast leiðir og við byrjum sitt á hvorum endanum."

## LITRÍKIR PERSÓNULEIKAR

Skórnir frá kron by kronkron eru til í öllum regnbogans litum og oft er sama parið samsett úr tveimur eða þremur litum. Þrátt fyrir litadýrðina eru þeir mjög klassískir og sóma sér vel á dömulegustu fótum. „Okkar karakter er svona," segir Magni. „Við höfum bæði ofboðslega gaman af litum og áferð og viljum hafa svolítið gaman af þessu." Á sama tíma er þeim umhugað um að hönnunin sé tímalaus. „Þannig höfum við alltaf hugsað verslanir okkar líka," segir Hugrún. „Við reynum að elta ekki ákveðin trend heldur veljum heldur góðar, fallegar og klassískar vörur. Það finnst okkur sjarmerandi og það skilar sér beint í okkar hönnun."

Skórnir eru framleiddir í lítilli skóverksmiðju á Spáni þar sem mikil áhersla er lögð á klassíska framleiðsluhætti. Þar er allt gert






## * bak við tjöldin



**Uppáhaldsborgin þín:**
**Hugrún:** Ætli ég segi ekki París, hún er svo endalaus. Annars heilla lítil þorp og bæir svo mikið.

**Magni:** París er sennilega uppáhaldsborgin mín; lyktin, söfnin, matarmarkaðirnir og fólkið á götunni er engu líkt.

**Fallegasti staður landsins:**



**Hugrún:** Það er Þórsmörk, ekki spurning, þar vil ég helst vera á sumrin.

**Magni:** Þeir eru svo margir fallegir að erfitt er að gera upp á milli þeirra, Esjan er falleg á sinn hátt. það eru Jökulsárgljúfrin líka. Svo hefur miðbærinn alltaf sinn sjarma.

**Hvað er skemmtilegast:**
**Hugrún:** Það er svo margt, en að vera með Magna og Míó í fríi er örugglega best. Og svo finnst mér voða gott að vera niðri í búð innan um gott fólk.

**Magni:** Mér finnst langskemmtilegast að lifa lífinu lifandi.

**En leiðinlegast:**
**Hugrún:** Að vera með mikið óklárað.

**Magni:** Mér finnst ekki neitt leiðinlegast.

**Mig dreymir um að:**
**Hugrún:** Ó nó, mig dreymir svo margt. Erfitt að taka það fram, en annars finnst mér ég vera í einum góðum draumi.

**Magni:** Verða glaður gamall karl sáttur við lífið og tilveruna.

**Eftirlætishönnuðurinn:**
**Hugrún:** Ég á nú erfitt með að svara þessu en ef ég á að nefna nokkra þá finnst mér góð blanda vera Eley Kishimoto, Vivienne Westwood og Sonia Rykiel.



**Föstudagur kynnir:**



**PRODIGY RE-PLASTY-LÚXUSKREMIÐ FRÁ HELENA RUBINSTEIN** vinnur strax gegn öldrun húðarinnar. Það lyftir, sléttir, mótar útlínur og gefur einstakan ljóma. Askja með 50 ml kremi: algengt verð 25.960 og með fylgir sem kaupauki varagloss, mini-maskari og Prodigy Re-Plasty Serum 7 ml.






**BUST BEAUTY EXTRA-LIFT GEL**
Hugsið ykkur, brjóstahaldari í glasi! „Lyftingar"-áhrif þessa gels gera form brjóstanna samstundis fallegra, þökk sé meðal annars áhrifum þykknis sem unnið er úr víetnamska ávextinum Vu Sua. Gelið stuðlar að því að útlínur og form brjóstanna haldist sem glæsilegast. Þessi „náttúrulegi brjóstahaldari" hlúir dyggilega að hinu þríhyrnda brjóstsvæði, frá geirvörtum í átt að höku, með því að auka þéttni húðarinnar og veita henni æskilegan raka og stuðning.



**HYDRA ZEN NEUROCALM KREMIÐ ER RÓANDI OG RAKAGEFANDI DAGKREM FRÁ LANCÔME.**
Jólaaskja: algengt verð 7.800 kr. Með fylgja sem kaupauki: taska, Hydra Zen Essence rakaserum 10 ml, augnkrem 5 ml og næturkrem 15 ml.

# SPENNANDI VÖRUR FYRIR HÚÐ & HÁR

**SKIN VIVO-KREMIÐ FRÁ BIOTHERM ER BYGGT Á GENARANNSÓKNUM.** Það snýr við öldrunarferli húðarinnar og það er sem hún fyllist innan frá og verður sjáanlega unglegri á aðeins fjórum vikum. Gjafaaskja með 50 ml Skin Vivo kremi: algengt verð 9.960 og með fylgir sem kaupauki 15 ml Skin Vivo-krem, andlitsvatn 10 ml og serum 7 ml.




**YES TO CUCUMBER FACIAL HYDRATING LOTION**
Viðkvæm húð verðskuldar milda meðferð sérstaklega þegar kemur að raka. Í þessu yndislega rakakremi er blanda af aloe vera og lífrænum gúrkum sem veitir samstundis raka. Bætt með Dauðahafssteinefnum, spirulinu, sem er ofurfæða rík af vítamínum, prótínum og öðrum næringarefnum sem hreinsa og endurnæra húðina. Þú brosir án afláts þegar húðin er orðin mjúk og geislandi. Verð á andlitskremi 990.- Ath.; 3 fyrir 2 tilboð til 10. desember.







**YES TO CUCUMBER DAILY MAKEOVER SHAMPOO**
Litað hár þarfnast sérstakrar meðferðar, Yes to Cucumber-sjampó er svarið. Við höfum sett í það aukaskammt af garðakornblómi; öflugu andoxunarefni sem verndar og styrkir hárið. Án allra parabenefna. Sjampóið er í 500 ml flösku og kostar aðeins 990.- Yes To-vörur fást í The Pier á Korputorgi og Smáratorgi. Verð á sjampói 990.- Ath.: 3 fyrir 2 tilboð til 10. desember.



**GATINEAU-TILBOÐ Í FALLEGRI SNYRTITÖSKU**
Mealtogenine-dagkrem og maski í gjafakassa. Útsölustaðir hjá Gatineau-snyrtistofum um land allt.




**NIVEA**
Nýjung í NIVEA DNAge-línunni: Létt andlitskrem sem stinnir húðina og gefur henni unglegra útlit og fallegan ljóma.




**SOTHYS HREINSITILBOÐ Á GÓÐU VERÐI.**
400 ml hreinsimjólk og 400 ml andlitsvatn. Þrjár gerðir: fyrir blandaða húð, viðkvæma húð og feita húð. Útsölustaðir: Hagkaup, Lyfja og Sothys snyrtistofur.

**SHISEIDO**
Bio-Performance-kremlínan frá Shiseido svarar öllum þörfum húðarinnar á hvaða aldri sem hún er. Þetta er heildræn lína sem vinnur gegn tímanum og byggir á þróaðri líftækni.
Bio-Performance vinnur gegn ótímabærri öldrun húðarinnar, gefur henni hámarksorku og raka.
Fjórar helstu stjörnur línunnar eru: Advanced Super Revitalizer, Super Restoring Cream, Super Eye Contour Cream og Super Lifting Formula



**ENERGIZER TOTAL ORKUGEFANDI RAKAKREM FYRIR HERRA FRÁ LANCÔME.**
Algengt jólatilboð á 50 ml kremi er 3.900 kr. Og með fylgir sem kaupauki taska, raksápa 50 ml, hreinsigel 30 ml og augnkrem 5 ml.






**BLACK PEARL NOURISHING HAND & NAIL CREAM**
Sérlega notalegur handáburður frá Svörtu Perlunni. Hann gefur góða vörn sem endist lengi. Einstök blanda svörtu perlunnar, sjávarþangs, steinefna og salta úr Dauðahafinu hjálpar húðinni að ná jafnvægi í raka og mýkt. Black Pearl vörur fást í verslunum The Pier, Smáratorgi og Korputorgi.
Verð á handáburði 1590.-
Ath 3 fyrir 2 tilboð til 10. des




**BLACK PEARL AGE CONTROL DAY CREAM**
Dásamlegt andlitskrem fyrir húð sem er aðeins farin að eldast. Í kreminu eru sölt og steinefni úr Dauðahafinu ásamt dufti úr svartri perlu sem eykur ljóma húðarinnar og sjávarþangi sem styrkir og dregur úr hrukkumyndun. Þeir sem hafa prufað kremin í línu Svörtu perlunnar halda áfram að nota þau. Black Pearl-vörur fást í verslunum The Pier á Smáratorgi og Korputorgi. Verð á dagkremi 3.690.- Ath.: 3 fyrir 2 tilboð til 10. desember.

**Föstudagur kynnir:**




# ILMVÖTNIN Í VETUR

### PARISIENNE FRÁ YVES SAINT LAURENT

Parisienne er nýr dömuilmur frá Yves Saint Laurent. Ávextir gefa ilminum kynþokkafullan blæ og nútímalegir viðartónar og musk umvefja hann orku. Allar konur geta verið „Parisienne“ í huga sér. Fæst aðeins í Hygeu Kringlu og Smára, Hagkaup Kringlu, Smára og Holtagörðum, Jöru Akureyri og Bjargi Akranesi. Algengt verð Edp 50 ml 11.600 og með fylgir 50 ml body lotion og 50 ml sturtusápa sem kaupauki.

### A SCENT FRÁ ISSEY MIYAKE

Nýi ilmurinn frá Issey Miyake, A Scent, er kvenlegur ilmur, samsettur af blóma- og viðarangan. Glasið hefur fallega hönnun stílhreint og einfalt eins og hönnun Issey Miyake er. Hönnuðurinn Issey Miyake er japanskur og ilmtegundir hans eru elegant og algjörlega tímalausir. Issey Miyake er draumóramaður sem nýtur þess að skapa listræna hluti. Í hönnun hans er að finna ótal þversagnir en þegar þær koma saman verður úr spennandi, þægileg, nútímaleg, einföld, frumleg hönnun. Issey Miyake er dásamlegur hönnuður sem gleður og nærir.




### FLORA FRÁ GUCCI

Eins og nafnið gefur til kynna liggja ilmfræðilegar rætur þessa nýja ilms í blómum, en samt hefur einstök samsetningin ýmislegt óvenjulegt og ómótstæðilegt að bjóða. Margbreytileiki þessa ilms hefst í kjarna hans sem er settur saman úr rós og Osmanthus-blóminu. Saman mynda þessi tvö kröftugu blóm fullkominn samhljóm þar sem léttir og ávaxtakenndir eiginleikar rósarinnar öðlast mótvægi í flauels- og leðurkenndum ilmeiginleikum Osmanthus-blómsins. Þetta er ástleitin en um leið fáguð samsetning, sérstæð svo að hún sker sig frá flestum blómasamsetningum. Ferskir sítrustónar og bóndarós mynda topptóninn sem einkennist af nautnalegum æskuþokka. Undir þessum sætari tónum liggur kröftugur grunnur úr sandelviði og patchouli, einkennistónum Gucci-ilmheimsins. Spennan milli þessara tveggja þátta nær algeru jafnvægi þar sem æska og léttleiki kallast á við munúð og dýpt.









### DIESEL FUEL FOR LIFE

Diesel Fuel For Life-herrailmurinn er kynþokkafullur og orkumikill ilmur. Orka fyrir lífið, ert þú á lífi? Gjafaaskja með Edt 30 ml ilmi, algengt verð 5.980, og með fylgir sem kaupauki 50 ml sturtusápa og 50 ml balm.

### WANTED FRÁ HELENA RUBINSTEIN

Wanted frá Helena Rubinstein, ilmurinn sem aðdáendur HR hafa beðið eftir er nú loks kominn á markaðinn. Fágaður og nautnafullur viðar- og blómailmur, ilmurinn hennar Demi Moore. Gjafaaskja með Edp 50 ml ilmi, varaglossi og 50 ml body lotion, algengt verð 10.900. Edp 30 ml glas, algengt verð 6.400 kr.




### ROSE THE ONE FRÁ DOLCE&GABBANA

Hjá Dolce&Gabbana er rómantík við völd og hrífandi nýr kafli í sögu The One. Það er þokkagyðja kvikmyndanna, Scarlett Johansson, sem kynnir rose The One-ilminn, þennan hlýja og heillandi ilm sem er lífleg tjáning á hreinum kvenleika. Í upphafi var The One glæsilegt austrænt og blómkennt eau de parfum. Þá kom l'eau the one, léttleikandi og loftkennd túlkun í formi eau de toilette. Og nú kemur loks Rose The One, ilmur sem bregður rósrauðum, rómantískum bjarma á The One.




### BURBERRY THE BEAT

Burberry var að senda frá sér nýjan herrailm, „The Beat“, og er þá kominn herrann á móti „The Beat“ fyrir dömuna. The Beat er nútímalegur, aðlaðandi ferskur viðarilmur með svölum takti. Burberry er fyrir alla herra sem fylgjast með.






### ARMANI CODE

Þessi herrailmur er klassískur austurlenskur ilmur. Fágaður og tælandi ilmur fyrir glæsilega karlmenn. Gjafaaskja með Edt 30 ml og deodorant stick, algengt verð 8.960 kr.






## FLOWERBOMB FRÁ VIKTOR&ROLF

Flowerbomb-dömuilmurinn frá Viktor & Rolf er ávanabindandi blómasprengja full af orkugefandi blómum og heimurinn sýnist bjartari og jákvæðari. Ilmurinn vekur dýpstu skilningarvit og þér finnst sem þú sért í eigin leynigarði langt frá grimmri veröldinni. Fæst eingöngu í Hygeu Kringlunni og Smáralind, Snyrtivöruverslunninni Glæsibæ, Debenhams, Jöru Akureyri og Bjargi á Akranesi.
Algengt verð fyrir Edp 50 ml er um 14.000 kr. og 30 ml um 10.000 krónur.



## HYPNÔSE FRÁ LANCOME

Hypnôse-herrailmurinn frá Lancôme er í senn karlmannlegur og fágaður. Gjafakassi með Edt 75 ml glasi og deodorant, algengt tilboðsverð 9.600 (venjulegt verð er 13.500), en auk þess fylgir með skópoki með rennilás, tilvalinn í íþróttatöskuna eða ferðalögin.







## MAGNIFIQUE FRÁ LANCOME

Magnifique-dömuilmurinn frá Lancôme er heitur, glæsilegur ilmur fyrir ástríðufullar konur. Heillandi viðartónar gefa ilminum dýpt og karakter, rósir kvenleika og glæsileika og saffron-heitan þokkafullan ilmtón. Gjafaaskja, algengt verð Edp 30 ml 6.900 kr. og með fylgir sem kaupauki 50 ml body lotion og 50 ml sturtusápa.




## IDYLLE FRÁ GUERLAIN

Það er alltaf eftirvænting þegar Guerlain kemur með nýjan ilm. IDYLLE er nýr ilmur sem er að koma á markaðinn, IDYLLE er skilaboð ástarinnar, fullur af ferskleika, kvenlegur með mildri blómaangan. Þetta er ilmurinn sem allar konur vilja setja dropa af á hálsinn og fá ástvininn til að koma nær.

## EAU MEGA FRÁ VIKTOR & ROLF

Eau Mega er nýr dömuilmur frá hönnuðunum Viktor & Rolf. Ilmurinn er orkumikill blóma- og viðarilmur. Eau Mega er loforð um draum stærri en lífið, nútímalegan og sveipaðan töfraljóma. Fæst eingöngu í Hygeu Kringlunni og Smáralind, Snyrtivöruverslunninni Glæsibæ, Debenhams, Jöru Akureyri og Bjargi á Akranesi.
Algengt verð fyrir Edp 50 ml er um 14.000 kr. og 30 ml um 10.000 krónur.







## HYPNOTIC POISON FRÁ DIOR

Þessi er sexí, seiðandi, munúðarfullur og vanabindandi. Saman mynda möndlur, jasmine og vanilla einn mest seiðandi ilminn á markaðnum í dag.

## DIESEL FUEL FOR LIFE UNLIMITED

Diesel Fuel for Life Unlimited, sem er aðeins fyrir konur, er blóma-, ávaxta- og viðarilmur. Hann er þokkafullur, glæsilegur og orkumikill ilmur sem eykur gleði.
Gjafaaskja með Edp ilmi 30 ml, 5.980, og með fylgir sem kaupauki tvær 50 ml body lotion túpur.




## IDOLE D´ARMANI

Idole d'Armani-dömuilmurinn er óður til kvenleika. Ilmurinn er blómailmur með ívafi ríkra kryddtóna. Einfaldur og stílhreinn eins og önnur hönnun Giorgio Armani. Gjafaaskja með Edp 50 ml, algengt verð 7.900 kr., og með fylgir sem kaupauki 50 ml body lotion.







## STELLA NUDE FRÁ STELLA MCCARTNEY

Stella Nude er nýr dömuilmur frá Stellu McCartney. Hann er ljúfur blómailmur sem dregur fram yndisþokka konunnar. Gjafaaskja með Edt 50 ml ilmi og ilmkerti, algengt verð 10.960.

## Föstudagur kynnir:







**TOUCHE ÉCLAT EÐA RADIANT TOUCH-PENNINN FRÁ YSL** Þessi penni er goðsögn sem slíkur og talinn „cult“ förðunarvara af fyrirfólki og módelum í tískuheiminum. Oft hafa komið fram á sjónarsviðið eftirlíkingar en aldrei jafningjar hans.
Pennann er tilvalið að taka með sér hvert sem farið er og nota hvenær sem er dagsins. Hann er notaður á hreina húðina eða yfir farða og gefur húðinni fallegt og frískandi útlit. Hann lýsir upp húðina og fangar ljósið, afmáir skuggasvæði og merki þreytu og smálýta og gefur húðinni óviðjafnanlegt stjörnuútlit.
Fæst eingöngu í Hygeu í Kringlu og Smára, Hagkaupum í Kringlu, Smára og Holtagörðum, Bjargi á Akranesi og Jöru á Akureyri. Algengt verð 5.560 kr.

**COLOR TO MIX FRÁ HELENA RUBINSTEIN**
Ótrúleg nýjung, eða litadropar sem innihalda tvisvar sinnum meira af litarefnum en hefðbundinn farði. Þetta eru fyrstu litadroparnir sem þú blandar í uppáhaldskremið þitt til þess að búa til þitt eigið fullkomna litaða dagkrem. Einnig getur þú blandað Color to Mix í farðann þinn til að dekkja hann aðeins, eða í sólkremið þitt til að fá fallegan og frísklegan lit, eða jafnvel í body lotion til að fá fallegan lit á bringuna eða handleggina þegar þess er óskað. Algengt verð 5.960 kr.

**HYPNÔSE-MASKARI FRÁ LANCÔME**
Klæðskerasniðinn fyrir augnhárin, hann þéttir fimmtánfalt, aðskilur og sveigir augnhárin.
Gjafaaskja: algengt verð 4.300 og með fylgir sem kaupauki 30 ml Bi-Facil augnhreinsir og minikhol-blýantur.









**DIORSHOW ICONIC-MASKARI**
Innblásinn af Dior-hátískunni og tækni sem hingað til hefur aðeins verið notuð af fagfólki á tískusýningum.
Seiðandi augu með löngum og sveigðum augnhárum. Burstinn vinnur eins og krulluburstí fyrir augnhárin og greiðir fullkomlega í gegnum augnhárin við ásetningu.

**NÝTT NIVEA PURE DIAMOND MAKE-UP**
Glæsilegir augnskuggar, varalitir, naglalökk og púður sem innihalda demantsagnir. Margir fallegir litir.



**CHROME PALETTE FRÁ BOBBI BROWN**
Glæsilegt litabox frá Bobbi Brown. Tíu mattir og glitrandi augnskuggar, fjórir litir fyrir varir, augnskuggabursti og varalitabursti. Allt sem þú þarfnast fyrir hátíðarnar til að fullkomna förðunina.

**NEGLUR** Lakkaðu neglurnar rauðar fyrir jólin með OPI RED.




**CHROME–MINI BURSTASETT FRÁ BOBBI BROWN**
Þegar plássið skiptir máli þá er þetta mini-burstasett frá Bobbi Brown með þremur mikilvægustu burstunum alveg tilvalið. Nýi Angle Eye Shadow-burstinn, face blender-bursti og eyeliner-bursti í hentugri stærð.
Fallegt krómlitað leðurveski fylgir burstunum þannig að þú getur tekið þá með hvenær sem er.







**Vetrarlínan** Skórnir frá kron by kronkron eru í senn klassískir, litríkir, skemmtilegir, fallegir og þægilegir. Því skyldi engan undra að þeir hafi náð slíkum vinsældum. MYNDIR/SAGA SIGURÐARDÓTTIR

eftir gamla laginu og meðal annars gamall maður í því hlutverki einu að búa til allar prótótýpur úr pappír. Þau Hugrún og Magni segjast leggja mikið upp úr þessu. Þau vilji gera sitt til að sjá til þess að skórnir verði eins þægilegir og vandaðir og hugsast getur.

### MÍÓ LITLI

Hugrún og Magni eiga fimmtán mánaða gamlan son sem heitir því viðkunnanlega nafni Míó. Hann hefur heimsótt fleiri lönd og álfur en flestir aðrir á svipuðum aldri. Vikugamall hafði hann komið til þriggja landa en í heild hefur hann farið í meira en þrjátíu flug. „Ég er enn þá að bíða eftir að fæðingarorlofinu," segir Hugrún.

„Ég ætla að taka það út í apríl. Það sagði ég reyndar líka í apríl á síðasta ári." Annars segist hún alveg geta hugsað sér að vera meira í því að búa til börn. „Það er best í heimi að búa til börn. Það versta er að mann langar til að gera svo margt fleira en það," segir hún. Aðalatriðið sé hins vegar að þau fjölskyldan geti verið mikið saman. „Mér finnst við bara heppin að geta verið svona mikið saman. Þannig að þó þetta sé mikil vinna er það bara allt í lagi. Við erum bara glöð og þakklát fyrir það sem við höfum."

### LEYNILEGIR DRAUMAR

Fram undan eru fleiri ferðalög og meðal annars tískuvikurnar í London og París fljótlega eftir áramótin. Miðað við hvað þau Magni og Hugrún virðast aktív er ekki annað hægt en að reyna að komast að því hvaða sigra þau sjá fyrir sér í framtíðinni.

„Við erum auðvitað með plan," segir Magni og Hugrún tekur við orðinu: „Planið er bara að vera dugleg og gera þetta vel, koma þessu vel af stað, svo maður geti haldið áfram og byrjað á einhverju nýju," og þau verða bæði spposk á svip, en segja ekki meira og ætla sér greinilega ekki að ljóstra upp draumnum alveg strax.



**Magni:** Erfið spurning, fer allt eftir hvorum megin ég fer fram úr á morgnana. Er samt alltaf heitur fyrir Peter Jensen og Vivienne Westwood.

**Tónlistin í eyrunum:**
Hugrún: Gjarnan sú sem er í eyrunum á Magna.

Magni: Nýja platan hennar Kristínar Bergs, Mubla, og Sigríður Thorlacius og heiðurspiltar.




afslöppun

# Gefðu gjafakort

– gefðu vellíðan

vellíðan slökun








hvíld

**Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf handa þeim sem þú vilt gleðja.** Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af nudd- og snyrtimeðferðum fyrir bæði konur og karla. Í heilsulindinni eru tvær ilmgufur, tveir heitir pottar þar sem boðið er upp á herðanudd, slökunarlaug og úti á veröndinni er heitur pottur og sauna. Hægt er að kaup gjafakort fyrir ákveðna upphæð í tiltekna nudd- eða snyrtimeðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafakort í heilsuræktina – meðlimakort eða á hin ýmsu námskeið. Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan og er NordicaSpa heimur út af fyrir sig.

dekur

Hilton Reykjavik Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

**Opið**

| | |
|---|---|
| Mánud.–fimmtd. | 6:00–21:00 |
| Föstudaga | 6:00–20:00 |
| Laugardaga | 9:00–18:00 |
| Sunnudaga | 10:00–16:00 |

N O R D I C A S P A

# útlit

✻ jóladekur fyrir dýrin



**HEITT Í KROPPINN** Hvernig væri að herma eftir Könunum og búa til heitt eggjapúns í desemberkuldanum? Allt sem þú þarft er rjómi, viskí, sykur og múskat sem þú lætur malla saman á vægum hita.











**Kátir voffar** Þessir blíðlegu fjárhundar eru sælir eftir snyrtngu og dekur hjá Dekurdýrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






Hundar fá snyrtingu, læknisaðstoð og stjörnumyndatöku

# DEKRAÐ VIÐ BESTU VININA

Þær Sóley Möller og Ásta María Guðbergsdóttir hundasnyrtar létu gamlan draum rætast og opnuðu síðastliðinn laugardag fyrirtækið Dekurdýr. „Ég fékk þessa flugu í höfuðið fyrir mörgum árum,“ segir Sóley, sem hefur verið hundasnyrtir í fimmtán ár. Við höfðum ekki bolmagn til þess að að hrinda hugmyndinni í framkvæmd fyrr en nú, mitt í allri kreppunni,“ segir hún og hlær. „Það sem átti að vera lítið fyrirtæki fyrir hunda-og kattsnyrtingu hefur nú undið upp á sig. Þar starfar einnig Ásdís Björk Guðmundsdóttir hundasnyrtir og nú bjóða Dekurdýr einnig upp á þjónustu dýralæknis, Björgvin Þórisson og svo ljósmyndahorn þar sem Harpa Lilja tekur myndir. Þessi þjónusta er sem sagt öll á einum stað.

Sóley segir að gæludýraeign hafi aukist gífurlega á síðustu árum, ekki síst hundaeign. Aðspurð játar hún að hundaeigendur séu svolítið skrítnir og hlær. „Þeim þykir bara svona vænt um hundana sína og vilja þeim allt hið besta. En það er heilmikil pólitík í hundageiranum eins og öðrum en það er reyndar misjafnt eftir því hvort fólk er að rækta og sýna hundana sína eða hvort þeir eru bara heimilisdýr. En margir hafa mikinn metnað fyrir hönd hunda sinna, það er rétt. Þá er það bara þannig að hverjum finnst sinn hundur fallegastur, rétt eins og með fuglinn,“ segir Sóley sem áreiðanlega dekrar við hundana sína tvo.



**Þykir vænt um hundana** Sóley Möller, Ásta María Guðbergsdóttir og Ásdís Björk Guðmundsdóttir hjá Dekurdýrum.



# Íslensk hönnun í sinni fjölbreytilegu mynd

ÍSLENSK HÖNNUN epal

**ERUM MEÐ VÖRUR EFTIR RÚMLEGA 20 ÍSLENSKA HÖNNUÐI**

Epal hf / Skeifan 6 / 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal



# tíska

* klæðin frá París



**PRINSESSUSKÓR** Kvenpeningurinn getur sennilega aðeins látið sig dreyma um þessa gullfallegu gylltu öskubuskuskó frá franska snillingnum Christian Louboutin. Skórnir eru himinháir með hinum fræga rauða sóla og það er hægt að kaupa þá dýrum dómum á www.louboutin.com



**Einfalt** Rauður varalitur og einfaldur hnútur í hárinu gaf fyrirsætum japanskt yfirbragð.



**Töff** Ótrúlega flottur leðursamfestingur við háhæluð stígvél.




Stefano Pilati innblásinn af efnahagsástandinu:

# KREPPU „CHIC“

Vetrarlína franska tískuhússins Yves Saint Laurent var það sem Frakkar kalla „super chic“, smart, stórborgarleg og aðsniðin föt sem hefðu passað fullkomlega inn í sett hjá Helmut Newton. Pilati notaðist mikið við svart leður í bland við YSL klassíkina – svartan smóking auk fallegra flauelskjóla.

Allt voru þetta samt klassískar flíkur sem konur gætu geymt í fataskápnum um ókomna tíð. „Ég verð fyrir áhrifum af efnahagsástandinu og þetta er akkúrat skapið sem ég er í núna,“ sagði Pilati. „Ég held einmitt að tímaleysi og klassík séu góð skilaboð núna í dag.“ *- amb*



**Nútímalegt** Flottur kjóll með kraga í asískum stíl.



**Kvenlegt** Fallegt korselett við víðar „harem“-buxur.



**Klassískt** Síður kjóll innblásinn af hinum klassíska YSL smóking-jakka.

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

# Gjöf frá Clarins






**4.990 kr.**

**Frábær gjöf fyrir allar konur.** Stór túpa af hinu vinsæla Moisture Rich Body Lotion sem mýkir og nærir þurra húð. 30ml af Smoothing Body Scrub, sem slípar og sléttir húðina, og Hand and Nail Treatment Cream 30ml.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 48293 12.09

## Weleda



**1.818 kr.**

**Weleda**
frískandi sítrus sturtusápa.

**3.449 kr.**

**Weleda**
slakandi lavender baðmjólk.

## L´Oréal




**3.490 kr.**

Gjafaaskja með svörtum **L´Oréal Collagen** maskara, sem gefur augnhárunum einstaka þykkt og lengd, ásamt svörtum Kohl augnblýanti sem er mjúkur og smitar ekki.

## Boss



**8.995 kr.**

**Boss Hugo Element** gjafaaskja. Eau de Toilette 60 ml. After shave Balm 50 ml. Sturtugel 50 ml.

## John Frida




**2.995 kr.**

3 mismunandi gjafapakkningar frá **John Frida**. Sheer blonde, Brilliant Brunette og Luxurious Volume. Í hverjum pakka fylgir með frítt Glaze.

## Boss




**5.619 kr.**

**Boss Skin** gjafaaskja. Moisture Cream 50 ml. Face Wash 30 ml. Moisture Cream 30 ml.

## Lancôme



**6.872 kr.**

Gjafaaskja með **Hypnose Senses,** 30 ml dömuilmur, 50 ml body lotion og 50ml sturtugel.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

# tíðin

✻ list og hönnun



**ILMANDI HEIMILI** Fátt jafn einfalt gefur jafnmikla jólastemningu og mandarína skreytt með negulnöglum. Fallegt jólaskraut sem ilmar dásamlega.



**Hringar úr hnöppum** Efniviður Sólbjargar Hlöðversdóttur þrykkjara er gamlar tölur. Þær nýtir hún á ýmsa vegu og býr meðal annars til hringa, nælur og ermahnappa.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Krummar** Adda Rúna Valdimarsdóttir, list- og verkgreinafræðingur, vinnur myndir af krumma. Á sölusýningunni er hún jafnframt með fleiri tegundir af myndverkum.



**Gamalt og nýtt** Gullmoli á steyptum fæti eftir Önnu Margréti Sigurðardóttur.



**Axlaslá** Ríkey Kristjánsdóttir, búninga- og textílhönnuður, vinnur axlaslár úr hekluðum dúkum og öðru efni sem henni þykir fallegt. Hún gerir einnig ýmiss konar háls- og herðaskraut sem er til sölu og sýnis í Brunninum.



**Strokkur** Eftir Ríkeyju Kristjánsdóttur. Hver flík er handprjónuð og skreytingarnar vinnur Ríkey einnig í höndunum.







# LIFANDI SÖLUSÝNING Í SÆVARI KARLI

„Við vildum koma með viðbót við það sem aðrar hönnunarverslanir hafa verið að bjóða," segir Anna Margrét Sigurðardóttir, ein fjögurra hönnuða sem standa að sölusýningunni Brunni, sem nú stendur yfir í Galleríi Sævars Karls. „Brunnurinn er á milli þess að vera listasýning og búð. Í hvert sinn sem hann dúkkar upp verður eitthvað nýtt að finna í honum. Hann fer í ferðalag og getur dúkkað upp hvar og hvenær sem er. Líklega verðum við næst á Akureyri og á Seyðisfirði en það er aldrei að vita nema að við komum við á fleiri stöðum á leiðinni."



**Snæfell** Diskamottur úr áli og steyptur hitaplatti í laginu eins og Snæfellsjökull. Hugmyndin er að jökullinn sé að hverfa en við fáum álið í staðinn.

Auk Önnu standa að Brunni þær Ríkey Kristjánsdóttir, Adda Rún og Sólbjörg Hlöðversdóttir. Með í Brunninum í þetta sinn eru svo þær Bryndís Bolladóttir og Ólöf Erla Einarsdóttir.

Listakonurnar völdu sér Brunnsnafnið þar sem það minnir á uppspretturnar sem fólk þrífst ekki án. Sama gildir, að þeirra mati, um uppsprettu sköpunar. Þær vilja virkja uppspretturnar sem er að finna úti um allt land.

Brunnurinn er opinn á venjulegum afgreiðslutíma verslunar Sævars Karls. Á laugardaginn á milli 4 og 5 munu rithöfundarnir Kristín Marja Baldursdóttir, Þórarinn Eldjárn og Einar Már lesa upp úr verkum sínum. Alla laugardaga fram að jólum verður upplestur á staðnum. Bækur rithöfundanna verða þar til sölu og rennur allur ágóði af sölu þeirra til Barnaheilla, til styrktar íslenskum börnum. *- hhs*



**Í miðjum Brunninum** Bryndís Bolladóttir og Anna Margrét Sigurðardóttir eru meðal hönnuða sem sýna í Brunninum.



**1-2-3** Bryndís Bolladóttir textílhönnuður vinnur þessar fallegu mublur, sem heita 1, 2 og 3, úr ónýttum efnisafgöngum.



**Hnöttur** Anna Margrét Sigurðardóttir vinnur með þá hugmynd að steypa gömlum hlutum í nýtt. Lampinn sjálfur er nýr og steyptur en kúpullinn gamall.


Christian Dior og fleiri hönnuðir leggja nú upp með ökklasokka.

# Ökklasokkar við háa hæla



Hingað til hefur ekki þótt smart að skarta sokkum við háa hæla en slíkt má nú sjá nokkuð víða.

Á tískusýningu Christian Dior fyrr í vetur vöktu ökklaháir glimmersokkar við himinháa platform-hæla athygli. Fleiri hafa farið sömu leið og hafa hönnuðir Burberry leikið sér með krumpusokka sem voru síðast heitir á áttunda áratugnum. Ökklaháar legghlífar við háa hæla sjást hjá Chloe og litskrúðuga sokka við opna skó er að finna hjá John Galliano, Rochas og fleirum.

Yfirleitt eru sokkarnir bornir við skó sem eru opnir í tána og virðist mest lagt upp úr því að litirnir og áferðin stangist sem mest á við annan klæðnað. *- ve*


CLINIQUE

## Gjöfin þín er í Lyfja & heilsu
## Eiðistorgi, Kringlunni og Selfossi!

Ef keyptar eru Clinique vörur fyrir 4.900 kr eða meira*



- Youth Surge SPF 15 Age Decelerating Moisturizer 15ml
- Liquid Facial Soap Mild 30ml
- Lash Doubling Mascara svartur, 4g
- Aromatics Elixir 4ml
- High Impact Lip Colour litur Extreme Pink 4g
- Clinique lyklakippa með: Superbalm Moisturizing Gloss litur Raspberry 5ml

*Meðan birgðir endast
Verðgildi er 15.000 kr

CLINIQUE
Ofnæmisprófað.
100% ilmefnalaust.

Lyf & heilsa
við hlustum!



Kamilla og Þórdís alsælar í nýja plássinu þar sem þær segjast hafa mun meira andrými en á efri hæðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stækkaði um helming

Verslunin Friis Company í Kringlunni heldur upp á fimm ára afmælið sitt um þessar mundir með ýmsum hætti. Hún hefur til dæmis fært út kvíarnar, hoppað niður um eina hæð og komið sér fyrir í helmingi stærra plássi en hún var í áður. Því njóta hinar dönsku vörur sín enn betur en fyrr, veskin, nærfötin, skórnir, beltin og hinir ýmsu fylgihlutir.

„Já, við færðum okkur niður á næstu hæð og erum núna í plássinu sem Konfektbúðin var í á sínum tíma, rétt við blómatorgið, á ská á móti Polarn og Pyret," segir Kamilla Sveinsdóttir sem á búðina ásamt Þórdísi Lárusdóttur. „Við vorum í óskaplega litlu rými á efri hæðinni," segir Kamilla. „En nú höfum við meira svigrúm," bætir hún við hress. *- gun*




## ENSKA ÁN ERFIÐIS



Frábær leið til þess að læra ensku þegar þér hentar. Á nokkrum mánuðum getur þú skilið og talað ensku án erfiðis.

**Hlusta:** Nám á 18 geisladiskum með enskum og íslenskum kennurum. Nemandinn hlustar á geisladiskana og nýtir þannig heyrnaminni sitt.

**Lesa:** Vinnubók með ensku og íslensku textunum hlið við hlið. Nemandinn nýtir þannig sjónminni sitt og tengir jafnframt við eldri námsaðferðir.

**Tala:** Nemandinn les upphátt með kennurunum og leiðréttir þannig framburð sinn, jafnframt nýtir hann tilfinningaminni sitt og færni í að tala ensku.

**Aðstoð:** Nemandinn getur haft samskipti við kennara símleiðis eða með tölvupósti

** Námskeiðið hefur reynst mjög vel fyrir nemendur eldri en 25 ára.*

*Námskeiðið er afar vinsælt t.d. fyrir hjón sem vilja læra tungumál samhliða.*

*Góð gjöf fyrir fólk sem hefur gaman af ferðalögum.*

**Nánari upplýsingar í síma 540-8400 eða 820-3799** Tungumál.is

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Sölvi Snær Magnússon auglýsingastjóri**

1



**Við feðgarnir vöknum eldsnemma og förum á Gráa köttinn í beikon-brunch þar sem við spjöllum um heima og geima fyrir skólann.**

2

**Ég valinn starfsmaður mánaðarins og allir gefa mér „high five“ og svona.**

3

**Hádegispartí á Marengs í Listasafni Íslands með eldhressum vinum þar sem sögur og brandarar fjúka hægri og vinstri.**

4



**Göngutúr í blankalogni og sól um snævi þakin Þingholtin með skemmtilegustu og sætustu dömu bæjarins (þar sem þetta er nú óskhyggja um hinn fullkomna föstudag).**

5



**Seinni partinn er flogið til New York. Kvöldið er tekið á eldgömlum veitingastað í Litlu Ítalíu, þar sem maður er ekki alveg viss um hvort liðið er mafíósar eða ekki, enda svo á brjáluðum rokktónleikum á litilli tónleikabúllu.**




# Langar þig að vinna í hljóði?



Tækniskólinn og Stúdíó Sýrland bjóða upp á nám í Hljóðtækni.

Námið hefst í janúar og skiptist í 3 annir - vor/sumar/haust. Kennsla fer að mestu fram í hljóðverum STÚDÍÓ SÝRLANDS við bestu mögulegu aðstæður. Náminu lýkur með lokaverkefni og starfsþjálfun.

**Takmarkaður fjöldi nemenda.**

Kenndar verða tónlistarupptökur, hljóðsetningar, hljóðblandanir, masteringar, tónleikaupptökur, eftirvinnsla á hljóði fyrir sjónvarpsþætti, auglýsingar og kvikmyndir og fleira sem tengist hljóðvinnslu.

**Umsóknarfrestur er til 6. desember.**

Allar nánari upplýsingar má finna á www.hljodneminn.is, www.syrland.is og www.tskoli.is

SÝRLAND - við vinnum í hljóði

Tækniskólinn skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

**Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan**

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**
**Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is**

föstudagur

**Fylgstu með**



**JÓLAÞORPIÐ** í miðbæ Hafnarfjarðar verður opnað í dag. Litlu jólahúsin eru stútfull af fallegum varningi. www.hafnarfjordur.is



# Með jólakúlu í Grýluham

**Lilja Katrín Gunnarsdóttir er með jólakúlu. Hún býr sig undir móðurhlutverkið með því að leika áttatíu barna móður í einleiknum Let's talk Christmas á Restaurant Reykjavík.**

Lilja Katrín þarf sko ekkert að föndra fyrir þessi jól því hún er með jólakúlu í maganum. „Já, þetta er dýrmætasta jólaskraut sem ég hef nokkurn tíma átt," segir Lilja, sem á að eignast sitt fyrsta barn milli jóla og nýárs. Hún situr samt alls ekki auðum höndum og bíður eftir barninu sínu heldur er hún í fullu starfi sem blaðamaður á DV og hefur nú tekist á hendur að leika einn mesta kvenskörung Íslandssögunnar, nefnilega hana Grýlu. „Þessi einleikur var settur upp í fyrra líka og heitir Let's talk Christmas. Þá fór Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir með hlutverk Grýlu og við skiptum því með okkur núna. Þar segir hin undurfagra Grýla frá jólunum á Íslandi með því að skoða dagatal sem samanstendur af tuttugu og fjórum kössum og ofan í þeim öllum er eitthvað séríslenskt og jólalegt, hangikjöt, jólakötturinn og fleira," segir Lilja og bætir við að þarna sé kjörið tækifæri til að sjá hvað jólahefðir okkar Íslendinga eru skrýtnar. „Til dæmis allar þessar hryllingssögur sem við erum búin að búa til í kringum jólin. Og af hverju verða allir að borða grænar baunir í ómældu magni á jólunum?"

Verkið var frumsýnt 4. desember og leikið er á ensku. Það er sýnt á Resturant Reykjavík og hægt er að nálgast miða þar. Þar er önnur sýning í gangi líka sem heitir Let's talk local og þeir sem koma á báðar sýningarnar fá afslátt af miðaverði á aðra sýninguna. Svo fá sýningargestir að smakka ýmsa íslenska jólarétti, hangikjöt, laufabrauð og jólaöl að ógleymdum grænu baununum. „Þessi sýning er alls ekki bara fyrir ferðamenn heldur er kjörið að fara með erlenda gesti á hana og líka bara að kíkja sjálfur og sjá okkur Íslendinga og jólasiðina okkar með gests augum."

Lilju finnst mjög spennandi að takast á við Grýlu og segir hana mikinn húmorista. „En hún er illkvittin, maður myndi ekki vilja lenda í henni." Samkvæmt þjóðtrúnni átti Grýla eitthvað í kringum áttatíu börn.

Skyldi Lilja ekkert vera hrædd um að hún sé með fjórtánda jólasveininn í maganum? „Nei, þetta er lítil Grýla, sjálfstæð og sterk, skapmikil, ákveðin og veit hvað hún vill."

- bb



Lilja Katrín telur niður til jóla þegar barnið hennar kemur í heiminn og drepur tímann með því að leika Grýlu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Háteigskirkja verður vettvangur aðventuhátíðar Bergmáls. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Í dag er glatt

**Samleikur á þverflautur og söngur Veiranna verður meðal atriða á aðventuhátíð Bergmáls í Háteigskirkju á sunnudag.**

Bergmál, líknar- og vinafélag, heldur sína árlegu aðventuhátíð á sunnudag, 6. desember klukkan 16. Dagskráin er fjölbreytt og byggist á töluðu orði og tónlist til skiptis. Jólaguðspjallið er lesið af Ingimundi Jónssyni og ávörp, hugvekjur, bænir og þakkir flytja Reynir Guðsteinsson, Ólafur. B. Kristinsson, sr. Helga Soffía Konráðsdóttir og Kolbrún Karlsdóttir.

Sönghópurinn Veirurnar syngur nokkur lög. Það er vinahópur úr hinum ýmsum kórum sem hefur tekið sig saman. Annað tónlistaratriði er samleikur á þverflautur sem er í höndum Elvu Lindar Þorsteinsdóttur kennara og Aðalbjargar Ellertsdóttur nemanda. Svo syngja viðstaddir nokkra sálma við undirleik Douglas A. Brotchie orgelleikara.

Að lokinni dagskrá í kirkjunni verða veitingar fram reiddar í safnaðarheimili Háteigskirkju.

- gun





Gabor
Skór & töskur



Sérverslun með
Gabor
xena
FÁKAFENI 9
(við hliðina á ísbúðinni)
Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18
& laugard. 11-16


## Jólatrésskógur sprettur á Akureyri

GÖMUL JÓLATRÉ SKREYTT Á MARGVÍSLEGAN MÁTA VERÐA TIL SÝNIS Á MINJASAFNINU Á AKUREYRI UM HELGINA.

Jólatrésskógur sprettur upp um helgina í grunnsýningu Minjasafnsins á Akureyri sem nefnist Akureyri – bærinn við Pollinn.

Íslendingar byrjuðu að skreyta heimili sín með jólatrjám á seinni hluta 19. aldar. Jólatrén munu hafa verið útfærð á margan hátt en yfirleitt var leitast við að hafa heimagerðu trén sem líkust grenitrjám. Bernskujólatrén, sem félagar úr Laufáshópnum hafa grafið upp úr pússi sínu eða gert eftirlíkingar af, setja jólalegan blæ á sýninguna fram til 20. desember.

Á aðventunni má á safninu sjá leikföng sem sjálfsagt hafa glatt margt barnshjartað einhver jólin fyrr á tíð og þau bera með sér anda liðinna tíma í sýningunni Allir krakkar, allir krakkar – líf og leikir barna. Í henni má einnig sjá jólaskreytta skólastofu frá því í kringum 1950 og unglingaherbergi frá 7. áratug síðustu aldar. Minjasafnið á Akureyri er opið á laugardögum og sunnudögum kl. 14-16 til 20. desember.




Þýskar gæðabuxur - tvær síddir
Verð 12.900,- kr.
hjá Hafnhildi
Engjateigur 5 - 105 Reykjavík - s: 581 2141 - www.hjahrafnhildi.is

Smáauglýsingar Fréttablaðsins eru einnig á visir.is



FRÉTTABLAÐIÐ
vísir.is
„...ég sá það á vísi"

Langur laugardagur í Flash



Kjólar
Áður ~~14.990,-~~
Nú 9.990,-
Stærðir S-XL
3 litir

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201

# BÍLAR & FARATÆKI

HEIMSBÍLAR



Range Rover Vogue HSE DÍSIL árg 02/2005, ek 86þ, krókur, mjög flottur bíll, einn með öllu, ásett verð 6.990þ



BMW 540I með M pakka, árg 10/2003, ek 59þ, skoðunarverður bíll og fæst á góðu verði. hefur lent tjóni, ásett verð 2.690þ

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**






Toyota Hi-lux árg. 2005, diesel, ekinn 102 þús.km., pallhús, dráttarbeisli, lítur mjög vel út, sk.'10, verð kr. 2.350.000,- 821-6292.



Nissan Terrano diesel 2,7 árgerð 2001, beinsk., 7 manna, einn eig., ekinn 131 þús., þjónustubók, sk.'10, 100% lánað, verð kr. 1.330.000,- 821-6292 og á bill.is



MM L-200 pick-up árgerð 2000, diesel, 4dyra, sjálfsk., einn eigandi, þjónustubók, ekinn 145 þús., sk.'10, 100 % lánað, verð kr. 850.000,- 821-6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**




### Vilt þú kaupa selja eða skipta ?

Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins á bifreiðum og stórlækkaðan sölukostnað.Skráðu bílinn frítt á www.Netbilar.is sími 588-5300 eða kíktu við í Hlíðasmára 2. Netbilar.is bjóða betur

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**




TOYOTA LAND CRUISER. Þetta er nýr ókeyrður LC 120, silfur grár, sjálfskiptur, LX, samlitur, ný VX dekk og felgur, 8 manna, sóllúga, Okkar verð 8,7 millj.. kostar 9,9 millj úr UMBOÐINU . Rnr.102518. Skráðu bílinn þinn frítt á hofdabilar.is eða kíktu í kaffi.

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**






TOYOTA YARIS SOL Árgerð 2006. Ekinn 46 þ.km Verð kr. 1.590.000

**Höfðahöllin**
**Norðurhella 8, 221**
**Hafnafjörður**
**Sími: 567 4840**
**Vantar bíla á skrá og á staðinn.**
**www.hofdahollin.is**




Range Rover Sport SE dísel, árg.2008, ek. 14þús.km, sjálfsk, leður, Harman kardon hljóðkerfi, krókur, Stór glæsilegur umboðsbíll hlaðinn búnaði, Ásett verð 9500þús.kr!bíllinn er á staðnum




Suzuki Jimny JLX, árg.7/2001, ek 114þús.km, beinskiptur, rafmagn, abs, ofl, Góður bíll, Ásett verð 550þús.kr, Tilboð 430þús.kr. staðgreitt!! bíllinn er á staðnum!!

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Landcrusier 80 vx '33 árg. 1995 ek. 315,000 Verð 1,390,000 Gott eintak. Bílás Bílasala Akranes S:431 2622/bilas.is




Toyota, Dodge, Ford með stórútsölur í USA. Útvegum nýja og nýlega bíla frá öllum helstu framleiðendum á lægra verði. Eigum heima Toyota Highlander Hybrid jeppa og Tacoma pallbíll sýningabíla á frábæru verði. islandus.com - Sími 552 2000.

VW Golf árg.'99. 3 dyra, ek 158 þús. bsk. Verð 335 þús. Uppl. í s. 861 7642

Til sölu Musso Sport pickup árg. '04 í toppstandi. Uppl. í s. 892 4353.

## 0-250 þús.



SUBARU IMPREZA 4x4 Ný skoðaður '10 árg. 97 5gr. ek 248þ. Litur vel út og keyrir vel. 220þús eða tilboð uppl. 862 1200.

### Corsa árg. '99. Tilboð 195þ.

Opel Corsa árg. '99 5d., 5g., sk. '10 og ek. 160þ. Uppl. í s. 891 9847.

Til sölu Nissan Micra árg98 v.40þús þarfnast lagfæringar skoðaður eyðir litlu, lítið keyrður S:696-1945

## 500-999 þús.



MMC Galant Árgerð 2000 Nýskráning 11 / 2000 Akstur 192 þ.km. N.s 2010 Verð : 690.000 Leðuráklæði Upplýsingar í síma 869 5346.

## Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 15-40þ. má þarfnast lagfæringar. Uppl. s. 773 4459

### !!! 0-200þús staðgreitt !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

### Yaris árg. '06 eða '07

Vantar Yaris 1300 bsk., helst 5d., lágan og á álfelgum. Stgr. (ekki tjónabíl). S. 898 4207.

### Vantar Econoline til niðurrifs

Vantar Econoline til niðurrifs boddí yngra en '91, helst langur (E 350), helst hvítur. 897 3015

### Óska eftir bíl

Óska eftir bíl fyrir allt að 200.000- stgr. má þarfnast lagfæringa. Skoða allt. Uppl. í síma 861 7600.

## Jeppar



### 7 manna á 300.000-

Til sölu Dodge Caravan Base árg. '97 ekinn 224 þ. km sjálfskiptur 2.4 vél 7 manna álfelgur krókur nýleg vetrardekk nýtt í bremsum skoðaður 2010 verð 590.000- TILBOÐ 300.000- stgr. uppl. í síma 899-3939.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

## Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

## Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

## Mótorhjól




### Haustútsala á vespum í stuttan tíma!

50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús. Nú 169 þús.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**



NÚ FÆST HANN Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI AÐEINS 34,999,- ! SPRÆKUR OG SKEMMTILEGUR FJARSTÝRÐUR RAFMAGNSBÍLL MEÐ RAFHLÖÐU, HLEÐSLUTÆKI OG FJARSTÝRINGU. HAGKAUP GARÐABÆ S: 5635411



KTM 450 EXCR 2008 nánast ó notað lítur út sem nýtt v/1170Þ Sími 8944005

Vantar aukahluti fyrir Kawasaki Vulkan '08. Bak,töskur,gler. Uppl í S 864 2606

## Vélsleðar




## Hjólbarðar






4 dekk á 22" álfelgum (305x45) og eitt nýtt varadekk. Lítið notað. Passar á Lincoln /Ford ofl. Verð 440þ. S. 690 3323.

31" Vetrar og Sumardekk á álfelgum til sölu fyrir Musso selst á 100Þús, Saman

Til sölu fjögur notuð All Terrain Pro Comp jeppadekk. Stærð 35x12,5 OR17LT fyrir 17" felgur. Verð 10.000kr. pr. stk. Upplýsingar í síma 587 1300.

## Bátar

Seyla KE12 nr.5713 sem er 8t trébátur. Nýtt haffæri. Uppl. í s. 822 3650 & 421 3650.

## Varahlutir

### Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

### Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

### 555 6666

Erum að byrja rífa Passat '00 og '02, Galant '99, Avensis '99, Polo '03, VW Caddy '06, Bens flestar gerðir '90-'05, Man '05, og marga fleiri. Partahúsið Skeiðaási 3, 210 Gbr.

### VW, Skoda, Audi. S. 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

## Jólaskemmtanir




Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

## Hreingerningar







Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

## Garðyrkja

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald,stofnun EHF,ársreikningar,VSK uppgjör,erfðarfjárskýrslur, launautreikningar o.fl. s. 517 3977.

## Málarar

**Málarar geta bætt við sig verkefnum, uppl. s. 891 9890**




## Tilkynningar




## Bátur til sölu

### Góður færabátur til sölu

S. 863 7887



Þilfarsbátur 9.55 m. að lengd 7.03 BT. Vél: Volvo Penta 104 hö. Fylgihlutir: dýptarmælir, radar, talstöð og fleira. Báturinn þarfnast talsverðar endurbóta. **Verð: 4.5 miljónir. Vandaður vagn fylgir bátnum. Upplýsingar í síam 863-7887**

TAX FREE

# STÆRSTA OUTLET LANDSINS

# MERKJA OUTLET

## KORPUTORGI

# TAX-FREE DAGAR

## ALLAR VÖRUR VERSLUNARINNAR ÁN VSK!*
## FRÁ FÖSTUDEGI TIL SUNNUDAGS!

hummel | Levi's | Nike | Reebok | LACOSTE
VIKING | DIDRIKSONS1913 | arena | Jameson | Champion AUTHENTIC ATHLETIC APPAREL

**| Barnajakkaföt | Barnakuldaskór | Bindi | Bolir |**
**| Dömuskór | Flíspeysur | Fótboltabúningar | Gallaleggings |**
**| Herraskór | Hettupeysur | Hljómsveitabolir | Húfur |**
**| Inniskór | Íþróttatöskur | Jakkaföt | Kuldaskór |**
**| Levi's gallabuxur | Málverk | Softshell jakkar | Skyrtur |**
**| Sokkar | Strákaskyrtur | Treflar | Úlpur | Vettlingar |**

Vörum er hægt að skipta
í aðrar vörur til 31. desember 2009.

Vertu vinur MerkjaOutlet á Facebook. Kíktu á myndirnar og skoðaðu vöruúrvalið!

Gildir ekki af DVD-diskum og hlaupahjólum. Ríkissjóður fær virðisaukaskatt af öllum seldum vörum. Afslátturinn er alfarið á kostnað MerkjaOutlet.

**Opið: Mán.-lau. 11 til 18 - Sun. 12 til 18 • Sími 578 9400**



*Ástkær eiginkona mín. móðir, stjúpmóðir, dóttir, systir og mágkona,*

**Arnhildur H. Arnbjörnsdóttir**

Kirkjuteigi 13, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þriðjudaginn 1. desember. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 11. desember kl. 14.00.

**Guðmundur Björnsson**
**Bryndís Sunna Guðmundsdóttir**
**Eydís Anna Guðmundsdóttir**
**Einar Guðmundsson**
**Gunnhildur Þ. Hjarðar**
**Sigurður Arnbjörnsson**
**Kjartan Arnbjörnsson** **Kristín Róbertsdóttir**
**Salóme Bára Arnbjörnsdóttir** **Scott Davidsson**
**Guðfinna Björk Arnbjörnsdóttir** **Arnoddur Jónsson**



*Elsku maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Björn Árnason**

Látraströnd 9, Seltjarnarnesi,

dó á Landspítalanum þriðjudaginn 24. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigríður Sigurðardóttir**
**Gyða Björnsdóttir**
**Ólöf Ragnheiður Björnsdóttir** **Páll Matthíasson**
**Brynja Sif Björnsdóttir**
**Árni Sigurður Björnsson** **Ásthildur Helen Gestsdóttir**
**Valdemar og Júlía Sigríður**
**Bryndís Rósa og Ólöf Kristín.**



*Elskulegi faðir, tengdafaðir, afi og langafi okkar,*

**Walter Helgi Jónsson**

húsgagnabólstrari,

lést á Landspítala Háskólasjúkrahúsi Fossvogi 1. desember sl. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð Hjartaverndar. Einnig vilja aðstandendur koma fram sérstöku þakklæti til starfsfólks deildar B-7 á LSH Fossvogi.

**Jón Þorvaldur Waltersson** **Jolanta Tomaslewska**
**Hrönn Waltersdóttir** **Kristján H. Lárusson**
**Ólöf Birna Waltersdóttir** **Kristján Einarsson**
**Auðun Helgi Waltersson** **Gerda Christine Waltersson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Við sendum innilegar þakkir öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vinsemd og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Atla H. Elíassonar.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar L-4 á Landspítala Landakoti og starfsfólki Maríuhúss, fyrir einstaka umönnun.

**Ragnhildur Bergþórsdóttir**
**Bjarghildur Atladóttir** **Bragi Guðlaugsson**
**Bergþór Atlason**
**Margrét Atladóttir** **Bjarni Ásgeir Jónsson**
**Ragna G. Atladóttir**
**Valdís Atladóttir** **Lárus Sigurðsson**
**Jónína K. Ingadóttir** **Ari Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

**HANNES HAFSTEIN (1861-1922) FÆDDIST ÞENNAN DAG.**

*„En læg nú sprettinn,*
*Léttir,*
*líttu á,*
*við eigum brekku eftir,*
*hún er há.*
*Nú ægjum við fyrst ögn*
*áður söng og höfa hljóði*
*förum rjúfa fjallaþögn.“*

***Hannes Hafstein var íslenskt skáld, sýslumaður og fyrsti ráðherra Íslands.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 4. DESEMBER 1971

## *Glaumbær brann*



Þennan dag árið 1971 brann einn vinsælasti skemmtistaðurinn í Reykjavík, Glaumbær, til kaldra kola.

Húsið, sem í dag hýsir Listasafn Íslands, var hannað af Guðjóni Samúelssyni árið 1916 fyrir fyrirtækið Herðubreið. Það var upphaflega íshús en auðvelt var að taka ís af tjörninni og geyma. Þess vegna hefur húsið stundum verið kallað gamla íshúsið. Síðar var Framsóknarhúsið þar staðsett og loks Glaumbær.

Húsið þarfnaðist algerrar endurnýjunar eftir brunann og flutti Listasafnið ekki inn í húsið fyrr en 1988.

ÞORBJÖRN JENSSON: HLAUT BARNAMENNINGARVERÐLAUN

# Hjálpar krökkum á krossgötum

Þorbjörn Jensson, forstöðumaður Fjölsmiðjunnar, hlaut Barnamenningarverðlaun Velferðarsjóðs barna í ár fyrir ómetanlegt starf sitt í þágu ungmenna. „Þetta var virkilega skemmtilegt og óvænt. Fyrst og fremst er þetta viðurkenning fyrir Fjölsmiðjuna og það sem við höfum verið að gera hér en einnig er gaman að vita til þess að það er fólk úti í þjóðfélaginu sem hugsar vel til okkar,“ segir Þorbjörn. Verðlaunaféinu sem hljóðar upp á 3,5 milljónir verður varið til frekari uppbyggingar starfsins.

„Ég hef alltaf hugsað það þannig að nýta þá peninga sem okkur eru gefnir til að efla hæfileika þessa unga fólks því það er búið ótrúlegum hæfileikum bæði á tónlistarsviðinu og fleiri sviðum sem aðeins þarf að virkja,“ segir Þorbjörn sem hefur starfað í Fjölsmiðjunni frá stofnun hennar árið 2001.

Þorbjörn leitaði til Danmerkur um hugmyndir að rekstri Fjölsmiðjunnar enda er þar að finna fjölda slíkra vinnusetra. „Við höfum þó alltaf haft í huga að setja smiðjuna upp þannig að hún passi okkur Íslendingum,“ segir hann og útskýrir um hvað Fjölsmiðjan snýst. „Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk. Við reynum að efla krakkana vinnulega séð en reynum líka að koma þeim í skóla. Við höfum tengst skólanum æ meir yfir árin. Þau fara þá í eitt til þrjú fög með vinnu,“ segir hann. Í húsnæði Fjölsmiðjunnar í Kópavogi er boðið upp á mismunandi vinnusvæði. „Við erum með trésmiðjudeild, rafmagnsdeild, bíladeild, tölvu- og pökkunardeild, handverksdeild og eldhús,“ útskýrir Þorbjörn en einnig er boðið upp á ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa.

Í Fjölsmiðjuna koma börn eftir tíunda bekk. Mörg hafa lent í einelti eða hafa af öðrum ástæðum slæma reynslu af skóla. „Þau vita ekki hvert þau eiga að stefna og eru á krossgötum. Við reynum þá að efla sjálfstraust þeirra og leiðum þau í það sem þau hafa áhuga á,“ segir Þorbjörn en miðað er við að krakkarnir stansi sem styst í Fjölsmiðjunni.

En komast allir að sem vilja? „Nei, í dag eru fimmtíu ungmenni á biðlista,“ svarar Þorbjörn og tekur fram að starfsemi Fjölsmiðjunnar hafi vaxið gríðarlega. „Þegar starfið hófst voru tveir starfsmenn og sjö til níu krakkar en í dag eru sjötíu ungmenni í vinnu og tíu starfsmenn.“ **solveig@frettabladid.is**



**HJÓLAVIÐGERÐ** Þorbjörn með þeim Davíð og Kristófer sem reyna sig við hjólaviðgerð en í Fjölsmiðjunni er boðið upp á mörg mismunandi vinnusvæði, allt frá rafmagnsdeild og handverksdeild til bíladeildar og eldhúss. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Beck Elbergsson**

Hrannarstíg 18, Grundarfirði,

lést sunnudaginn 29. nóvember. Útför fer fram frá Grundarfjarðarkirkju þann 5. desember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Jónína Guðrún Kristjánsdóttir**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og bróðir,*

**Einar Magnússon**

Suðurhólum 14, Reykjavík,

lést á vistheimilinu Grund þann 1. desember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Petrína S. Einarsdóttir** **Hörður Kolbeinsson**
**Elísabet Einarsdóttir**
**Skarphéðinn H. Scheving Einarsson**
**Pálína Magnúsdóttir**



*Ástkær eiginkona mín, móðir mín, dóttir okkar og systir,*

**Elva Dögg Pedersen**

Mosarima 12, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 2. desember.

**Haukur Sigurðsson**
**Alexander Hauksson**
**Palle Skals Pedersen**
**Sæunn Elfa Pedersen**
**Daníel Thor Skals Pedersen**
**Arnór Ingi Ingvarsson**



*Hjartkær systir mín,*

**Guðbjörg Auðunsdóttir**

frá Minni-Völlum,

lést á Dvalarheimilinu Lundi, þriðjudaginn 1. desember. Jarðsungið verður frá Skarðskirkju þriðjudaginn 8. desember kl. 13.00.

**Ásgeir Auðunsson**






# Sjá roðann í nefi

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**

Rauður er litur jólanna. Rauð kerti, rauð epli og rauðir vasaklútar voru aðalmálið á jólunum í gamla daga, ef marka má langömmur og langafa. Rauðar skotthúfur skinu í skuggunum og rauðklæddir jólasveinar stukku milli útihúsa í leit að varnarlausum húsdýrum eða dýrmætum mat sem ekki var undir smásjá eigandans akkúrat það augnablikið.



**RAUÐ** jól eiga samt ekki upp á pallborðið, að minnsta kosti ekki í jólalagatextum. Þar er alltaf beðið um meiri snjó á mjall- og fannhvíta jörð, jólasnjór sindrandi umlykur Snæfinn snjókall sem bíður með sitt steinvölubros eftir að komast í sleðaferð yfir hjarnið sem jólastjarnan okkar allra stafar geislum sínum á. Einhvern tíma hljóta rauð jól nú samt að hafa verið æskileg, á snjólausum miðvetri er ekki alveg jafn kalt og auðveldara að komast leiðar sinnar. Kannski er rómantíkin í kringum hvítu jólin fyrst tilkomin í einhvers konar sáttatilraun við umhverfið, jú víst er betra þegar er snjór á jólunum, þótt það sé bæði kaldara og erfiðara, jú víst! Alltaf allt best á jólunum.

**RAUÐA** trýnið hans Rúdolfs hreindýrs reyndist honum mikið happanef. Af hverju Rúdolf var svona rauðnefjaður fylgdi ekki sögunni, kannski var hann með heymæði eða kannski var honum bara svona kalt á Norðurpólnum þar sem hann norpaði, aleinn og útundan sunnan við hjörðina. En rauða trýnið hans varð til þess að jólasveinninn rataði um heiminn eina þokukennda jólanótt. Upp frá því var Rúdolf aðalhreindýrið og allir vildu vera vinir hans.

**RAUTT** nef er merki trúðsins, sennilega upprunnið í rauðu og þrútnu nefi drykkjurútsins Pantalóns í ítalska gamanleikhúsinu Kómedía dell arte. Í dag getum við öll skartað rauðu nefi og sýnt þannig stuðning við gott málefni, börn sem er stundum kalt þó svo að yfirleitt búi þau í heitu löndunum og eru alltaf svöng þó að í kringum þau séu oftast kjöraðstæður til að rækta mat. Einu sinni var öllum börnum á Íslandi kalt um jólaleytið og mörg þeirra voru svöng. Við megum alveg við því að rifja það upp og gefa af okkur þótt við séum kannski aðeins síður aflögufær en oft áður. Höfum nef fyrir því.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**1.749 kr.**

~~2.499 kr.~~
**Morðingjarnir**
Flóttinn mikli




**1.899 kr.**

~~2.299 kr.~~
**Bloodgroup**
Dry Land




**1.869 kr.**

~~2.199 kr.~~
**3 Raddir & Beatur**
3 Raddir & Beatur



**1.999 kr.**

~~2.499 kr.~~
**Hjálmar**
IV

# Séní og stjörnur á snilldartilboði!

**15-30% afsláttur**

## Mikið úrval af nýrri tónlist og frábærum kvikmyndum




**1.999 kr.**

~~2.499 kr.~~
**Þrír frábærir íslenskir tölvuleikir**
- Doppa bregður á leik
- Glói geimvera lærir að lesa
- Glói geimvera í stærðfræðiheim



**1.999 kr.**

~~2.599 kr.~~
**Þessir gömlu góðu**
- DVD Klaufabárðarnir 1
- DVD Klaufabárðarnir 2




**1.999 kr.**

~~2.499 kr.~~
**DVD Hver var Jónas?**




**2.499 kr.**

~~2.999 kr.~~
**DVD Draumalandið**




**2.399 kr.**

~~2.899 kr.~~
**Strumparnir**
Strumpafjör



**1.999 kr.**

~~2.399 kr.~~
**Söngvaseiður**
Úr söngleik



**2.499 kr.**

~~2.999 kr.~~
**Megas & Senuþjófarnir**
Segðu ekki frá (með lífsmarki)




**2.399 kr.**

~~2.999 kr.~~
**Friðrik Ómar & Jógvan Hansen**
Vinalög - tvöfaldur diskur

**Tilboð gildir til og með 06.12.09**

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

**! Ath.**
*kl. 10 og 17 í Kúlunni eru sýningar á Maríuhænunni, leikriti fyrir yngstu áhorfendurna. Myndrænt og fallegt verk fyrir smáfólkið. Foreldrar eða forráðamenn fylgi með í Þjóðleikhúsið.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Söngsveitin Fílharmonía á sunnudag


**TÓNLIST** Ágúst Ólafsson barítón syngur með Fílharmóníunni. MYND/FÍLHARMÓNÍA

Aðventutónleikar Söngsveitarinnar Fílharmóníu verða í Langholtskirkju sunnudaginn 6. og miðvikudaginn 9. desember, klukkan 20 báða daga, undir yfirskriftinni „Með gleðiraust og helgum hljóm". Kórinn fagnar 50 ára afmæli á þessu starfsári en aðventutónleikarnir hafa verið fastur liður á jólaföstu um áratuga skeið og ómissandi meðal unnenda kórsins. Í fyrri hluta tónleikanna eru flutt íslensk lög frá ýmsum tímum, bæði minna þekkt og þekkt jólalög en í síðari hlutanum eru sungin lög úr ólíkum áttum, meðal annars frá Norðurlöndum, Rússlandi, Katalóníu og Bretlandi. Frumflutt verður ný tónsmíð eftir stjórnanda kórsins, Magnús Ragnarsson, Athvarf frá kyni til kyns, sem er samin við texta úr 90. Davíðssálmi, en lagið er gjöf Magnúsar til kórsins á hálfrar aldar afmælinu. Kórinn hefur einnig á fyrri aðventutónleikum frumflutt lög eftir Magnús, sem vakið hafa verðskuldaða athygli. Ágúst Ólafsson, barítón, syngur einsöng á tónleikunum og þá leikur Guðný Einarsdóttir organisti á orgel.

Miðar eru seldir hjá kórfélögum, í versluninni 12 Tónum á Skólavörðustíg og við innganginn.

### > Ekki missa af

Händeltónleikum í Listasafni Einars Jónssonar, en í tilefni af 150 ára ártíð Georgs Friedrichs Händel (1685-1759) verða haldnir tónleikar í Listasafni Einars Jónssonar á sunnudag kl. 17. Á tónleikunum flytja þau Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og Páll Eyjólfsson gítarleikari meðal annars tvær sónötur Händels. Tónleikarnir verða í sal á jarðhæð safnsins. Inngangur frá höggmyndagarðinum við Freyjugötu.




# Jólakaffi Hringsins

**Árlegt jólakaffi og happdrætti Hringsins verður haldið á Brodway sunnudaginn 6. desember kl. 13:30. Miðasala hefst kl. 13.00.**

Að vanda er boðið upp á girnilegt kaffihlaðborð með heimabökuðum brauðum að hætti Hringskvenna. Happdrætti með glæsilegum vinningum og síðast en ekki síst, frábær skemmtiatriði úr ýmsum áttum. Allur ágóði rennur í Barnaspítalasjóð Hringsins sem styrkir veik börn á Íslandi.

Girnilegt kaffihlaðborð - Glæsilegt happdrætti

*Hringskonur*



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**TÓNLIST** Hörður Áskelsson með sínu fólki á æfingu í fyrra en hátíðartónleikar Mótettukórsins eru árlegur viðburður.

# Aðventan í Hallgrímskirkju

**Fyrsta sunnudag í aðventu hefst nýtt starfsár Listvinafélags Hallgrímskirkju sem er nú að hefja sitt 28. starfsár og sem rekur, að öðrum ólöstuðum, kraftmesta listastarf safnaðar á landinu. Er fram undan fjölbreytt starf en aðventan hefur lengi verið annasöm á Skólavörðuholtinu.**

Um helgina syngur Mótettukór Hallgrímskirkju en jólatónleikar hans skipa veglegan sess í ríkulegu jólatónleikahaldi í Reykjavík. Á undanförnum árum hefur kórinn flutt aðventu- og jólatónlist með einsöngvurum í fremstu röð og jafnan fengið frábæra dóma fyrir vandaðan flutning. Að þessu sinni verður Björn Steinar Sólbergsson einleikari á tónleikunum og mun hann leika tvö frönsk orgelverk tengd jólum á hið glæsilega Klaisorgel Hallgrímskirkju.

Á efnisskrá kórsins eru verk eftir innlenda og erlenda höfunda, bæði vel þekktar perlur svo og minna þekkt kórverk, m.a. nýleg jólaverk eftir höfundana Eric Whitacre og Ola Gjeilo, grípandi kórverk þar sem höfundar leika með margradda, blæbrigðaríka hljóma, sem undirstrika tign og fegurð aðventu- og jólaboðskaparins. Auk þess mun kórinn syngja íslenska og erlenda jólasálma, þar á meðal aðventutónlist eftir Giovanni Perluigi da Palestrina, ómissandi jólakórverk eftir Johann Eccard, Betlehemsstjörnuna eftir Áskel Jónsson og Jólagjöfina eftir Hörð Áskelsson. Meðal annarra sálma sem sungnir verða má nefna Nóttin var sú ágæt ein og Guðs kristni í heimi og er kirkjugestum boðið að taka undir sönginn. Stjórnandi er Hörur Áskelsson.

Mótettukórinn hefur frá stofnun sinni árið 1982, glatt tugþúsundir Íslendinga á aðventu. Að þessu sinni verða haldnir tvennir tónleikar í Hallgrímskirkju, á laugardag kl. 21 og sunnudag kl. 17. Jólatónlistarhátíð býður að þessu sinni upp á kyrrðarstundir á aðventu á fimmtudögum kl. 12. Þar koma fram Schola cantorum (10. desember) og Hörður Áskelsson ( 17. desember) og flytja aðventu- og jólatónlist, gestakórarnir Karlakór Reykjavíkur og Kvennakór Háskóla Íslands syngja í messum sunnudaganna 6. og 13. desember og börn flytja kafla tengda aðventu og jólum úr bókinni Af hverju afi? eftir Sigurbjörn Einarsson í leikgerð Jóns Hjartarsonar á sunnudaginn kl. 11 undir handleiðslu sr. Bernharðs Guðmundssonar.

Lokatónleikarnir verða á gamlárskvöld kl. 17, þar sem trompetleikararnir Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson flytja hátíðatónlist ásamt Herði Áskelssyni orgelleikara á síðustu tónleikum ársins.

pbb@frettablaðið.is


Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um
*starf prófessors í arkitektúr*

Listaháskóli Íslands auglýsir eftir umsóknum um starf prófessors í arkitektúr við hönnunar- og arkitektúrdeild skólans. Um er að ræða 50% starfshlutfall. Umsækjandi skal vera starfandi arkitekt, hafa sterka faglega sýn og búa yfir yfirgripsmikilli þekkingu á almennri hönnun mannvirkja og skipulagi byggðar.

Við ráðningu er lagt til grundvallar að umsækjandi hafi hannað og fengið byggð stór mannvirki sem endurspegla sjálfstæða listsköpun hans og færni. Umsækjandi skal hafa látið að sér kveða í almennri umræðu um arkitektúr og skipulag, þ.m.t. með þátttöku í samkeppnum um byggingar og skipulag. Gerð er krafa um meistaragráðu í arkitektúr, eða sambærilega háskólagráðu, og fullgild starfsréttindi.

Umsóknum og meðfylgjandi gögnum skal skila ekki síðar en **mánudaginn 4. janúar** næstkomandi til Listaháskóla Íslands, aðalskrifstofu, Skipholti 1, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans **www.lhi.is**

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
· ICELAND ACADEMY OF THE ARTS ·



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

# Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn og þriðjudaginn
7. og 8. desember, hefst kl. 18.15 báða dagana
í Galleríi Fold við Rauðarárstíg


Jóhannes Jóhannesson

Verkin verða sýnd í Galleríi Fold:
föstudag kl. 10–18 (öll verk),
laugardag kl. 11–17 (öll verk),
sunnudag kl.12–17 (öll verk),
mánudag kl. 10–17 (öll verk)
þriðjudag kl. 10–17
(verkin sem ekki eru boðin upp á mánudag)

Af gefnu tilefni bendum við á að öll verk eru skoðuð af sérfræðingum til að koma í veg fyrir falsanir

LISTMUNASALA fold

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

# Einstakur skemmtilestur

Fyrra bindi frásagnar Péturs Gunnarssonar af lífi Þórbergs Þórðarsonar, ***ÞÞ – Í fátæktarlandi***, hlaut frábærar viðtökur lesenda og gagnrýnenda.

Í ***ÞÞ – Í forheimskunarlandi*** tekur Pétur upp þráðinn að nýju og endurskapar á einstakan hátt andrúmsloft liðinna daga. Skáldið lifnar við og fjöldi manna og kvenna stígur á svið, persónur og leikendur í „hinum leynda harmleik tímans".




ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNING 2007




**„Snilldin er óumdeilanleg."**

*Grímur Atlason / eyjan.is* (um *ÞÞ – Í fátæktarlandi*)

**„Ein besta bókin á markaðnum í ár."**

*Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan* (Um *ÞÞ – Í fátæktarlandi*)




## Einar H. Kvaran skáldið og brautryðjandinn

Dagskrá um Einar H. Kvaran rithöfund í Borgarleikhúsinu sunnudaginn 6. desember kl. 14:30 en þann dag eru 150 ár frá fæðingu Einars. Stuttum erindum um Einar verður fléttað saman við upplestur úr verkum hans og flutt verður nýtt lag við ljóð Einars. Aðgangur er ókeypis.

***Dagskrá***

*Brautryðjandinn:* Ragnar Arnalds, fyrrverandi ráðherra.
*Rithöfundurinn og ljóðskáldið:* Guðrún Kvaran, prófessor við HÍ.
*Bréf til föður:* Gunnar Eyjólfsson, leikari.
*Blaðamaðurinn:* Birgir Guðmundsson, lektor við HA.

***Kaffihlé***

*Leikhúsmaðurinn:* Sveinn Einarsson, fv.
*Þjóðleikhússtjóri.*
*Leiklestur:* Borgarleikhúsið.
*Spíritistinn:* Pétur Pétursson, prófessor við HÍ.
*Jólasólin:* Ólöf Arnalds frumflytur lag við ljóð Einars.



# MESSÍAS
eftir **Georg Friederich Händel**
# Í NESKIRKJU

**Kór Neskirkju og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna**
5. desember kl. 17 og 8. desember kl. 20
Stjórnandi: ***Steingrímur Þórhallsson***

Einsöngvarar
***Ágúst Ólafsson*** bassi
***Gissur Páll Gissurarson*** tenór
***Hallveig Rúnarsdóttir*** sópran
***Jóhanna Halldórsdóttir*** alt



**Miðaverð í forsölu kr. 2.500 og kr. 2.000 fyrir börn, skólafólk og ef keyptir eru 10 miðar eða fleiri. Kr. 3.000 við inngang. Miðar fást hjá félögum í Kór Neskirkju og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna, á skrifstofu Neskirkju og í 12 Tónum.**

# Sá leyndi harmleikur tímans

Bókmenntir ★★★★★

**ÞÞ í forheimskunarlandi**
Skáldfræðisaga

**Pétur Gunnarsson**

**JPV**

Annað bindið af greiningu Péturs Gunnarssonar á ferli og hugmyndaheimi, persónu og samtíma Þórbergs Þórðarsonar var ein þeirra bóka sem beðið var með nokkurri eftirvæntingu þegar ljóst var að hún rynni hjá í jólaflóðinu. Þar kom ýmislegt til: fyrra bindið vakti forvitni um hvernig Pétur leysti úr hinum stóru mótsögnum í lífi og starfi meistarans þegar upphafsár hans, sár fátæktin í Reykjavík, mótbyrinn fyrsti var að baki; heimalagaðar tilraunir hans í formbyltingu ljóðabókanna og uppreisn engilsins með Bréfi til Láru, kvennamálin öll og dóttirin unga sem hann sannlega yfirgaf. Þá voru fram undan stóru málin: kommúnisminn, sovéttrúin, inngróinn áhugi hans á hinu andlega, baráttan fyrir esperanto og loks það mikilvægasta, þróun ÞÞ sem höfundar. Pétri tekst vel að greina og skýra örlög þess hóps sem ÞÞ tilheyrði í stríði, baráttunni gegn fasismanum, og svo kaldastríðinu með sínu grimmilega uppgjöri. Pétur var rétt byrjaður þar sem hann skildi við Þórberg, stóri parturinn var eftir að fyrra bindinu loknu.

Og viti menn, nýsloppin úr þurrki bókbandsins og plöstun er bókin komin, datt í fang lesandans á fullveldisdaginn sjálfan: með skýringargreinum, nafnaskrám og myndasíðum er verkið 310 síður af yndislega skemmtilegum texta þar sem Pétur með sína kviku og íhugulu stílgáfu fer í göngutúr með meistara Þórbergi um árin mikilvægu frá 1934 til dauðadags. Í förina slást félagar úr Mjólkurfélagi andans, Þóra Vigfúsdóttir, nokkrir helstu hugsuðir liðinnar aldar, sagnfræðingar og múgamenn. það er miklu efni safnað í þessa fléttu samtímasagna, persónulegra bréfa, viðtalsefna eftirlifenda og gerir Pétur úr þessu efni einkar læsilegt og lifandi ferðabréf. Og við förum víða.

Frásögnin hefst á hótelherbergi í Stokkhólmi þar sem meistarinn nýr konu sína nivea-kremi á sólbjörtu sumri. Sagan í þessu síðara bindi er ekki minnst löng og hreinskilin greining á hjónabandi, ástarsaga með átökum og fórn.

Pétur kýs að kalla verk sitt skáldfræðisögu. Víst er svo verseruðum manni sem honum auðvelt að grípa til




verka skörpustu samtímahugsuða svo við skiljum tíðarandann, bæði meðan hann er og eftiráaðhyggja. En Pétur gerir annað og meira í leiðinni. Hann bregður skörpu ljósi á kjarnann í íslensku intelligensíunni og hvernig vogirnar voru að lokum stilltar í hinum seigdrepandi mannjöfnuði Halldórs Laxness og Þórbergs. Og í leiðinni vinnur hann fyrir sitt leyti, rétt eins og hann óskaði eftir fyrir nær þremur áratugum í lítilli grein í TMM, hreingerningu í fáförnum vistarverum íslenskra kommúnista, sópar úr hornum, skilur og skýrir tímana, hugsjónir, vonir, kröfur og ósigur. Verk hans verður því mikilvægur kafli í greiningu á íslenskri hugmyndasögu.

Sagan rennur eins og reyfari, létt og björt, kröfuharka hennar mild því hugurinn sem raðar brotunum er svo klár, mannskilningurinn svo skír. Pétur hefur frá upphafi tamið sér ljósan og gegnsæjan stíl sem nú gerir honum kleift að koma flóknum viðfangsefnum áfram svo þau renna niður eins og drukkið sé vatn. Hann er ekkert hættur að nota málið af sama síunga strákskapnum sem hoppaði inn í íslenskar bókmenntir í Splúnkunýjum degi: „skiptiborð“ getur að sjálfsögðu þýtt meira en mubbla í barnaherbergi, þar má skipta um margt. Það er þessi frjóa og alltaf fallega hugsun sem Pétur miðlar af svo einstakri smekkvísi.

ÞÞ-bindin tvö munu vonandi verða mörgum lesendum sami gleðigjafi og þau reyndust mér; það er þakkarvert að Pétur gaf þessu flókna verki gaum og að hann skyldi komast svo vel frá þeim smíðatíma sem hefur klárlega kennt honum margt í nostrinu og gefur honum nú rúm til að setjast aftur við. Erindisbréfið er afgreitt og kemur öllum sem vilja aftur á byrjunarreitinn í nýjum lestri á verkum meistarans: við þökkum fyrir okkur.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

**Niðurstaða:** Ítarleg og skýr, falleg og frábærlega hugsuð ævi- og hugmyndasaga ofvitans úr Suðursveit – Þórbergs Þórðarsonar.




**TÓNLEIKAR Í HÁSKÓLABÍÓI**

Fös. 11.12.09 » 19:30

Fátt er betur til þess fallið en hátíðleg tónlist til að koma manni í jólaskap. Á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands hljómar hátíðleg jólatónlist frá ýmsum tímum í flutningi tveggja af okkar fremstu söngvurum; **Ingibjargar Guðjónsdóttur** og **Gissurar Páls Gissurarsonar**. Bach, Handel, Corelli, Mozart, Adolphe Adam og Sigvaldi Kaldalóns eiga allir sinn skerf á þessari hátíðlegu og jólalegu efnisskrá. Hljómsveitarstjóri er **Daníel Bjarnason**.

Miðaverð: 3.700/3.300 kr.

**Tryggðu þér miða á www.sinfonia.is eða í síma 545 2500**

AÐALSTYRKTARAÐILAR
BORGUN Morgunblaðið

*„Tónlistin er ekki uppfinning mannanna, heldur gjöf guðs.“*
Marteinn Lúther







# MEST SELDU BÆKUR VERALDAR!

## HVAÐ GERÐIST Á BAK VIÐ TJÖLDIN?



Einstök bók um aðdraganda þess að Ísland hrundi og nýju ljósi varpað á mestu örlagatíma lýðveldissögunnar.

Upplýsingar úr innsta hring!







★★★★ –pressan.is

## HÚMOR, GLEÐI OG HARMUR

*„Með skemmtilegri mönnum eins og endurminningar hans eru til vitnis um.“*
***– Hrafn Jökulsson, Viðskiptablaðinu***

*„Hreinlega erfitt að leggja hana frá sér, svo skemmtileg var hún.“*
***– Hanna Brynhildur Jónsdóttir, Pressunni***

## „ÁN EFA **BESTA** SAGA YRSU TIL ÞESSA.“



*„Áhrifamikil og skemmtileg glæpasaga sem er án efa besta saga Yrsu til þessa.“*
***– Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is***

*„Flinkur höfundur ... Mjög vel hugsað plott.“*
***– Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljunni***

★★★ – PBB, Fréttablaðinu




VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVÍK

# nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*



**BIRKIREYKT HANGILÆRI**
ÚRBEINAÐ

**2.239 kr/kg**
áður 3.198 kr/kg

# Gleðjumst saman

**HAMBORGARHRYGGUR**



30% afsláttur
**998 kr/kg**
áður 1.425 kr/kg

**NAUTAPIPARSTEIK**
FERSK



41% afsláttur
**1.889 kr/kg**
áður 3.198 kr/kg

**REYKTUR GRÍSABÓGUR**



30% afsláttur
**599 kr/kg**
áður 855 kr/kg

**HANGIFRAMPARTUR**
ÚRBEINAÐUR



30% afsláttur
**1.399 kr/kg**
áður 1.998 kr/kg

**HUMAR**
2kg ASKJA




20% verðlækkun

**UNGNAUTAHAKK**

ÓDÝRT



**948 kr/kg**

**KALKÚNABRINGUR**
FERSKAR



40% afsláttur
**1.791 kr/kg**
áður 2.985 kr/kg

**ÝSU FISKIBOLLUR**
1kg

ÓDÝRT



**798 kr/kg**

**FÓTBOLTAMYNDIRNAR**
FÁST HJÁ OKKUR




**RAUÐKÁL**
ÍSLENSKT



**160 kr/kg**
áður 229 kr/kg

**AGÚRKUR**



**76 kr/stk.**
áður 108 kr/stk.

**GALA SMÁEPLI**
Í POKA, 1,5kg



50% afsláttur
**149 kr/pk.**
áður 298 kr/pk.

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

www.markhonnun.is

## GILLE PIPARKÖKUHJÖRTU Í PAKKA -TIL AÐ SKREYTA




198 kr/pk.



## KÖTLU GLASSÚR GULUR, RAUÐUR, GRÆNN, OG HVÍTUR

149 kr/stk.

# á aðventunni

## AÐVENTULJÓS




2.490 kr/stk.

## JÓLASTJARNA MEÐ LJÓSI




1.890 kr/stk.

## KERTASTJAKI MEÐ RAFMAGNSKERTUM




4.490 kr/stk.

## LJÓSATRÉ YMSIR LITIR



990 kr/stk.

## JÓLAKRANS



990 kr/stk.

## GILLE PIPARKÖKUR Í POKA



179 kr/pk.

## ELDHÚSRÚLLA STÓR, 60 BLÖÐ




199 kr/pk.
áður 1.998 kr/pk.

## WC PAPPÍR 8 RÚLLUR




389 kr/pk.

## JÓLALEGIR BOLLAR 4STK. Í PAKKA



1.490 kr/pk.

## HVEITI 2kg




149 kr/stk.

## COLGATE HERBAL WHITE TANNKREM




98 kr/stk.

Birt með fyrirvara um prentvillur

## Fólk

> **PETER VILL EKKI KATIE**

Peter André hefur tilkynnt fyrrverandi eiginkonu sinni, Katie Price, að hann taki ekki við henni aftur. Katie hefur losað sig við bardagakappann Alex Reid og vildi víst ólm koma aftur heim til Peters, sem vill ekkert með hana hafa.



folk@frettabladid.is

# Edda selur jólatré

Leikkonan Edda Heiðrún Backman efnir til jólatrjáasölu á Hljómalindarreitnum fyrir jólin en þar er nú risinn jólamarkaður. Edda rekur sem kunnugt er verslunina Súkkulaði og rósir en á markaðinum verður hún með jóladót og jólatré af ýmsum stærðum og gerðum til sölu og er það Skórækt ríkisins sem sér um að höggva tréin. „Edda, eins og aðrir kaupmenn, þurfa að gera svolítil viðskipti um jólin til að framfleyta sér. Fólk getur valið á milli blágrenis, rauðgrenis og stafafuru og einnig á milli þriggja trjástærða. Þeir sem vilja tré geta pantað þau fyrirfram með því að senda vefpóst á sukkuladi@rosir.is. Við verðum svo með trén í jólaþorpinu frá 18. desember, en þangað getur fólk komið og skoðað tréið og stærð þess og lögun,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir, fyrrverandi ráðherra og vinkona Eddu Heiðrúnar.

Hún tekur fram að máli skiptir að fá pantanirnar inn sem fyrst svo hægt sé að láta Skóræktina vita hversu mörg tré eigi að höggva. „Við verðum þarna fram á Þorláksmessu að pakka inn trjám eftir kúnstarinnar reglum. Maður verður að hafa eitthvað að gera á aðventunni og magna svolítið upp jólaskapið,“ segir Kolbrún og hlær. Á Hljómalindarreitnum verður margt annað skemmtilegt í boði og er víst að þar verði margt um manninn næstu daga þegar miðborgin fer að skreyta sig með grænum greinum. **- sm**



**JÓLAMARKAÐUR** Edda Heiðrún býður fleira en blóm og sælgæti í verslun sinni. Nú selur hún jólatré á Hljómalindarreitnum.

# Stofufangelsi í fjallakofa

Leikstjórinn Roman Polanski mun dvelja í stofufangelsi í fjallakofa í Sviss þangað til ákveðið verður hvort hann verður framseldur til Bandaríkjanna fyrir að hafa nauðgað þrettán ára stúlku árið 1977. Undanfarna tvo mánuði hefur Polanski þurft að dúsa í fangelsi í Sviss eftir að hann var handtekinn er hann ætlaði að taka á móti verðlaunum fyrir æviframlag sitt til kvikmyndalistarinnar. Yfirvöld í Bandaríkjunum hafa reynt að fá hann framseldan til landsins síðan hann stakk af þegar réttarhöldin yfir honum voru í þann mund að hefjast árið 1978.



**ROMAN POLANSKI** Leikstjórinn heimsþekkti mun dvelja í stofufangelsi í Sviss á næstunni.






# FRIÐRIK MEÐ BARNAMYND UM LEIÐTOGAFUNDINN

**Friðrik Þór Friðriksson hyggst gera kvikmynd um leiðtogafundinn sem þeir Ronald Reagan og Mikhaíl Gorbatsjov sóttu í Höfða árið 1986 og kom Íslandi á heimskortið. Friðrik ætlar að vera á undan Hollywood.**

„Börn eru í aðalhlutverkum en ef myndin heppnast vel mun hún höfða til alls mannkyns,“ segir Friðrik Þór Friðriksson kvikmyndaleikstjóri. Hann er að skrifa handrit að kvikmynd þar sem leiðtogafundur Reagans og Gorbatsjovs er í forgrunni. Aðalpersónurnar eru þó ekki þessir valdamiklu menn heldur börn sem klæða sig upp í líki geimvera og vilja komast í tæri við þá. „Þær fá afa sinn til að byggja geimskip og þetta heppnast allt svona rosalega vel að þeir koma bara um hæl,“ útskýrir Friðrik. Sannarlega óvænt og óvenjuleg nálgun á þennan merkisatburð í sögu þjóðarinnar. „Þetta snýst síðan upp í hálfgerð réttarhöld þeirra yfir þeim Reagan og Gorbatsjov og börnin verða miklir áhrifavaldar á þessum fundi. Mesta spennan snýst síðan um hvort þetta athæfi komist upp eður ei.“

Leiðtogafundurinn kom Íslandi á kortið, í orðsins fyllstu merkingu. Heimspressan beindi kastljósinu að þessu litla landi í norðurhöfum á meðan leiðtogarnir tveir ræddu um hugsanlega þíðu í kalda stríðinu. Friðrik man sjálfur ákaflega vel eftir þessum tíma. „Já, við vorum að gera Skytturnar á þessum tíma, vorum í næsta húsi með þrjár kóreskar vélbyssur. En það komst aldrei upp.“

Barnamynd Friðriks er reyndar ekki eina myndin um leiðtogafundinn sem er í smíðum því breski leikstjórinn Ridley Scott hefur þegar lýst yfir að hann hafi mikinn áhuga á að gera kvikmynd um leiðtogafundinn. Friðrik er hins vegar hvergi banginn. „Ég verð bara að vera á undan honum.“

Hugmyndin að þessari allsérstæðu kvikmynd er nokkuð gömul að sögn Friðriks og hefur verið lengi í kollinum á honum. Leikstjórinn kveðst þó ekki vita hvenær hægt verði að fara af stað, það verði þó fyrr en síðar. Af öðrum málum leikstjórans er það að frétta að Mamma Gógó er að fara út í hljóðblöndun en hún verður frumsýnd í janúar. „Þetta verður smellur. Annars verð ég fyrir vonbrigðum.“ **- fgg**



AFP/NORDIC PHOTOS

**KVIKMYNDAR LEIÐTOGAFUNDINN** Friðrik Þór er að skrifa handrit þar sem leiðtogafundur Reagans og Gorbatsjovs er í aukahlutverki en tveir krakkar, klæddir upp sem geimverur, eru í aðalhlutverki. Leiðtogafundurinn hafði mikil áhrif á Ísland enda kom hann landi og þjóð á heimskortið.






# Krummi í staðinn fyrir Svölu

„Þetta er alltaf jafnskemmtilegt og spennandi,“ segir Björgvin Halldórsson.

Árlegir jólatónleikar hans í Laugardalshöll verða haldnir á morgun. Á meðal þeirra sem koma fram auk Björgvins verða Borgardætur, Diddú, Egill Ólafsson, Laddi, Savanna-tríóið og Sigríður og Högni úr Hjaltalín. Dóttir hans, Svala, verður aftur á móti fjarri góðu gamni, enda býr hún í Kaliforníu ásamt félögum sínum í hljómsveitinni Steed Lord. „Hún er reyndar að koma heim um jólin en hún nær ekki þessum tónleikum. Hana langaði æðislega mikið að vera með því henni finnst svo gaman að þessu en Krummi verður bara í staðinn fyrir hana,“ segir Björgvin.

Tónleikarnir í Höllinni verða tvennir og er nánast uppselt á þá báða. „Við reynum að brydda upp á nýjungum í hvert skipti með nýjum flytjendum og nýjum lögum. Ef við værum alltaf með sömu lögin væri þetta minna mál. Við erum alltaf að reyna að toppa sjálfa okkur, bæði í útlitinu og samsetningu á prógramminu, og við erum sérlega ánægð með þetta í ár,“ segir hann.

Efnahagsástandið er erfitt um þessar mundir og hefur það haft sín áhrif á skipulagningu tónleikanna. „Aðföngin hafa hækkað en við erum að reyna að gera þetta sem best úr garði án þess að það komi niður á gæðunum,“ segir Björgvin og tekur fram að miðaverðið sé það sama og fyrir tveimur árum. „Ég er bara í skýjunum með þetta og hlakka mikið til.“ Nánari upplýsingar um tónleikana má finna á síðunni Jolagestir.is. **- fb**



**Á ÆFINGU** Björgvin á æfingu fyrir jólatónleikana sína ásamt hljómsveitarstjóranum Þóri Baldurssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



# Ofur-„Okkur“

Einstakt safn listaverka Hugleiks Dagssonar er nú fáanlegt í einu bindi









**ATH. TAKMARKAÐ UPPLAG**

- 1001 eintak innbundið í viðhafnarútgáfu, tölusett og áritað af höfundi – ásamt plakati
- 1001 eintak í kilju

*hugleikur dagsson*
*þúsund og eitt okkur*

Tryggðu þér kíló af **„Okkur“** áður en allt klárast!

# Húðflúraðir tónleikar

Tónleikar verða haldnir á Sódómu Reykjavík í kvöld undir merkjum Prick Magazine sem er bandarískt tímarit um húðflúr og tónlist. Tímaritið er gefið út í hálfri milljón eintaka í hverjum mánuði og eitt helsta fagtímarit sinnar tegundar í heiminum. Chuck Branks, ritstjóri tímaritsins, er staddur hér á landi í tilefni af opnun húðflúrsstofunnar Reykjavík Ink sem var að flytja á Frakkastíg 7. Hann mun einnig fjalla um hljómsveitirnar sem koma fram á tónleikunum. Þar stíga á svið Dikta, Cliff Clavin, XIII og The 59´ers. Tónleikarnir hefjast klukkan 23 og er miðaverð 1.000 krónur.


*Jólahlaðborð!*

Jólafundur Svdk Hraunprýði verður haldinn í Skútunni þriðjudaginn 8. desember Og hefst kl: 19.30

*Tónlistaratriði*

Jólasaga
Glæsilegt jólahappdrætti
Jólahugvekja

Miðasala í Versluninni Kakí, Strandgötu 11.

Hvetjum alla til að mæta og taka með sér gesti.

Stjórnin


# KK uppboðshaldari í Góða hirðinum

**Tónlistarmaðurinn KK verður uppboðshaldari í Góða hirðinum í dag þar sem margir sjaldgæfir hlutir verða boðnir upp, svo sem upptrekt járnbrautarlest frá um 1930-1950 og Atómstöðin árituð af höfundi.**

„Ég bjó lengi í Svíþjóð og þá stundaði maður svona uppboð og þar er mikil hefð fyrir því. Þar keyptum við hjónin meðal annars fyrstu mublurnar okkar og eigum margt af því ennþá," segir Kristján Kristjánsson tónlistarmaður, betur þekktur sem KK.

Í dag fer fram uppboð í Góða hirðinum klukkan 16.30 þar sem KK verður uppboðshaldari, en uppboðið er á vegum verslunarinnar og nytjamarkaðar Sorpu og líknarfélaga og mun allur ágóðinn renna óskiptur til góðgerðamála. „Ég elska þessa stemningu og þetta er ferlega gaman. Þarna er margt alvöru antík og flott dót, en líka fullt af litlu dóti fyrir hundraðkallana sem allir geta eignast. Ég náði sjálfur einhvern tímann í gítar þarna á 500 krónur sem ég er með hangandi uppi á vegg," segir KK, en margir sjaldgæfir og skemmtilegir hlutir verða boðnir upp. Þar á meðal er upptrekt járnbrautarlest frá um 1930-1950, Atómstöðin og Paradísarheimt áritaðar af höfundi og vatnslitamynd eftir Ragnar Lár frá 1965.

KK hefur áður verið uppboðshaldari í Góða hirðinum og segir það hafa gengið vel mjög vel. „Það var ferlega gaman og það seldist mikið. Þar keypti einhver bronsstyttu á 20.000 krónur sem fór svo á 200.000 krónur á einhverju antíkuppboði nokkrum mánuðum síðar, svo það er líka hægt að græða á þessu," segir hann. „Þarna getur maður náð í allar jólagjafirnar á einu bretti og verið mjög frumlegur," segir KK og vonast til að sjá sem flesta á uppboðinu í dag. **- ag**



**ÁHUGAVERT UPPBOÐ** KK verður uppboðshaldari í Góða hirðinum í dag, þar sem margir sjaldgæfir og skemmtilegir hlutir verða boðnir upp. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Kalli Berndsen farðar á rússnesku

„Ég er ekkert hættur. Þetta er bara byrjunin," segir hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen um nýjan mynddisk sinn þar sem hann kennir íslenskum konum að farða sig. Hann ætlar að láta þýða diskinn yfir á rússnesku og gefa hann út þar í landi á næsta ári. „Þetta var fjöldaframleitt í Litháen og við erum að fara þangað út í janúar. Konan þar er með dreifingarfyrirtæki og hún vill þýða þetta yfir á rússnesku. Rússland er náttúrlega massamarkaður," segir Karl.

Hann hefur einnig í hyggju að gefa diskinn út víðar um Austur-Evrópu og í Skandinavíu, og síðar meir í Bretlandi. Þar er Karl á heimavelli því hann starfaði þar um árabil með stjörnum á borð við ofurfyrirsætuna Naomi Campbell, tískuhönnuðinn Stellu McCartney, John Galliano og stúlknabandið Sugababes. „Förðun er alþjóðlegt tungumál sem allar konur skilja. Þessi diskur er góður grunnur hvort sem þú ert þrettán ára að byrja að mála þig eða sjötug. Þetta er ekkert pjátur heldur er þetta grunnur yfir allt sem þarf að vita. Þetta eru tveir klukkutímar af vitneskju, bara eins og ef þú kæmir á einkanámskeið hjá mér," segir hann og bætir við: „Þú getur lesið hundrað bækur en augun í þér og heilinn læra ef þú sérð hlutina gerða fyrir framan þig." **- fb**



**RÉTT AÐ BYRJA** Karl Berndsen ætlar að gefa mynddisk sinn út í Rússlandi á næsta ári ef allt gengur að óskum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


TIL HAMINGJU



Karl Wernersson og Steingrímur Wernersson
(eigendur Lyf og Heilsu, Apótekarans, SA lyfjaskömmtunar og Skipholtsapóteks)

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

...með nýja apótekið á Akranesi, **Apótekarann**!

**Apótek sem tilheyra þeim bræðrum:**

**Lyf og heilsa:** Domus Medica - Austurver - Kringlan - Glæsibær - JL húsið - Eiðistorg Hamraborg - Fjarðarkaup - Fjörður - Keflavík - Akranes - Glerártorg, Akureyri - Hrísalundur, Akureyri Dalvík - Ólafsfjörður - Selfoss - Hveragerði - Þorlákshöfn - Hella - Hvolsvöllur - Vestmannaeyjar
**Apótekarinn:**
Hafnarstræti - Mjódd - Höfði - Salavegur - Smiðjuvegur - Melhagi - Mosfellsbær - Akureyri
**SA-Lyfjaskömmtun - Skipholtsapótek** og kannski fleiri, hver veit?

- **heilbrigð** samkeppni

APÓTEK VESTURLANDS

Smiðjuvellir 32 -300 Akranes -Sími 431 5090 -Fax 431 5091 -www.apvest.is

# Outlet

*Mikið úrval af jólakjólum og toppum.*



## 60%- 70% afsláttur

*Og nú 10 % auka jólaafsláttur í desember*

**Andersen & Lauth**

Reykjavik

established 1934

outlet, vintage & one off, Laugavegur 86-94, sími 552 6067

ARCTIC TRAIL

Sendum í póstkröfu



• Frostþolin
• Loðfóðruð stígvél
• Styrking á tá og hæl

Svartur
Stærðir 21 -39

Áður: ~~6.995~~ kr.-

Nú: 4.895 kr.-



• Frostþolin
• Loðfóðruð stígvél
• Styrking á tá og hæl

Bleikur
Stærðir 21 -33

Áður: ~~6.995~~ kr.-

Nú: 4.895 kr.-

Toppskórinn Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

OPIÐ MÁN.-FÖS. 11 - 18 · LAU. 11 - 16 · SUN. 12 - 16





# Tíu Grammy-tilnefningar

**Söngkonan Beyoncé fékk flestar tilnefningar til bandarísku Grammy-verðlaunanna á næsta ári, tíu talsins. Næst á eftir henni var sveitasöngkonan Taylor Swift með átta. Black Eyed Peas, Maxwell og Kanye West hlutu sex tilnefningar hver. Í stærsta flokknum þar sem keppt verður um bestu plötuna munu Beyoncé, Black Eyed Peas, Lady Gaga og Dave Matthews Band etja kappi. Grammy-verðlaunahátíðin verður haldin í 52. sinn hinn 31. janúar í Los Angeles. Á síðustu hátíð í febrúar urðu Robert Plant og Alison Krauss hlutskörpust með fimm Grammy-verðlaun.**



**BEYONCÉ** Beyoncé fékk tíu tilnefningar til Grammy-verðlaunanna sem verða afhent á næsta ári.

# Svíar elska Skip Stefáns Mána

**Skipið eftir rithöfundinn Stefán Mána er spennusaga ársins að mati gagnrýnanda Kristianstadsbladet í Svíþjóð.**

„Hann fær bækur okkar besta rithöfundar, Stiegs Larsson, til að líta út eins og texti í sunnudagaskóla," segir gagnrýnandinn. Bætir hann við að bókin hefði verið kjörin bíómynd fyrir hinn látna meistara Stanley Kubrick til að leikstýra. Einnig segir hann að Stefán Máni sé Samuel Beckett spennusagnanna.

„Þetta er alveg frábært," segir Stefán Máni. „Ég er forfallinn Stanley Kubrick-aðdáandi og það væri draumur í dós ef kannski þrítugur Stanley Kubrick fengi að spreyta sig á þessu. Mér finnst æðislegt hrós að hann sé nefndur í þessu samhengi en Stieg Larsson hef ég ekki lesið ennþá."

Stefán er einnig sérlega ánægður með samanburðinn við írska Nóbelsverðlaunaskáldið Samuel Beckett. „Ég er einmitt líka mikill aðdáandi hans. Mér finnst þetta æðislegt, hvort sem ég stend undir þessu eða ekki. Ég hef alltaf verið með sterka taug í súrrealisma, þannig að ég skil þetta alveg."

Skipið hefur áður fengið góða dóma í Þýskalandi og í Danmörku, þar sem Jyllands Posten gaf bókinni fjórar stjörnur af fimm mögulegum. Bókin kemur næst út í Frakklandi strax eftir áramót



**STEFÁN MÁNI** Rithöfundurinn snjalli fellur vel í kramið hjá gagnrýnanda Kristianstadsbladet í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

og nefnist þar Næturfarmur, eða Cargo de nuit. Bók Stefáns, Óðáðahraun, verður svo að öllum líkindum gefin út í Danmörku síðar á næsta ári.

Hvað varðar kvikmyndaréttinn að Skipinu sem Zik Zak hafði tryggt sér þá er hann aftur kominn í hendurnar á Stefáni Mána. „Rétturinn er runninn út og hefur ekki verið endurnýjaður þannig að ég er aftur kominn með boltann í hendurnar," segir hann. **- fb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 4. desember 2009**

### → Tónleikar

**12.05** Söngkonan **Margrét Sigurðardóttir** og gítarleikarinn **Andrés Þór Gunnlaugsson** flytja jóla- og aðventutónlist á hádegistónleikum í Víðistaðakirkju við Hraunbrún í Hafnarfirði.

**20.30** **Megas** heldur aðventutónleika í Bústaðakirkju við Tunguveg. Húsið verður opnað kl. 19.30.

**21.00** Brasilíska söngkona **Jussanam Dejah** og píanóleikarinn **Agnar Már Magnússon** verða með tónleika á Brasilía Restaurant við Skólavörðustíg 14.



**22.00** **Baggalútur** verður með jólatónleika á Græna hattinum við Hafnarstræti á Akureyri. Húsið verður opnað kl. 21.

**23.00** **Dikta**, **XIII**, **Cliff Clavin** og **The 59ers** koma fram á tónleikum á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

### → Opnanir

**17.00** Nemendur Mótunardeildar Myndlistaskólans í Reykjavík opna sýningu á keramikverkum í versluninni Kirsuberjatrénu að Vesturgötu 4. Opið mán.-fös. kl. 10-16, lau. kl. 11-17 og sun kl. 13-17.

**20.00** **Solveig Pálsdóttir** og **Þorgerður Ólafsdóttor** opna sýningu í neðra rými Gallerý Crymo að Laugavegi 41a. Sigurður Atli Sigurðsson opnar sýningu á efri hæðinni.

### → Síðustu forvöð

Í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur hefur verið opnuð sýning á verkum 40 ljósmyndara til styrktar Mæðrastyrksnefnd. Sýningu lýkur 6. des. og er opin virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 12-18.

### → Markaðir

Jólaþorpið við Thorsplan í Hafnarfirði verður opnað kl. 19 og verður opið allar helgar klukkan 13-18 og á Þorláksmessu kl. 18-22.

Skálafélagið stendur fyrir markaði í Tryggvaskála, Tryggvatorgi 1 á Selfossi. Opið í dag og laugardag kl. 13-18.

Nemendur Listaháskólans halda jólamarkað í í húsnæði skólans að Sölvhólsgötu. Opið í dag kl. 15-18 og laugardag kl. 14-18.

### → Fræðslufundir

**20.00** Fræðslumiðstöð stendur fyrir forvarnar- og fræðslukvöldi á Kaffi Rót við Hafnarstræti 17. Dagskrá í formi lifandi tónlistar og söngs ásamt vitnisburðum og fræðslu.

### → Uppákomur

**12.34** Í Norræna húsinu við Sturlugötu koma listamenn í heimsókn í hádeginu alla daga fram að jólum og verða með uppákomur.

### → Dansleikir

Boogienights á skemmtistaðnum Spot við Bæjarlind í Kópavogi. **Valli Sport** sér um tónlistina.

**Dúettinn Glymur** verður á Allanum við Aðalgötu á Siglufirði.


100
BESTU PLÖTUR
ÍSLANDSSÖGUNNAR
JÓNATAN GARÐARSSON
ARNAR EGGERT THORODDSEN
Flestir þekkja tónlistina og flytjendurna, en færri vita hvernig og hvers vegna plöturnar sem skipta okkur mestu máli urðu til. Hvað var í gangi þegar þær voru í smíðum og af hverju eru þessar hundrað plötur þjóðinni svo hugleiknar?
„100 bestu plötur Íslandssögunnar skipar sér í flokk grundvallarrita í íslenskri tónlistarsögu. Einkar vel heppnuð samantekt og mikill fróðleikur“.
- Árni Matt / Morgunblaðið.
„Algjörlega frábær bók ! Ef ég ætti hana ekki myndi ég vilja fá hana í jólagjöf !“.
- Ólafur Páll Gunnarsson, / Rás 2.
„Ég á og hef lesið hundruð músikbóka og var búinn að gera mér tiltekna hugmynd um þessa bók. Hún trompaði allar væntingingar. Ég gef henni 5 stjörnur af 5“.
- Jens Guð / jensgud.blog.is
„Skemmtilega útfærð og fræðandi“. Óttarr Proppé.
„Gríðarflott kaffiborðsbók fyrir alla sem hafa áhuga á íslenskri tónlist.
Aumingja þeir sem lentu númer 101“ . Dr. Gunni.
Þú færð 100 bestu plötur Íslandssögunnar í næstu verslun
sena
okkar heimur // þín skemmtun

Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju

„HÁTIGN HELGRA DÓMA"



JÓLATÓNLEIKAR MÓTETTUKÓRS HALLGRÍMSKIRKJU 2009

Flutt verður aðventu- og jólatónlist eftir Palestrina, Gjeilo, Mortensen, Whitacre, Balbastre, Guilmant, Áskel Jónsson o.fl.

STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON
Orgelleikari: Björn Steinar Sólbergsson

5. DESEMBER laugardagur kl. 21
6. DESEMBER sunnudagur kl. 17

Aðgangseyrir: 3000 / 2500

Miðasala á midi.is og í Hallgrímskirkju, opið 9-17 alla daga , s. 510 1000.

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 28. STARFSÁR. listvinafelag.is



**RÚNAR FREYR** Leikarinn Rúnar Freyr Gíslason var á meðal gesta í útgáfuhófinu.



**UPPLESTUR** Mikael Torfason las upp úr nýrri bók sinni Vormenn Íslands.

# Sögur með útgáfuhóf

**Fyrirtækið Sögur útgáfa kynnti útgáfu sína í ár á Café Rosenberg á miðvikudag. Höfundar lásu upp úr verkum sínum og hljómsveitin Buff spilaði ásamt Magga Eiríks lög af nýrri plötu með lögum Magnúsar, Reyndu aftur.**



**ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ** Rithöfundurinn Óttar Martin Norðfjörð var í góðum gír á Rosenberg.



**VALUR OG SÍMON** Blaðamaðurinn Valur Grettisson og Símon Birgisson hlýddu á upplestur fyrrverandi foringja síns hjá DV, Mikaels Torfasonar.



**MAGGI OG BUFF** Magnús Eiríksson ásamt meðlimum hljómsveitarinnar Buffs, þeim Bergi Geirssyni og Pétri Erni Guðmundssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Bangsi með nöfnum á
Þú velur það nafn sem þú vilt.
999,-



Gillette sett
4 rakvélablöð + rakgel 2.499,-
Jólakort 10 stk. 499,-
Pennar með nafni 499,-
HighSchool Musical handklæði 999,-
AIDA vörur í miklu úrvali
Þú kaupir 10 stök glös og færð 2 FRÍ með

BROSTILBOÐ



Tátiljur nokkrir litir
Leðurbotn 1.299,-
Gervileðurbotn 999,-
20 % afsláttur á kassa

TOPPVERÐ
Vandaðir CLARKS dömuskór 3.999,-
JAKO striga- og innanhússkór
2 verð 3999,- og 4999,-



Brostilboð gildir til og með sunnudeginum 6. des.

KLINKIÐ
LÁGVÖRUMARKAÐUR
...ótrúleg verð

JÓLASVEINATILBOÐ
Þú kaupir 10 barnavörur á 299,- eða undir og þú færð 3 púsl að eigin vali að verðmæti 199,- hvert frítt með
Full búð af flottri og ódýrri barnavöru



FÁKAFEN 9
Útsölumarkaður
Fullt af vöru á lækkuðu verði frá 49,- Nýjar vörur bætast við daglega
Fákafen 9 s: 588 9050

FATAHORNIÐ
Bómullarsokkabuxur á krakka 399,-
Dömuleggings 999,- og 1.299,-
Spariföt á stráka og stelpur
Sparisett stráka frá 2.999,-
Sparikjóll stelpur frá 799,-
Fullt af ódýrum fatnaði á börnin

MATARHORNIÐ
Spagetti og pasta nokkrar tegundir
340 grömm AÐEINS kr. 99,-
Minnum á ódýru matvöruna frá USA



Dagatalskerti 23 cm 499,-
Leiðisljós
Nokkrar tegundir
Frá: 349,-



HELGARTILBOÐ
Freyðibað fyrir krakkana 300 ml.
ÁÐUR 499,-
Nú 349,-



Helgartilboð gildir til og með sunnudeginum 6. des.



Jólin eru komin í Andabæ!
1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
jóla SYRPA
Disney
jóla SYRPA 2009
edda
Einnig fáanleg Smá Syrpa!
Smá SYRPA
Tryggðu þér eintak strax!
JÓLASYRPAN 2008 SELDIST UPP Í FYRRA.
6. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON
Frábær innbundin Jólasyrpa sem
Syrpuaðdáendur mega ekki missa af.
Andrés og félagar eru í jólaskapi!
Skemmtilegar jólasögur af Andrési og félögum,
Jóakim, Svarta Pétri, Adda Önd, Mikka Mús,
Guffa og öllum hinum
Þú færð Jólasyrpu 2009 í næstu verslun eða á
www.andrésönd.is
©Disney
*Barnabókalisti Eymundsson
edda




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NINJA ASSASSIN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 16 |
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:20 - 8 - 10:10 - 10:40 | 12 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 5:20 | VIP |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| PANDORUM | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 | 12 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NINJA ASSASSIN | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| TWILIGHT 2 NEW MOON | kl. 3 - 6 - 8 - 9 - 10:10 | 12 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) | 7 |
| A CHRISTMAS CAROL M/ Ensku. Tali | kl. 5:50(3D) Ótextuð | 7 |
| MY LIFE IN RUINS | kl. 5:50 | L |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| A CHRISTMAS CAROL m/ísl tali | kl. 6 | 7 |
| THE TWILIGHT SAGA: NEW MOON | kl 8 - 10:30 | 12 |
| MORE THAN A GAME | kl. 6 | 7 |
| NINJA ASSASSIN | kl 8 - 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| ARTÚR 2 | kl. 4 - 6 | L |
| THE BOX | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 8 | L |
| 2012 | kl. 4.45 - 8 - 10.30 | 10 |
| 2012 LÚXUS | kl. 4.45 - 8 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| WHATEVER WORKS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| A SERIOUS MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| 2012 | kl. 5.45 - 9 | 10 |
| DESEMBER | kl. 6 - 8 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 10 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 2012 | kl. 8 | 10 |
| THE BOX | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| LOVE HAPPENS | kl. 6 | L |
| 9 | kl. 6 | 7 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| JULIE AND JULIA | kl. 5.20 - 8 - 10.35 | L |
| RAJEEV REVISITED | kl. 6 | L |
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 - 10 | 16 |
| 2012 | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| EXTRACT | kl. 4, 6, 8 og 10 | 12 |
| ARTHÚR 2 - Íslenskt tal | kl. 6 | L |
| COCO BEFORE CHANEL | kl. 4, 8 og 10.10 | L |
| 2012 | kl. 7 og 10.10 | 10 |




**VINNA MIKIÐ** Steed Lord vinnur hörðum höndum að því að koma sér og tónlist sinni á framfæri. MYND/DRÖFN ÓSP SNORRADÓTTIR

# Hituðu upp fyrir Peaches

**Íslenska hljómsveitin Steed Lord hitaði upp fyrir tónlistarkonuna Peaches á tónleikum hennar í Los Angeles fyrir stuttu. Þrír meðlimir Steed Lord fluttu búferlum til borgar englanna fyrr í sumar og vinna nú ötullega að tónlist sinni.**

„Peaches bað okkur persónulega um að túra með sér um vesturströnd Bandaríkjanna. Við kynntumst henni og manni hennar í Berlín þegar við spiluðum þar fyrir þremur árum. Þau eru frábær og hafa alltaf stutt mjög við bakið á okkur. Við gátum þó aðeins spilað á þrennum tónleikum með henni því við vorum sjálf á leið í tónleikaferðalag um Evrópu,“ útskýrir Svala Björgvinsdóttir, söngkona hljómsveitarinnar. Aðspurð segir hún að gaman hafi verið að hita upp fyrir Peaches því hún dragi að sér skemmtilega og líflega áhorfendur. „Það er líka alltaf gaman að spila fyrir svona mikinn fjölda fólks, það er eins og að fá adrenalínsprautu,“ segir Svala. Mikill fjöldi fólks sótti tónleikana og á meðal áhorfenda voru einnig þekktir einstaklingar á borð við Peaches Geldolf, dóttur hungurpopparans Bobs Geldof, og fatahönnuðurinn Jeremy Scott.

Aðspurð segir Svala hljómsveitina vekja eftirtekt vegna þjóðernisins og segir fólk almennt forvitið um land og þjóð. „Við skerum okkur úr vegna þess að við erum Íslendingar, fólki finnst það áhugavert. En að baki velgengninni liggur líka rosalega mikil vinna og við erum núna að uppskera það sem við höfum sáð. Okkur gengur vel og það er vegna þess hve mikið við vinnum að því og vegna þess að við elskum það sem við gerum. Það kemur aldrei neitt upp í hendurnar á manni, maður þarf að vinna fyrir því og þannig hefur okkar hugarfar alltaf verið.“

Svala, Einar og Eddi munu eyða jólunum heima á Íslandi og dvelja hér í nokkra daga. Hún segir jólafríið vera fyrsta frí hljómsveitarmeðlima í langan tíma. „Mér finnst alltaf jólalegast á Íslandi. Þegar við komum heim verður bara slappað af og borðað mikið af góðum mat.“

Eftir jólafrí fer hljómsveitin aftur til vinnu, en hún er um þessar mundir að semja og taka upp nýtt efni fyrir plötu sem kemur út eftir áramót.

PIPAR\TBWA • SÍA

75.000.000 á einn miða í desember

Þeir sem eiga miða í Happdrætti Háskólans geta átt von á **75 milljóna afmælisvinningi** í síðasta útdrætti ársins. Þú getur ennþá verið með! Tryggðu þér miða fyrir aðeins 1.000 kr. á mánuði. **Við drögum næst 10. desember!**

75 ára milljónir á einn miða

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Fáðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611


PLAYSTATION 3
Gleðileg
PS3
jól!
120 GB
HARÐUR DISKUR
STÆRRA
GEYMSLURÝMI
MINNI
LÉTTARI
PS3
KERFIS
UPPFÆRSLA
3.0
HLJÓÐLÁTARI
EYÐIR MINNA RAFMAGNI
64.995kr.
eu.playstation.com/ps3
Blu-ray Disc
SONY
FIFA 10
11.495kr.
UNCHARTED 2
11.495kr.
DRAGON AGE
11.995kr.
BORDERLANDS
7.495kr.
RATCHET & CLANK
A CRACK IN TIME
11.995kr.
DJ HERO
21.995kr.
EyePet
9.995kr.
ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
Lindum · Skeifunni · Vefverslun · sími 544 4000 · símsala 575 8115

## > FH mun styrkja sig eftir brotthvarf Davíðs

Fyrirliði FH, Davíð Þór Viðarsson, skrifaði í gær undir þriggja ára samning við sænska félagið Öster. Davíð var að klára samning sinn við Íslandsmeistarana og FH fær því ekki krónu fyrir fyrirliðann sinn. Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, sagði við Fréttablaðið að ljóst væri að liðið þyrfti að styrkja sig. „Það er ágætt að það sé komin niðurstaða í málið því nú munum við fara af stað og líta í kringum okkur. Við höfum misst nokkra leikmenn í haust og því er ljóst að við munum þurfa að styrkja liðið. En við óskum þó Davíð alls hins besta og vonum að honum gangi vel á nýjum starfsvettvangi.“



# sport

sport@frettabladid.is

**ARNÓR SMÁRASON:** HEFUR VERIÐ FRÁ VEGNA MEIÐSLA Í TÆPT HÁLFT ÁR

## *Jafnvel kemur til greina að fara í legkökunudd*



Arnór Smárason hefur nú verið frá vegna meiðsla í tæpt hálft ár en hann þurfti að fara í tvær aðgerðir í sumar. Hann fann fyrst fyrir eymslum í vöðva aftan í læri í landsleik Íslands og Makedóníu í byrjun júní síðastliðins og segir hann að það hafi svo farið stigversnandi.

„Það versta við þetta er að menn vita ekki almennilega hvernig meiðsli þetta eru nákvæmlega,“ sagði Arnór við Fréttablaðið í gær.

Í fyrri uppskurðinum kom í ljós líklega meðfæddur galli sem gerði það að verkum að ákveðið var að hin löppin yrði einnig löguð.

„Þessir uppskurðir heppnuðust vel en batinn gengur voðalega hægt. Það hefur ýmislegt annað verið að hrjá mig en ég er nú að vinna í því á fullu að ná mér góðum.“

Óhætt er að segja að Arnór liggi ekki allan daginn uppi í sófa með tærnar upp í loftið. „Ég þarf að mæta tvisvar í endurhæfingu á dag, fimm daga vikunnar. Ég þarf að hjóla og styrkja mig enda nauðsynlegt fyrir mig að halda mér í góðu formi. Enda held ég að líkaminn sé í ágætu standi. Þegar ég verð loksins búinn að losna við þessi meiðsli verð ég bara klár í slaginn.“

Arnór segir að hann hafi fengið þau skilaboð frá sínum læknum að sennilega gæti hann byrjað að æfa upp úr áramótum. „En það er ekkert víst í þeim efnum. Ég get lítið annað gert en að halda áfram og vona það besta.“

Hann segir að hann hafi fundið fyrir litlum bata til þessa. „Voðalega litlum og þetta virðist gerast hægt,“ segir hann. „Ég er opinn fyrir hverju sem er og núna hef ég verið að prófa nálastungumeðferð. Það er því ýmislegt gert.“

Hið svokallaða legkökunudd hefur vakið mikla athygli en margir þekktustu leikmanna ensku úrvalsdeildarinnar hafa leitað til serbnesku konunnar sem hefur beitt þeirri meðferð með góðum árangri.

„Ég held bara að það sé það næsta sem maður þarf að prófa,“ sagði hann og hló. „Það virðist þó virka ágætlega en ég er til í allt sem gæti hjálpað manni. Ég er ekki búinn að snerta bolta í hálft ár og er orðinn verulega pirraður á þessu ástandi.“



**HEIMIR GUÐJÓNSSON** Telur að Kristján Gauti getur staðið sig vel hjá Liverpool. Hér ræðir hann við leikmann FH í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Heimir Guðjónsson:

## Hef trú á að hann standi sig

**FÓTBOLTI Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, þekkir vel til Kristjáns Gauta Emilssonar sem mun ganga til liðs við Liverpool í næstu viku.**

**„Kristján Gauti er afar efnilegur leikmaður og mjög þroskaður miðað við aldur,“ sagði Heimir. „Ég tók hann á séræfingar með öðrum leikmönnum síðasta vetur og það er ekki oft sem maður sér sextán ára strák sem hefur jafn góðan leikskilning og hann. Hann er talsvert á undan jafnöldrum sínum hér heima og ég tel að leikskilningur hans og stöðumat á vellinum sé hans helsti styrkleiki.“**

**Kristján Gauti mun fyrst um sinn æfa með U-18 liðinu en mikil samkeppni ríkir um að komast áfram hjá stórliðum eins og Liverpool. „Ég hef trú á að hann standi sig. Hann fær góða hjálp frá foreldrum sínum og fær nú þrjú ár til að sanna sig. Ég tel að það verði feykinóg. Ég tel víst að hann geti staðist öllum þessum strákum snúning.“ - esá**

# Ekki hægt að hafna Liverpool

**Hinn sextán ára gamli Kristján Gauti Emilsson heldur til Englands í næstu viku þar sem hann mun væntanlega skrifa undir þriggja ára samning við Liverpool. Hann segir erfitt að þurfa að yfirgefa FH nú.**

**FÓTBOLTI** Allt útlit er fyrir að Kristján Gauti Emilsson, sextán ára Hafnfirðingur, semji við enska úrvalsdeildarfélagið Liverpool í næstu viku. Hann æfði með félaginu fyrr í mánuðinum og var í kjölfarið ákveðið að bjóða honum samning.

„Það voru útsendarar frá Liverpool sem sáu mig spila með landsliðinu í sumar og var óskað eftir því að ég kæmi og æfði með félaginu,“ segir Kristján Gauti í samtali við Fréttablaðið. „Ég dvaldi hjá Liverpool í viku og æfði með U-18 ára liðinu. Það gekk vel og þeir vildu fá mig.“

Kristján Gauti hefur vakið mikla athygli erlendra félaga að undanförnu. Hann fór til reynslu hjá bæði IFK Gautaborg í Svíþjóð og Glasgow Rangers í Skotlandi í haust og þá lýsti til að mynda Manchester United yfir áhuga á að fá hann til æfinga.

Þrátt fyrir mikinn áhuga að utan segist Kristján Gauti ávallt hafa stefnt að því að spila með sínu uppeldisfélagi, FH, í nokkur ár til viðbótar. Hann spilaði þó með FH í sumar í þremur leikjum í Pepsi-deildinni.

„En svo kom tilboð frá Liverpool sem ég get ekki hafnað. Það er bara of ljúft,“ sagði hann og brosti. „Aðstæður hjá félaginu eru eins og best verður á kosið. Mitt helsta markmið hjá Liverpool verður að bæta mig sem knattspyrnumann og þarna fæ ég gott tækfæri til þess. Þar gefst mér kostur til að æfa á hverjum degi við bestu mögulegu aðstæður.“

Kristján Gauti er þriðji Íslendingurinn sem semur við Liverpool. Haukur Ingi Guðnason fór fyrstur til félagsins árið 1997 og Guðlaugur Victor Pálsson hefur verið hjá Liverpool undanfarið ár.

„Ég hitti hann reyndar ekki þegar ég var úti en ég hef talað við hann í síma,“ sagði Kristján Gauti um Guðlaug Victor. „Hann sagði að það væri frábært að vera þarna enda mjög gott félag. Það skemmir heldur ekki fyrir að vera með annan Íslending í félaginu.“

Kristján Gauti hefur alla tíð verið mikill stuðningsmaður Liverpool og hann neitar því ekki að hans draumur er að spila með liðinu á Anfield. „Fyrst og fremst stefni ég þó að því að bæta mig og vinna í því sem ég þarf að vinna í. Svo kannski kemst ég eitthvað lengra en tíminn verður bara að leiða það í ljós.“

Hann segir erfitt að yfirgefa Hafnarfjörðinn og ekki síst FH. „Það var líka alltaf draumur hjá mér að komast í meistaraflokkinn hjá FH – fá að æfa með liðinu og komast í leikmannahópinn. En ég er líka mjög þakklátur félaginu enda er unglingastarfið mjög öflugt hjá FH. Það er því að þakka að ég er orðinn svo góður leikmaður. Það verður auðvitað líka erfitt að fara frá vinum og fjölskyldu. En svona þróaðist þetta og ég er mjög ánægður með þessa niðurstöðu.“

Kristján Gauti hefur þó ekki áhyggjur af því að vera í kringum stórstjörnurnar hjá Liverpool. „Ætli maður venjist því ekki fyrir rest. Ég er allavega ekki hræddur við þá tilhugsun.“

eirikur@frettabladid.is



**KRISTJÁN GAUTI EMILSSON** Gengur væntanlega frá þriggja ára samningi við Liverpool í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


## Aðalfundur Valsmanna hf.

Aðalfundur Valsmanna hf. verður haldinn föstudaginn 11. desember, n.k. kl. 17:00 að Hlíðarenda. Dagskrá aðalfundar er venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum félagsins og lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og verður sem hér segir:

VALSMENN
FJÁRFESTINGAFÉLAG

**Dagskrá**

1. Skýrsla stjórnar vegna liðins starfsárs
2. Ársreikningur félagsins
3. Ákvörðun um hvernig fara eigi með hagnað/tap ársins
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna
5. Kjör stjórnar
6. Kjör endurskoðanda
7. Önnur mál

**Valsmenn hf. fagna 10 ára afmæli**

Í tilefni þess að liðin eru 10 ár frá stofnun Valsmanna hf. verður boðið upp á léttar veitingar í Lollastúku áður en aðalfundurinn hefst.

Af því tilefni verður kveikt á lýsingu umhverfis aðalleikvanginn en lýsingin er gjöf Valsmanna hf. til Knattspyrnufélagsins Vals.

Hluthafar er hvattir til að mæta og fagna þessum tímamótum.


Dregið verður í riðla í úrslitakeppni HM 2010 í dag:

## Enginn vill Frakka eða Portúgala

**FÓTBOLTI** Það styttist óðum í heimsmeistarakeppnina í Suður-Afríku sem fer fram næsta sumar en þetta verður sú fyrsta sem fram fer í Afríku. Á morgun verða 188 dagar í opnunarleikinn og þá verður mikil hátíð í Höfðaborg þegar dregið verður í riðlana átta.

32 þjóðir taka þátt í HM og hefur þeim þegar verið skipt niður í fjóra hópa. Gestgjafar Suður-Afríku eru í fyrsta hópnum og munu leika í A riðli. Hin löndin í hópnum eru Spánn, Brasilía, Holland, Ítalía, Þýskaland, Argentína og England.



Næst er dregið úr öðrum hópnum þar sem eru Ástralía, Japan, Norður-Kórea, Suður-Kórea, Hondúras, Mexíkó, Bandaríkin og Nýja-Sjáland. Í þriðja hópnum eru síðan Alsír, Kamerún, Fílabeinsströndin, Gana, Nígería, Chile, Paragvæ og Úrúgvæ.

Í lokahópnum eru síðan þær Evrópuþjóðir sem komust ekki í efsta styrkleikaflokk. Þar verður mesta spennan enda vill enginn lenda með Frökkum eða Portúgölum í riðli þar sem þeir eru meðal sjö bestu knattspyrnuþjóða heims samkvæmt nýjasta styrkleikalista FIFA. Í lokahópnum eru Portúgal, Frakkland, Grikkland, Sviss, Serbía, Danmörk, Slóvenía og Slóvakía.

Þjóðir innan sömu álfu geta aldrei lent í sama riðli fyrir utan Evrópuþjóðirnar en þar gildir sú regla að aldrei verði fleiri en tvær þjóðir frá Evrópu í sama riðli. Sjónvarpið mun sýna beint frá drættinum og hefst útsendingin klukkan fimm. Íþróttafréttamenn Fréttablaðsins settu saman nokkra möguleika á riðlum og má finna þá hér til hliðar. - óój


Jólaleikur
iPhone er kominn!
Viltu eintak?
Sendu SMS skeytið ESL JOL
á númerið 1900.
Þú færð spurningu og svarar
með því að senda SMS skeytið
ESL A, B eða C á númerið
1900. Þú gætir unnið!
Aðalvinningur:
iPhone
+ 10.000 kr. inneign
hjá Tónlist.is
10. HVER VINNUR!
Geggjaðir aukavinningar!
GSM símar
NÓA konfekt
T.d. þessar
DVD myndir
Kippa af Malti og Appelsíni
T.d. þessir
T.d. þetta
Tölvuleikir
og margt fleira...
SMS LEIKUR
*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 23.desember. Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr./SMS-ið. Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu. Leik lýkur 22.desember 2009
ELKO
EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ
Lindum · Skeifunni · Vefverslun · sími 544 4000 · símsala 575 8115

## N1-deild karla:

**Akureyri-Valur 29-25 (16-14)**
Mörk Akureyrar (skot): Jónatan Magnússon 7 (16), Oddur Grétarsson 6 (9), Heimir Árnason 5 (6), Árni Sigtryggsson 4 (9), Guðlaugur Arnarsson 3 (3), Heiðar Aðalsteinsson 2 (4), Andri Snær Stefánsson 1 (1), Hörður F. Sigþórsson 1 (2).
Varin skot: Hörður Flóki Ólafsson 8 (16) 50%, Hafþór Einarsson 10 (28) 36%.
Mörk Vals: Arnór Þór Gunnarsson 8/5 (10), Ernir Hrafn Arnarson 5 (18), Elvar Friðriksson 4/1 (14), Gunnar Ingi Jóhannsson 3 (6), Sigfús Páll Sigfússon 3 (3), Orri Freyr Gíslason 2 (2.
Varin skot: Hlynur Morthens 16, 36%,

**Haukar-Stjarnan 24-16 (12-6)**
Mörk Hauka: Heimir Óli Heimisson 5, Guðmundur Árni Ólafsson 3, Jónatan Ingi Jónsson 3, Elías Már Halldórsson 2, Sigurbergur Sveinsson 2, Einar Örn Jónsson 2, Þórður Rafn Guðmundsson 2, Björgvin Hólmgeirsson 2, Tjörvi Þorgeirsson 1.
Mörk Stjörnunnar: Daníel Einarsson 4, Björn Friðriksson 3, Þórólfur Nielsen 2.

**FH-HK 24-28 (9-13)**
Mörk FH: Bjarni Fritzson 6, Ólafur Guðmundsson 6, Ólafur Gústafsson 5, Ari Magnússon 2.
Mörk HK: Valdimar Þórsson 8, Sverrir Hermannsson 6, Atli Ingólfsson 5, Ólafur Víðir Ólafsson 3, Hákon Bridde 2, Jón B. Pétursson 2.

**Grótta-Fram 32-29 (15-15)**
Mörk Gróttu: Finnur Ingi Stefánsson 7, Anton Rúnarsson 7, Atli Steinþórsson 6, Halldór Ingólfsson 4, Hjalti Pálmason 3, Jón Karl Björnsson 3.
Mörk Fram: Stefán Stefánsson 13, Arnar Hálfdánsson 6, Matthías Daðason 5, Jóhann Reynisson 2, Elías Bóasson 2.

## IE-deild karla:

**Keflavík-KR 85-100**
Stig Keflavíkur: Hörður Axel Vilhjálmsson 21, Sigurður Þorsteinsson 19, Gunnar Einarsson 14, Sverrir Sverrisson 8, Jón Hafsteinsson 6, Elentínus Margeirsson 6, Þröstur Jóhannsson 5.
Stig KR: Tommy Johnson 29, Fannar Ólafsson 23, Brynjar Björnsson 15, Semaj Inge 10, Darri Hilmarsson 8, Finnur Magnússon 4, Steinar Kaldal 4, Ólafur Ægisson 3, Skarphéðinn Ingason 2.

**Snæfell-Njarðvík 98-94**
Stig Snæfells: Sean Burton 41, Hlynur Bæringsson 19, Sigurður Þorvaldsson 17, Jón Ólafur Jónsson 9, Pálmi Sigurgeirsson 7, Emil Jóhannsson 3.
Stig Njarðvíkur: Magnús Gunnarsson 27, Jóhann Ólafsson 15, Guðmundur Jónsson 14, Friðrik Stefánsson 10, Kristján Sigurðsson 9, Páll Kristinsson 8, Hjörtur Einarsson 7, Rúnar Erlingsson 5.

**Fjölnir-Breiðablik 84-87**


NORDPLUS

Menntaáætlun Nordplus Norrænir styrkir til nágrannaamstarfsKynningarráðstefna á Hótel Sögu, salnum Stanford, 2. hæð(inngangur Guðbrandsgötu) 11. desember 2009 frá kl. 14:00 - 16:30

**Dagskrá**
**13:30-14:00 Skráning, afhending ráðstefnugagna**
**14:00-14:10 Setning: Karitas Kvaran, forstöðumaður** Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins – Land skrifstofu Nordplus.
**14:10-14:25 Almenn kynning á menntaáætlun Nordplus:** Guðmundur Ingi Markússon, verkefnastjóri Nordplus.
**14:25-14:40 Uppbygging Nordplusverkefna og nýting styrksins:** Ragnhildur Zoega, verkefnastjóri Nordplus.
**14:40-14:55 Kynning á verkefni í Nordplus Horisontal:** Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri á menntavísindasviði H.Í.
**15:00-16:00 Vinnustofur fyrir undiráætlanir Nordplus:**
**Junior:** Styrkir leik-, grunn- og framhaldsskólastigið
**Voksen:** Styrkir fullorðinsfræðslu og símenntun
**Háskólastigið:** Styrkir samvinnu og samstarf háskóla
**Sprog og kultur:** Styrkir norræn mál og menningu
**Horisontal:** Styrkir sem tengja saman aðrar undiráætlanir Nordplus

**16:00-16:30 Jólaglögg og piparkökur í ráðstefnulok.**

**Skráning fer fram á http://ask.hi.is/page/Nordplus11des**
**Nánari upplýsingar á skráningarsíðu og í síma 5254311**

**Umsóknarfrestur í Nordplus er í byrjun mars á hverju ári www.nordplus.is**


# Norðlenska hjartað skilaði heimamönnum sigri

**Lið Akureyrar er komið í blússandi toppbaráttu í N1-deild karla eftir góðan sigur á Val í gær. Akureyringar voru þó nálægt því að missa unninn leik frá sér.**



HEITUR Oddur Grétarsson átti fínan leik fyrir Akureyri í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**HANDBOLTI** Akureyri hefur átt það til að koma sér í góða stöðu, vera nokkrum mörkum yfir og eiga leikinn í hendi sér, en missa niður forskotið og gera leiki spennandi. Leikurinn gegn Val í gær var dæmi um þetta en nú skilaði liðið góðum 29-25 sigri á toppliðinu og er þar með komið upp að hlið Vals.

Hrollur var í báðum liðum í upphafi enda hvít jörð og frost norðan heiða. Liðið spiluðu illa fyrstu mínúturnar og aðeins undir lok fyrri hálfleiks fóru liðin að sýna rétta getu. Mistök á báða bóga voru einkennandi. Valur leiddi framan af en Akureyri sigldi fram úr undir lok hálfleiksins, var 16-14 yfir í hálfleik.

Valur jafnaði í upphafi síðari hálfleiks en með innkomu Harðar Flóka í markið og góðri vörn byggði Akureyri upp fimm marka forystu með tíu mínútur eftir. Valur gafst ekki upp og minnkaði muninn í eitt mark og gat jafnað. Þá varði Flóki og Akureyri skoraði lykilmark í kjölfarið. Liðið kláraði svo leikinn og vann 29-25.

„Það voru fleiri leikmenn sem spiluðu vel hjá þeim. Það skildi liðin að. Til að koma hingað norður og taka eitthvað frá leiknum þurfa allir að spila vel. Við vorum orðnir þreyttir undir lokin og það skýrist kannski af því að ég rúllaði mönnum ekki nógu vel í fyrri hálfleik. Við þurftum að fá meira frá Elvari og Sigfúsi í seinni hálfleik. Akureyri spilaði sterka vörn og þeir voru að fá mörk úr hraðaupphlaupum þegar við gleymdum okkur og þeir tóku frumkvæðið. Þetta var erfitt allan tímann. Það var gott að komast inn í þetta undir lokin en það vantaði neista í okkur undir lokin til að klára dæmið,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals.

Akureyringurinn Oddur Grétarsson var himinlifandi með sigurinn. „Við viljum kannski bara gera leikina spennandi fyrir fólkið sem mætir. Ég fékk hroll út í fingurgóma þegar fólkið byrjaði að klappa. Það sem skilaði þessu var norðlenska hjartað. Við erum allir héðan frá Akureyri og nágrenni og það spilar stóra rullu hjá okkur. En loksins náum við að klára leik með öruggum sigri, við hættum ekkert. Við erum á góðu skriði, komnir með fimm sigurleiki í röð, og við eigum klárlega heima við toppinn,“ sagði Oddur. **- hþh**

Tommy Johnson var aðalmaðurinn í liði KR er það lagði Keflavík suður með sjó:

# Tommy minnti á sig í Keflavík

**KÖRFUBOLTI** KR vann í gær afar mikilvægan sigur á Keflavík, 100-85, í toppbaráttu Iceland Express-deildar karla. Með sigrinum komst KR upp að hlið Njarðvíkinga á toppi deildarinnar.

KR byrjaði af gríðarlegum krafti og skoraði fyrstu fimmtán stig leiksins. Afmælisbarn dagsins og fyrrum leikmaður Keflavíkur, Tommy Johnson fór mikinn í liði KR sem hafði þriggja stiga forystu í hálfleik, 50-47.

Síðari hálfleikur var jafn og spennandi þar til á lokamínútunum. Johnson var mjög áberandi í fyrri hálfeik en sást varla í þeim síðari þar til örfáar mínútur voru eftir er hann setti niður tvo þrista með skömmu millibili. Brynjar Þór Björnsson setti niður annan þrist og kom KR í sjö stiga forystu. KR skoraði fimmtán af síðustu sextán stigum leiksins og gefa lokatölur leiksins því ef til vill ekki rétta mynd af honum.

„Við hættum að spila þegar mest lá við,“ sagði Hörður Axel Vilhjálmsson, leikmaður Keflavíkur. „Við vorum að elta allan leikinn og það var erfitt. Við spiluðum ágætlega á köflum en svo í fjórða leikhluta var eins og leikmenn ætluðu að klára leikinn upp á eigin spýtur.“

Páll Kolbeinsson, þjálfari KR, var ánægður með sína menn. „Menn mættu mjög ákveðnir til leiks eftir slæmt tap gegn Stjörnunni þar sem við töpuðum niður unnum leik á síðustu mínútunum. Það var þriðji leikurinn í vetur sem við töpum þannig. Við vorum því ákveðnir í að klára þennan leik almennilega.“

Hann var ánægður með framlag Tommy Johnson í kvöld. „Ég var búinn að bíða lengi eftir þessu og sýna honum þolinmæði. Ég vona að það sé að skila sér núna. Hann var góður í kvöld – ágætur í vörn og mjög ákveðinn í sókninni. Hann vildi auðvitað líka sanna sig gegn sínu gamla félagi og fyrir gömlu áhorfendunum.“ **- esá**



BRYNJAR BJÖRNSSON Var sterkur í liði KR sem sótti góðan sigur í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





Verð frá 94.500 kr.*
og 15.000 Vildarpunktar
* Verð án Vildarpunkta: 104.500 kr.
Innifalið: Flug, skattar, gisting í 3 nætur með morgunverði, rútur til og frá flugvelli erlendis og miði á báða leikina.
Gist verður á Novotel hótelinu í miðborg Manchester.
Flogið með áætlunarflugi Icelandair.
Nánari upplýsingar og bókanir: tonsport@vita.is

Ferðaskrifstofan VITA býður upp á ferð á tvo leiki til Manchester 15.-18. janúar.
Man.Utd - Burnley | Bolton - Arsenal

vita
VITA er lífið
VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

# JÓLALJÓS

## 25% af öllum jólaljósum

föstudag - sunnudag






blómaval

HÚSASMIÐJAN

# Jólatré - kaupauki

## Jólakúlur fylgja öllum jólatrjám um helgina!




4 stk. 6 stk. eða 12 stk. í kassa, að eigin vali, ýmsir litir.



Öll kerti **20%** AFSLÁTTUR



**JÓLATRÉN** eru komin

## Lifandi jólatré, verðlisti 2009

| | Normanns-þinur | Rauð-greni (Veljum íslenskt) | Stafafura (Veljum íslenskt) |
|---|---|---|---|
| **Hæð í cm** | **verð** | **verð** | **verð** |
| **70 -100** | 3.990 | 1.799 | 1.999 |
| **101-150** | 5.990 | 2.990 | 3.990 |
| **151-200** | 6.990 | 5.990 | 6.990 |
| **201-250** | 8.990 | 8.990 | 10.999 |

Með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Gildir meðan birgðir endast.

> **Paul McCartney**

„Við byrjuðum að spila tónlist til að þurfa ekki að vinna venjuleg störf … og náttúrlega til að hitta sætar stelpur.“

***McCartney og félagar hans í The Beatles fara með aðalhlutverkin í kvikmyndinni Hjálp sem Sjónvarpið sýnir kl. 20.50 í kvöld.***



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **SARA MCMAHON** SÉR EKKI ÞAÐ SEM AÐRIR SJÁ

## *Óspennandi vampírur með Suðurríkjahreim*

Síðastliðið miðvikudagskvöld ákvað ég að eyða kvöldinu inni hjá mér í stað þess að ana út í kulda, snjó og frost. Þar sem ég hafði tekið þá ákvörðun að vera innipúki eitt kvöld hugsaði ég með mér að nú væri kjörið færi fyrir mig til að detta inn í þessa þætti sem allir aðrir virðast löngu dottnir í og geta ekki hætt að tala um. Á miðvikudögum eru þættirnir Gossip Girl og True Blood sýndir á Stöð 2 og hafa báðir þættirnir notið mikilla vinsælda undanfarið ár.

Þarna sat ég og horfði fyrst á Gossip Girl, sem fjallar um hóp ríkra unglinga í New York. Stúlkurnar voru andlitsfríðar og vel klæddar, piltarnir voru myndarlegir og pollrólegir, fullorðna fólkið var ástfangið og þátturinn var sæmileg afþreying.

Næst kom á skjáinn þátturinn True Blood sem hefur tröllriðið öllu undanfarna mánuði. Ég viðurkenni að ég var eilítið spenntari fyrir þessum þætti



en þeim fyrri þar sem hann hefur fengið svo gríðarlega góð meðmæli frá vinkonum mínum. Þátturinn er úr smiðju HBO, þeirra sömu og framleiddu hina margrómuðu þætti Beðmál í borginni. Sögusviðið er smábær í Louisiana-ríki þar sem fólk og vampírur búa saman og sofa saman. Söguhetjan er ung stúlka sem er gædd þeim hæfileikum að geta lesið hugsanir annarra. Hún fellur svo fyrir fölleitum manni sem reynist vera vampíra.

Kannski var það af því að ég missti af fyrstu þáttunum í þessari þáttaseríu, en mér fannst allt saman afskaplega leiðigjarnt; persónurnar, söguþráðurinn og hreimurinn. Kannski var það allt lofið sem gerði það að verkum að ég bjóst við einhverju alveg mögnuðu sem stóðst ekki væntingar mínar þegar á hólminn var komið.

## FÖSTUDAGUR



▶ **17.30** Supernanny STÖÐ 2 EXTRA



▶ **18.30** Fréttir STÖÐ 2



▶ **20.05** Little Miss Sunshine STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Fyndnar fjölskyldumyndir SKJÁREINN



▶ **20.15** Marteinn SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.10 Leiðarljós** (e)

**15.50 Leiðarljós** (e)

**16.35 Galdrakrakkar** (2:13)

**17.00 Dregið í riðla fyrir HM í fótbolta** Bein útsending frá Höfðaborg í Suður-Afríku þar sem dregið verður í riðla fyrir úrslitakeppni HM í fótbolta.

**18.20 Táknmálsfréttir**

**18.35 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)

**18.45 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Marteinn** (5:8) Íslensk gamanþáttaröð. Aðalhlutverk: Jóhannes Haukur Jóhannesson, Kjartan Guðjónsson og Edda Björg Eyjólfsdóttir.

**20.50 Hjálp** (Help!) Bítlamynd frá 1965. Ringo dregur í ógáti á fingur sér heilagan hring og í framhaldi lenda Bítlarnir á æsilegum flótta um allar jarðir undan brjáluðum vísindamönnum og sértrúarsöfnuði sem iðkar mannfórnir. Aðalhlutverk: John Lennon, Paul McCartney, George Harrison og Ringo Starr.

**22.30 Taggart - Leigjandinn** (Taggart: Tenement) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlögreglumenn í Glasgow fást við snúið sakamál. Aðalhlutverk: Alex Norton, Blythe Duff, Colin McCredie og John Michie.

**23.45 United** (United) Norsk bíómynd frá 2006. Aðalhlutverk: Håvard Lilleheie, Berte Rommetveit, Vegar Hoel og Sondre Sørheim. (e)

**01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Nacho Libre**

**10.00 Picture Perfect**

**12.00 Annie**

**14.05 Nacho Libre**

**16.00 Picture Perfect**

**18.00 Annie**

▶**20.05 Little Miss Sunshine** Óskarsverðlaunamynd um fjölskyldu sem leggur saman uppí langferð á fjölskyldubílnum.

**22.00 Lost Behind Bars**

**00.00 Good Luck Chuck**

**02.00 Cake: A Wedding Story**

**04.00 Lost Behind Bars**

**06.00 The Holiday**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Flintstone krakkarnir, Gulla og grænjaxlarnir, Lalli og Kalli litli Kanína og vinir.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.35 The Doctors**

**10.20 The Apprentice** (5:14)

**11.10 America's Got Talent** (10:20)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 La Fea Más Bella** (83:300)

**13.45 La Fea Más Bella** (84:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (85:300)

**15.15 Identity** (5:12) Frumlegur skemmtiþáttur með grínistanum Penn Jillette þar sem þátttakendur reyna að tengja saman 12 ókunnugar manneskjur við lista með auðkennum þeirra.

**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Kalli litli Kanína og vinir, Gulla og grænjaxlarnir og Lalli.

**17.03 Bold and the Beautiful** Forresterfjölskyldan heldur áfram að slá í gegn í tískubransanum þrátt fyrir mikið mótlæti og erjur utan sem innan fyrirtækisins.

**17.28 Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu en þar þurfa íbúar að takast á við ýmis stór mál eins og ástina, nágranna- og fjölskylduerjur, unglingaveikina, gráa fiðringinn og mörg mörg fleiri.

**17.58 Friends** Bestu vinir allra landsmanna eru mættir aftur í sjónvarpið! Ein vinsælasta sjónvarpssería sem gerð hefur verið og ekki að ástæðulausu. Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler í fullu fjöri, fjóra daga vikunnar.

**18.23 Veður**

▶**18.30 Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.

**18.52 Íþróttir**

**18.59 Ísland í dag** Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.

**19.16 Veður**

**19.25 Dagur rauða nefsins** Bein útsending sem haldin er vegna söfnunarátaks UNICEF á Íslandi handa bágstöddum börnum í Afríku.

**00.35 There Will Be Blood**

**03.10 The Pretender 2001**

**04.40 Friends**

**05.00 Oprah**

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Fulham - CSKA Sofia** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.

**17.50 Fulham - CSKA Sofia** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.

**19.30 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

**20.00 La Liga Report** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í spænska boltanum.

**20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**21.00 Ultimate Fighter - Season 1** Sýnt frá Ultimate Fighter - Season 1 en þangað voru mættir margir af bestu bardagamönnum heims.

**21.45 UFC 106** Útsending frá UFC Live Events en þangað mættu margir af bestu bardagamönnum heims í þessari mögnuðu íþrótt.

**23.25 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**00.15 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Hold ´Em.

**01.00 NBA körfuboltinn: Cleveland - Chicago** Bein útsending frá leik í NBA-körfuboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.00 Portsmouth - Man. Utd** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.40 Man. City - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.20 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**20.50 Premier League World** Enska úrvalsdeildin skoðuð frá ýmsum hliðum.

**21.20 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**21.50 PL Classic Matches** Newcastle - Man. Utd, 2001. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 PL Classic Matches** Tottenham - Leicester, 2003.

**22.50 Premier League Preview**

**23.20 Wigan - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.30 Game Tíví** (12:14) (e)

**08.00 Dynasty** (21:29) (e)

**08.50 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Game Tíví** (12:14) (e)

**12.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.30 What I Like About You** (e)

**16.55 Innlit/ Útlit** (6:10) (e)

**17.25 Dynasty** (22:29)

**18.15 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins. Fréttaþulur er Inga Lind Karlsdóttir.

**18.30 Still Standing** (2:20) (e)

**19.00 Rules of Engagement** (14:15) Bandarísk gamansería um vinahóp sem samanstendur af hjónum, trúlofuðu pari og kvensömum piparsveini. (e)

**19.30 Fréttir** (e)

**19.45 King of Queens** (11:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie. (e)

▶**20.10 Fyndnar fjölskyldumyndir** (12:12) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru bæði innlend og erlend myndbrot.

**20.40 Jersey Girl** Rómantísk gamanmynd frá 2004 með Ben Affleck, Liv Tyler og Jason Biggs í aðalhlutverkum.

**22.10 30 Rock** (9:22) (e)

**22.35 Lipstick Jungle** (7:13) (e)

**23.25 Law & Order: Special Victims Unit** (12:19) (e)

**00.15 King of Queens** (11:25) (e)

**00.40 World Cup of Pool 2008** (27:31)

**01.30 The Jay Leno Show** (e)

**02.15 The Jay Leno Show** (e)

**03.00 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn ÍNN, Jón Kristinn Snæhólm, Hallur Hallsson og Guðlaugur Þór Þórðarson, ræðir um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.

**21.00 Segðu mér frá bókinni** Nýr þáttur þar sem rithöfundar kynna nýútkomnar bækur sínar og lesa úr þeim.

**21.30 Græðlingur** Guðríður Helgadóttir leiðbeinir fólki um haustverkin í garðyrkju.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.25**

### Dagur rauða nefsins



Bein útsending í opinni dagskrá sem haldin er vegna söfnunarátaks UNICEF á Íslandi handa bágstöddum börnum í Afríku. Boðið er upp á veglega skemmtidagskrá þar sem sannkallað landslið íslenskra grínista kemur saman, skemmtir þjóðinni með óborganlegu gríni og hvetur hana um leið til að gerast heimsforeldrar. Kynnar eru Ilmur Kristjánsdóttir og Björn Thors. Allir upp með rauða nefið.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Jersey Girl**

### Skjár einn kl. 20.40

Rómantísk gamanmynd frá 2004 með Ben Affleck, Liv Tyler og Jason Biggs í aðalhlutverkum. Ollie Trinkie er upplýsingafulltrúi stjarnanna og á von á barni með glæsilegri eiginkonu sinni. En þegar eiginkonan deyr við barnsburð snýst tilvera hans á hvolf.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Á réttri hillu
**14.03** Straumar
**15.03** Útvarpssagan: Ástarflótti
**15.25** Boðorðin 10
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Söngvarar blárrar sveiflu
**21.10** Hringsól
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (21:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (22:25)
**17.30 Supernanny** (9:20) Ofurfóstran Jo Frost kennir ungu og ráðþrota fólki að ala upp litla ólátabelgi og gefur gagnleg uppeldisráð sem skila árangri.
**18.45 Doctors** (21:25)
**19.15 Doctors** (22:25)
▶ **19.45 Supernanny** (9:20)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 NCIS** (17:19) Spennuþættir um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt. Verkefnin eru orðin bæði flóknari og hættulegri í þessari fimmtu seríu.
**22.50 Fringe** (2:22) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á um að eigi sér yfirnáttúrulegar skýringar.
**23.35 Identity** (9:12) Frumlegur skemmtiþáttur með grínistanum Penn Jillette þar sem þátttakendur reyna að tengja saman 12 ókunnugar manneskjur við lista með auðkennum þeirra.
**00.20 Blade** (9:13) Blade er hálfur maður og hálf vampíra og berst við nýja tegund vampíra sem ætlar sér alger yfirráð yfir mannkyninu. Til að eiga von í baráttunni þarf hann að mynda bandalag með vopnasérfræðingi og ungri konu sem er í hefndarhug gagnvart vampírunum.
**01.05 Fréttir Stöðvar 2**
**02.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** En plass i livet **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.25** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Sporløst forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** The Beatles in the Studio **23.20** Life on Mars

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Nær naturen **12.45** Danskernes Kronike - Vores born **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.45** Fodbold **18.30** Pagten **19.00** aHA Forbrydelsen **20.00** TV Avisen **20.30** The Getaway **22.20** Skakmat

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** En plass i livet **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.25** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Beat for beat **19.55** Nytt på nytt **20.25** Skavlan **21.25** Sporløst forsvunnet **22.05** Kveldsnytt **22.20** The Beatles in the Studio **23.20** Life on Mars

## SVT 1

**12.45** Robins **13.15** Dansbandskampen **14.45** Hemliga svenska rum **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Plus **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** På spåret **20.00** Skavlan **21.00** Alpint. Världscupen Lake Louise **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Playa del Sol **22.30** And the Band Played On


DAGUR RAUÐA NEFSINS
4. desember 2009
unicef

# Í OPINNI DAGSKRÁ Á STÖÐ 2 KL. 19.25

## í kvöld

**Landslið grínara leggur bágstöddum börnum lið í stórskemmtilegri hátíðardagskrá í beinni útsendingu frá Borgarleikhúsinu.**



**Kynnar verða:**

**Ilmur Kristjánsdóttir og Björn Thors**

**Fram koma:**

Kenneth Máni
Jón Gnarr
Auddi og Sveppi
Helga Braga
Þorsteinn Guðmundsson
Katla Margrét
Harrý og Heimir
Söngvaseiður
Jesús litli
Dóri DNA
Bergur Ebbi
Ari Eldjárn
Jóhann Alfreð
Íslenski dansflokkurinn
Kristjana Stefánsdóttir
Ljótu hálfvitarnir
Sigtið
Jói og Gói
Steindi Jr.
Kolla úr Bítinu

**Rauðu nefin** fást í:

50 HAGKAUP BÓNUS

2 skemmtilegri

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Alvöru 101 beikonslorborgari í Drekanum. Fráhrindandi sjoppa, en best geymda leyndarmál hamborgaramenningar Reykjavíkur.“*

Ómar Örn Ólafsson, framkvæmdastjóri Smart DVD.

# Fjallabræður syngja fyrir heimsbyggðina

„Það er alveg geðveikt að fá að taka þátt í þessu verkefni,“ segir Halldór Gunnar Pálsson í karlakórnum Fjallabræðrum. Kórinn tekur á mánudaginn þátt í risavöxnu, alþjóðlegu (RED) Love-verkefni þar sem fulltrúar frá 196 þjóðum syngja samtímis Bítlalagið All You Need Is Love í beinni útsendingu á netinu. Útsetjari og undirleikari verður kvikmyndatónskáldið Graeme Revell sem hefur samið tónlist fyrir kvikmyndirnar Sin City og The Saint auk sjónvarpsþáttarins CSI Miami. Bein vefútsending verður send til London þar sem straumur frá öllum þátttökuþjóðunum verður klipptur saman í eitt myndband af auglýsingaleikstjóranum Chris Palmer. Hægt verður að skoða útkomuna á síðunni Starbucksloveproject.com. Allur ágóði af verkefninu rennur til baráttu AIDS í Afríku.

Fjallabræður munu hefja upp raust sína við Tjörnina í Reykjavík, fyrir framan Iðnó á slaginu 13.30 á mánudaginn. „Við erum náttúrlega bara mýfluga í þessu. Ég ætla að vona að það verði einhver rafvirki frá Pakistan eða múrari frá Úsbekistan sem taki líka þátt. Við erum bara venjulegir kallar,“ segir Halldór. „Strákarnir eru alveg mígandi spenntir yfir þessu. Það var gaman að fara beint frá útgáfutónleikunum og öllu sem því fylgdi og svo aftur niður á jörðina, inn í æfingahúsnæði og byrja að taka þátt í einhverju svona skemmtilegu.“

Halldór segir þá félaga ekki þurfa á neinni ráðgjöf að halda fyrir verkefnið.

„Ég sagði strákunum að henda textablöðunum því þetta væri ekki flókið. Það kunna allir þetta lag. Það er eldra en flestir í kórnum,“ segir hann og óttast ekkert að verkefnið sé of stórt fyrir Fjallabræður: „Þetta verður ekkert vesen. Þetta verður minnsta mál í heimi og við munum syngja eins og við eigum lífið að leysa.“ - fb



**FJALLABRÆÐUR** Fjallabræður syngja All You Need Is Love í beinni útsendingu á netinu á mánudaginn.



**LÁRÉTT**
**2.** dylja, **6.** guð, **8.** magi, **9.** loga, **11.** verslun, **12.** krafsa, **14.** tappi, **16.** í röð, **17.** ot, **18.** besti árangur, **20.** ekki heldur, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** afl, **3.** skammstöfun, **4.** land í Suðvestur-Asíu, **5.** sigað, **7.** kviknakinn, **10.** eiturlyf, **13.** hljóð rjúpunar, **15.** baklaf á flík, **16.** kerald, **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** fela, **6.** ra, **8.** hít, **9.** eld, **11.** bt, **12.** klóra, **14.** spons, **16.** áb, **17.** pot, **18.** met, **20.** né, **21.** arta.
**LÓÐRÉTT:** **1.** þrek, **3.** eh, **4.** líbanon, **5.** att, **7.** allsber, **10.** dóp, **13.** róp, **15.** stél, **16.** áma, **19.** tt.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Meira en 350 milljónir manna.
2. Þorsteinn Þorsteinsson.
3. Marvin Valdimarsson, Hamri.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Auglýsingasími
512 50 50

EVA MARÍA DANIELS: UMKRINGD STJÖRNUM Í NEW YORK

# FRAMLEIÐIR MYND MEÐ KATIE HOLMES

Eva María Daniels er annar framleiðandi myndarinnar The Romantics með leikkonunni Katie Holmes í aðalhlutverki. Holmes kemur einnig að framleiðslu myndarinnar með Evu Maríu en auk hennar leika þau Elijah Wood, Josh Duhamel og Anna Paquin úr True Blood í myndinni.

„Þetta er fyrsta bíómyndin sem ég framleiði, en hingað til hef ég eingöngu haft yfirumsjón með eftirvinnslu kvikmynda. Þessa dagana er ég að ljúka við Lísu í Undralandi með Tim Burton. Ég hef áður unnið með honum að Sweeney Todd og það er töfrum líkast að sitja með honum og hlusta á hann,“ segir Eva María sem hefur verið búsett í Bandaríkjunum í tæp þrjú ár. Hún nam kvikmyndagerð í Danmörku og flutti þaðan til London þar sem hún starfaði í fimm ár að eftirvinnslu á auglýsingum og kvikmyndum.

The Romantics fjallar um hóp vina sem hittast í fyrsta sinn í tíu ár í brúðkaupi. Brúðguminn er að fara að giftast bestu vinkonu fyrrverandi kærustu sinnar og á brúðkaupsdaginn koma upp ýmis óleyst mál sem vinahópurinn þarf að takast á við. Eva segist lengi hafa sett stefnuna á að framleiða kvikmyndir sjálf en hún hafi ákveðið að taka þetta verkefni að sér þar sem hún hafi heillast af konunum sem stóðu á bak við hana. „Það er mjög sjaldgæft að kvikmyndir séu framleiddar einungis af konum,“ segir Eva María og bætir því við að kvikmyndin sé framleidd utan hinna stóru kvikmyndavera og því hluti af hinum sjálfstæða kvikmyndageira. „Það þýðir að það er lítið um fjármagn. Við fengum Katie Holmes til að taka að sér aðalhlutverkið en það var ekki til nægur peningur til að borga henni fyrirfram þannig í staðinn eignast hún hluta af myndinni og er titlaður framleiðandi,“ útskýrir Eva María.

Aðspurð segir hún mikinn mun vera á því að starfa í eftirvinnslu kvikmynda og því að framleiða þær. Starf eftirvinnslumannsins sé erfitt en vanþakklátt starf. „Ég funda með leikstjóranum og tökumanninum rétt áður en tökur hefjast til að finna ákveðið útlit á myndina. Það sem gerir starfið erfitt er að þessir tveir aðilar geta haft mjög ólíka sýn á tökurnar og þá þurfa eftirvinnslumennirnir að reyna að koma á sáttum. Maður þarf að hafa góðar taugar í þetta starf. Það vegur upp á móti að maður kynnist fullt af skemmtilegu fólki. Ég kynntist til að mynda Jack Nicholson nýlega og fylgdist með honum að störfum í mynd sem ég var að eftirvinna.“ Stefnt er á að The Romantics verði frumsýnd á Íslandi í vor. sara@frettabladid.is



**RÓMANTÍSK MYND**

**Eva María Daniels** framleiðir kvikmyndina The Romantics. Með aðalhlutverk fara **Katie Holmes** og **Anna Paquin** úr sjónvarpsþáttunum True Blood. Myndin gerist í brúðkaupi og segir frá hópi gamalla vina sem þurfa að gera upp gamlar syndir. Elijah Wood og Josh Duhamel fara einnig með stór hlutverk í myndinni sem er eingöngu framleidd af konum. Myndin verður væntanlega frumsýnd á Íslandi í vor.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eins og Fréttablaðið greindi frá í sumar hlaut **Þorvaldur Davíð Kristjánsson,** nemi við leiklistardeild Juilliard-listaháskólans í New York, styrk úr The Robin Williams Scholarship upp á sjö og hálfa milljón íslenskra króna, eða 60 þúsund dollara. Þorvaldur hafði aldrei hitt leikarann þegar hann hlaut styrkinn. Nú hefur hins vegar orðið breyting þar á því samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eyddi Þorvaldur síðastliðnum miðvikudagsmorgni með bandarísku stórstjörnunni.



Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst fór ákaflega vel á með þeim félögum enda **Williams** þekktur fyrir að vera bæði flippaður og fremur klikkaður náungi sem lætur allt gossa þegar síst skyldi. Svo vel náðu Hollywood-stjarnan og Þorvaldur saman að Íslendingurinn stóðst ekki mátið og bauð honum í mat. Ekki þó í New York, enda yrði það eflaust heldur fátæklegur námsmannamatur, heldur á Íslandi ef Robin skyldi einhvern tímann eiga hér leið um.



Og Robin fór auðvitað ekki tómhentur heim því Þorvaldur gaf honum Icelandic Folktales eða Íslenskar þjóðsögur sem ættu að vekja áhuga Robins Williams á þessari furðuþjóð sem trúir víst öll á álfa ef marka má erlenda fjölmiðla. Og til að fullvissa sig um að Robin myndi ekki týnast í óbyggðum landsins fékk leikarinn Ferðahandbók eftir **Ara Trausta.** - ag



# Þór og Danni í heilsuræktina

„Það er lagt upp með að þeir séu komnir á fullt í heilsugeiranum og ætli að hasla sér völl í heilsurækt,“ segir leikarinn og bókaútgefandinn Karl Ágúst Úlfsson. Á teikniborðinu er nú loks kominn vísir að handriti fyrir næstu Líf-mynd og hefur því verið gefið vinnuheitið Heilbrigt líf.

Karl mun skrifa handritið ásamt þingmanninum Þráni Bertelssyni en Gísli Örn Garðarsson verður að öllum líkindum framleiðandi myndarinnar. Karl og Eggert Þorleifsson verða síðan að sjálfsögðu í hlutverkum hinna geðþekku og seinheppnu félaga, Danna og Þórs, en ekki er enn ákveðið hver mun setjast í leikstjórastólinn. Hinar myndirnar þrjár, Nýtt líf, Dalalíf og Löggulíf, nutu allar mikilla vinsælda á níunda áratug síðustu aldar en þær fjölluðu um þá Þór og Danna sem áttu fremur auðvelt með að koma sér í klandur hvar sem þeir drápu niður fæti, meðal annars í fiskvinnslu í Eyjum. Fréttablaðið greindi frá því í nóvember í fyrra að fjórmenningarnir Þráinn, Karl, Eggert og Gísli hefðu hist á fundi og rætt um hugsanlega endurkomu þessa tvíeykis. Þá lá ekki fyrir söguþráður og allt virtist í fremur lausu lofti.

Karl útilokar ekki að þekktu fólki úr heilsuræktarbransanum bregði fyrir í kvikmyndinni og er þar af nógu að taka: Jónína Ben, Björn Leifs í World Class, Gillzenegger og Ágústa Johnson að ógleymdri Lindu Pé.„Fólk hefur náð miklum hæðum í þessu fagi og það er vel líklegt að einhver þeirra komi við sögu í eigin persónu.“ - fgg



**FJÓRÐA MYNDIN VERÐUR TIL Karl Ágúst Úlfsson** og Þráinn Bertelsson skrifa handritið að fjórðu Líf-myndinni sem að öllum líkindum mun gerast innan heilsuræktarbransans. **Gísli Örn Garðarsson** verður framleiðandi en Karl og Eggert Þorleifsson verða að sjálfsögðu Danni og Þór.

Humar 2.000 kr/kg
Skatan er komin!
Vestfirsk Hnoðmör
Stór, pilluð Eldeyjar-rækja
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Hinn eini sanni

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR



er nú í B&L Húsinu Grjóthálsi

## Síðasta helgin - Lækkum verð

Opið í dag föstudag 12 - 18
laugardag 12 - 18
sunnudag 12 - 18

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE · Kaupfélagið · skór.is

ecco · NIKE · adidas · PUMA · hummel

Reebok · BLEND · SKECHERS

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**Áskorun til forseta Íslands:**
**Þjóðaratkvæðagreiðslu um ný Icesave**

**Skrá Sig á www.indefence.is**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sólin skín á Sigurjón

Íslendingarnir 100, sem boðið var til Kanarí af ferðamálaráði eyjanna, komu heim í gærmorgun. Flogið var frá Tenerife með leiguflugvél sem mætti með annan hóp af sólþyrstum Íslendingum áður en hún hélt aftur til Íslands. Á meðal þeirra sem komu með vélinni til Tenerife var **Sigurjón Árnason**, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, sem sagði á sínum tíma að Icesave-reikningarnir væru „tær snilld“. Fyrrverandi þingmaðurinn Guðjón Arnar Kristjánsson var einnig með í för og flúði frostið á Íslandi.
- afb



### Gegn málþófi

Margir hafa orðið til að gagnrýna málþóf. Einn þeirra er Guðlaugur Þór Þórðarson: „En það er algerlega fráleitt og samræmist engum lýðræðishugmyndum að menn geri hvað þeir geti við að beita hreinlega ofbeldi til að koma í veg fyrir að mál sem þeir eru ósammála og eru í minnihluta með komist í gegn.“ Guðlaugur vill nefnilega að lýðræðislega kjörinn meirihluti ráði: „Þetta er fyrir neðan allar hellur og ég hvet stjórnarandstöðuna til að hugsa málið til enda í stærra samhengi því hér er um að ræða hvort lýðræðislegur vilji nái fram að ganga eða ekki. Þetta snýst ekki um efni máls. Þetta snýst um það hvort lýðræðislegur vilji eigi að ná fram að ganga eða ekki.“ Kannski er rétt að geta þess að Guðlaugur sagði þetta árið 2006, í stjórn.
- kóp



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Dómur yfir Lalla Johns mildaður
2. Fimm samvaxnir tvíburar taldir hafa fæðst á Íslandi
3. Ákærður fyrir að stela 120 milljónum – gerir launakröfu upp á 148 milljónir
4. Karlmaður á sjötugsaldri braut gegn 14 ára greindarskertri stúlku
5. Magasin du Nord: Súkkulaðisalan rýkur upp





**Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum**




**HUAWEI U1251**

**Útborgun**

**0 kr.**

1.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.

**1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.**

Verð: 12.000 kr.

**Fullkominn og ótrúlega nettur 3G sími**

Ódýrasti 3G síminn með öllu sem þú þarft. Styður m.a. 3G langdrægt kerfi.

- 3G og 3G langdrægt
- Íslenskt valmynd & innsláttur
- 2 megapixla myndavél
- Flýtihnappur fyrir Facebook og netið



**HUAWEI** U1251
Tveir litir eru í boði.

ENNEMM / SÍA / NM40137

# 3G sími á 12 þúsund, 12 þúsund í inneign, 160 þúsund vinir.

**Skráðu þig á ring.is, fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.**

Stærsti vinahópur á Íslandi

ring

Síminn

Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.